BENEDIKT ÞORGEIRSSON
*Ætlar alveg örugglega aftur til Tyrklands*
ferðir bílar heimili páskar
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




BYGGINGARIÐNAÐUR
*Hjartað slær á háskólatorgi*
Sérblað um byggingariðnað
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




LH HESTAR
*Þeir allra sterkustu í Skautahöllinni*
Sérblað frá Landssambandi hestamannafélaga
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. mars 2008 — 78. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Skólar og heilbrigði hjartans mál



Hundrað ár frá fyrstu tillögu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur í bæjarstjórn.

TÍMAMÓT 28

### Jú-jú hjá babalawo

Einar Már Jónsson fjallar um hvers vegna franska lögreglan þarf á særingamönnum frá Nígeríu að halda.

Í DAG 22

### Pete Best Íslands?



Eggert Kristinsson, fyrsti trommari Hljóma, snýr aftur á Cavern-klúbbinn.

FÓLK 50

### Þór í úrslita-keppnina



Þór frá Akureyri tók lokasætið í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla eftir dramatíska lokaumferð.

ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTUSAMT** Í dag verða suðvestan 8-15 m/s en hvassara á fjöllum. Rigning eða skúrir. Hiti 5-11 stig að deginum.

VEÐUR 4

# Seðlabankinn íhugar að veita bönkum rýmri kjör

**Seðlabankastjóri segir bankann íhuga að veita viðskiptabönkunum rýmri kjör. Bankastjórar vilja ekki tjá sig að svo stöddu. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir viðbrögð Seðlabankans eðlileg.**

**EFNAHAGSMÁL** Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir að í bankanum hafi verið hugað að því að íslensku viðskiptabankarnir fái rýmri kjör hjá Seðlabankanum.

„Ekki í neinum stórum stíl þó. Við höfum átt náin samtöl við forystumenn bankanna, en ekki erum búið að ljúka þeim öllum," segir Davíð sem vill ekki greina nánar frá samskiptum sínum við forystumenn bankanna.

Um þróun gengis íslensku krónunnar undanfarið segir Davíð: „Við töldum það hærra en fengi staðist til lengdar. Við bjuggumst raunar við að lækkunin yrði síðbúnari og hægari."

Davíð segir að viðskiptabankarnir hafi sankað að sér gjaldeyri. „Við vorum hlynntir því. Við vildum ekki að eiginfjárstoðir þeirra veiktust." En um uppruna gengislækkunar segir Davíð þetta: „Við sjáum ekki að þetta hafi verið fyrir tilverknað erlendra aðila, heldur innlendra."

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, og Lárus Welding, forstjóri Glitnis, voru ekki tilbúnir að tjá sig efnislega um aðgerðir Seðlabankans. Fyrst þyrftu tillögurnar að liggja fyrir.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að um allan heim séu seðlabankar að reyna að lána bönkum.

„Mér finnst það því eðlileg viðbrögð að Seðlabanki Íslands sé að þessu leyti að ganga svipaða leið. Vilhjálmur segir eðlilegt að ríkisstjórnin aðhafist ekki sérstaklega því staðan nú staðfesti fyrst og fremst skipbrot peningastefnu Seðlabankans. Það þurfi að endurskoða þá stefnu. „Það er í raun ömurlega staða að gengið skuli sveiflast svona mikið."

- ikh, ovd/sjá síður 4, 6 og Markaðinn



**KVÖLD UNGA FÓLKSINS** Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í fjórtánda sinn í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi. Ungt tónlistarfólk var áberandi á verðlaunapallinum, þar á meðal hljómsveitirnar Sprengjuhöllin og Hjaltalín, sem gáfu báðar út sínar fyrstu plötur á síðasta ári. Hér sést Sprengjuhöllin taka á móti verðlaunum fyrir besta lag ársins 2007, Verum í sambandi. - Sjá nánar bls. 40.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vellir Fjölnis og Þróttar:

## Stúkusæti á öllum völlum

**FÓTBOLTI Landsbankadeildarliðin Fjölnir og Þróttur munu geta tekið á móti gestum á heimavöllum sínum eftir að Reykjavíkurborg gaf grænt ljós á framkvæmdir. Borgin mun sjá um framkvæmdirnar.**

**Um 500 manna stúku verður komið fyrir í Grafarvogi og 600 sætum við Valbjarnarvöll.**

- hbg/sjá síðu 42

Óvenjuleg páskaegg:

## Hringar og símar í páskaegg

**FÓLK** Trúlofunarhringar, heimagerðir málshættir og farsímar verða meðal þeirra hluta sem finna má í páskaeggjum landsmanna. Að sögn páskaeggjaframleiðenda eru þónokkuð margir sem nýta sér páskaeggin til að koma á óvart. „Við fáum svona óskir á hverju ári, að setja bæði hringa og farsíma í eggin. Þetta eru ekki margir en alltaf einhverjir," segir Hannes Helgason hjá Góu.

- fgg/sjá síðu 50

Landvernd kærir ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra:

# Kæra ákvörðun um Bakka

**UMHVERFISMÁL** Landvernd hefur kært til umhverfisráðherra þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að láta ekki meta umhverfisáhrif allra framkvæmda tengdum fyrirhuguðu álveri Alcoa á Bakka við Húsavík saman.

„Það er skoðun Landverndar að sjónarmið umhverfisstjórnvalda og sveitarfélaga eigi að vega þyngra en framkvæmdaaðila og orkufyrirtækja," segir Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

Samtökin krefjast ógildingar á ákvörðun Skipulagsstofnunar. Yfirsýn þurfi yfir framkvæmdirnar í heild til að hægt sé að taka afstöðu til umhverfisáhrifa einstakra framkvæmda, eins og fram kemur í kærunni.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að fulltrúar Landsvirkjunar, Landsnets og Þeistareykja ehf. telji ekki æskilegt að meta áhrifin saman. Meðal annars sé umfangið of mikið, staðan á matsferli framkvæmdanna ólík og framkvæmdaaðilar séu ólíkir.

Umhverfisstofnun var því fylgjandi að framkvæmdirnar yrðu metnar saman. Sveitarstjórnir á svæðinu mæltust til þess að umfjöllun um framkvæmdirnar yrði sameinuð eins og hægt er.

Kæra Landverndar er svipuð kæru samtakanna vegna álvers Norðuráls í Helguvík, en kemur mun fyrr í matsferlinu vegna breyttra vinnubragða Skipulagsstofnunar, segir Bergur.

- bj / sjá síðu 8




Tilboð nr. 2
18"Pönnupizza af matseðli, 4 brauðstangir og 2 l. gos
2690 kr.
sbarro
Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46
www.sbarro.is • sími 517 7750





## SPURNING DAGSINS



*Rakel, er þetta ekki Jónatan-bursti?*

„Hann er líka fínn fyrir Jesper og Kasper.“

Rakel Húnfjörð verslunarstjóri notar Jónatannbursta – tannbursta sem myndar jónir og þarf því ekki á tannkremi að halda.

Segja álver í Helguvík nýta um þriðjung þess sem eftir er af losunarheimildum:

# Alger óvissa um framhaldið

**UMHVERFISMÁL** Um 1,8 milljónir tonna eru eftir af losunarheimildum á koltvísýringi sem úthlutað var síðastliðið haust. Norðurál sótti um 637 þúsund tonna kvóta fyrir álver í Helguvík eða um þriðjung þess sem afgangs er.

Í tilkynningu frá Norðuráli vilja forráðamenn fyrirtækisins leiðrétta þann misskilning að álver í Helguvík hindri framgang annarra verkefna vegna losunarheimilda. „Við viljum benda á að við erum bara að taka þriðjung af þessum kvóta þannig að við útilokum engin önnur verkefni,“ segir Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta hjá Norðuráli.

„Vandamálið er ekki heildarheimildirnar fyrir 2008 til 2012. Heldur ef farið verður fram úr meðaltalsheimildinni á síðasta árinu,“ segir Helgi Hjörvar, formaður umhverfisnefndar Alþingis. Segir hann viðbúið að heimildir Íslands minnki eftir 2012 því iðnríkin þurfi að draga úr sinni losun. „Það kann þess vegna að vera að fyrsti áfangi í Helguvík gæti, eftir þeim lögum sem síðasta ríkisstjórn setti, fengið heimildir fyrsta árið. En það er alger óvissa um framhaldið.“

Ágúst segir áætlað að hefja rekstur álvers í Helguvík seinni hluta árs 2010. Aðspurður hvað gerist eftir 2012 segir Ágúst: „Við vitum ekki meira en aðrir um það en væntum þess að íslensk stjórnvöld tryggi hagsmuni Íslands í þessu máli.“ - ovd



**HELGUVÍK** Forráðamenn Norðuráls áætla að hefja rekstur álvers í Helguvík síðla árs 2010. MYND/ODDGEIR KARLSSON

Heilbrigðisráðherra:

# Flestar fæða í heimabyggð

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrjár af hverjum fjórum konum fæddu á Landspítalanum árið 2006 og langflestar konur fæddu í heimabyggð. Þetta kom fram í svari Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar, þingmanns Framsóknarflokksins.

3.999 börn fæddust á árinu, 3.038 á Landspítalanum, 308 á sjúkrahúsinu á Akureyri, 238 á sjúkrahúsinu Akranesi, 150 á Suðurnesjum og 144 á Selfossi. Annars staðar voru fæðingar mun færri. Einnig kom fram að aðeins 500 konur fæddu utan þess svæðis þar sem þær eiga lögheimili. - jse



**ERU SKILIN AÐ SKIPTUM** Svarta-Petra er nú ástfangin af hvítum svani af holdi og blóði. MYND/NORDICPHOTOS/AFP

Svarta-Petra finnur nýja ást:

# Álft segir skilið við hjólabát

**ÞÝSKALAND** **Svarti svanurinn í Þýskalandi sem komst í heimsfréttirnar fyrir tveimur árum eftir að hafa fellt hug til hjólabáts úr plasti sem er í laginu eins og svanur hefur nú fundið raunverulega ást.**

**Svanurinn sem þýskir fjölmiðlar nefndu Svörtu-Petru varð fræg ásamt hjólabátnum í dýragarði í Berlín þar sem þau eyddu einum vetri saman. Í gær bárust þær gleðifréttir að Svarta-Petra væri nú orðin ástfangin af hvítum svani af holdi og blóði og væru þau í óða önn að útbúa hreiður saman. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að svartir og hvítir svanir geta ekki fjölgað sér en það setur Svarta-Petra ef til vill ekki fyrir sig eftir ástarsamband sitt við hjólabátinn.** - kdk

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók á hús á Akranesi

Ökumaður ók á hús sem hýsir skemmtistaðinn Breiðina á Akranesi í gærmorgun. Var hann fluttur á sjúkrahúsið á Akranesi til aðhlynningar en meiðsl hans voru minni háttar. Er hann grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. Málið er í rannsókn.

# Grunur um mansal við Vesturgötuna

**Matvís hefur tekið tvo Kínverja, sem unnu á The Great Wall á Vesturgötu, undir sinn verndarvæng þar sem þeir hafa ekki fengið greitt samkvæmt samningum. Grunur leikur á að Kínverjarnir hafi komið til landsins í gegnum mansal.**

**VINNUMARKAÐUR** MATVÍS, Matvæla- og veitingafélag Íslands, hefur tekið tvo Kínverja af fimm, sem störfuðu á The Great Wall við Vesturgötu 6-8 í Reykjavík, undir sinn verndarvæng, útvegað þeim atvinnu og húsnæði en talið er að þeir hafi ekki fengið greitt samkvæmt kjarasamningum og verið látnir búa í risi fyrir ofan veitingastaðinn í trássi við reglur. Grunur leikur á að mansal hafi tengst staðnum og hótanir verið notaðar til að þagga niður í fólki.

Níels S. Olgeirsson, formaður MATVÍS, segir að sótt hafi verið um atvinnuleyfi fyrir fimm kínverska matreiðslumenn í fyrra. Gögn um menntun hafi verið í samræmi við kröfur en síðan hafi heyrst að ekki hafi verið greitt samkvæmt samningum.

„Við fórum með túlki á staðinn og gerðum grein fyrir réttarstöðu fólks og létum þýða fyrir okkur launaseðla á kínversku til að sýna. Tveir af þeim sem þarna voru fóru þá að tala við okkur en annars þorði fólkið ekkert að segja. Við ræddum líka við eigendur og framkvæmdastjóra og gerðum þeim grein fyrir leikreglunum og sögðum að launin ættu að fara inn á banka en þeir þóttust hafa borgað fólkinu í peningum,“ segir hann.

Níels óttast að Kínverjarnir hafi komið til Íslands í gegnum mansal, þau hafi borgað fyrir að fá að koma til landsins og þurfi að borga tíund af launum sínum því annars sé „haft í hótunum við fólkið. Þau eiga fjölskyldur heima í Kína og þora varla að hreyfa sig af ótta við að eitthvað komi fyrir,“ segir Níels og telur hugsanlegt að fyrirtækið, eða milligöngumaður, fái allt upp í 10 milljónir fyrir kokkana fimm auk fastagjalds af launum þeirra.

Yngvi Helgason er nýtekinn við framkvæmdastjórastarfi á The Great Wall en móðir hans, Helga Halldórsdóttir, keypti nýverið hlut í staðnum. Yngvi segir að tveir Kínverjar sem hafi rekið staðinn áður hafi farið af landi brott eftir að móðir hans keypti. Þau viti ekkert um fyrri mál staðarins.

Níels segir að Matvís hafi samið við fyrri stjórnendur um að greiða 50-100 þúsund krónur á mánuði á hvorn mann og setjast svo yfir málið í apríl. Vinnumálastofnun og heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafa fylgst með málinu. Útlendingadeild lögreglunnar fékk vitneskju um mál Kínverjanna í haust en ekki gögn um meint mansal fyrr en í vikunni enda er grunur um það nýkominn upp.

ghs@frettabladid.is




**SKOÐAR MÁL KÍNVERSKRA KOKKA** MATVÍS hefur haft mál tveggja af fimm kínverskum kokkum á veitingastaðnum The Great Wall til skoðunar en talið er að Kínverjarnir hafi ekki fengið greidd laun samkvæmt kjarasamningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Þau eiga fjölskyldur heima í Kína og þora varla að hreyfa sig af ótta við að eitthvað komi fyrir.
>
> NÍELS SIGURÐUR OLGEIRSSON FORMAÐUR MATVÍS

Loðnuvertíðinni lokið:

# Engin ný ganga

**SJÁVARÚTVEGUR** **Fimm loðnuskip voru að veiðum út af Snæfellsnesi í gær en engin ummerki sáust um vestangöngu líkt og menn gerðu sér vonir um í fyrradag þegar áhöfnin á Sighvati Bjarnasyni VE fékk um 400 tonn af loðnu sem enn átti nokkuð eftir í hrygningu.**

**„Það er ekkert að hafa og ekkert sem bendir til þess að það sé nokkur loðna hérna,“ sagði Guðmundur Sveinbjörnsson, skipstjóri á Krossey SF. „Við höfum ekki einu sinni kastað.“**

**Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að þar séu menn tilbúnir að fara í rannsóknaleiðangur ef eitthvað bóli á nýjum torfum.** - jse

Kjaradeila á Landspítalanum:

# Ekkert þokast í kjaraviðræðum

**KJARAMÁL** „Ég treysti stjórnendum Landspítalans fyllilega til að taka ákvörðun um þetta mál,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra um deilur sem skapast hafa milli geislafræðinga, svæfingar- og skurðhjúkrunarfræðinga við stjórnendur spítalans vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi sem tók gildi um mánaðamót.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Stór hluti starfsmanna þessara stétta hefur ákveðið að segja starfi sínu lausu og ætlar að láta af störfum frá og með 1. maí. Erla Björk Birgisdóttir, trúnaðarmaður skurðhjúkrunarfræðinga, segir aðeins tvennt í stöðunni, að semja eða setja lög á stéttirnar sem skikka starfsmenn til að vinna þrjá mánuði til viðbótar við uppsagnarfrestinn. - kdk






Lögregla rannsakar meinta kynferðislega misnotkun á 14 til 17 ára drengjum:

# Ökukennari grunaður um misnotkun á sex nemendum

**LÖGREGLUMÁL** Sex drengir á aldrinum fjórtán til sautján ára hafa kært ökukennara í Reykjavík fyrir kynferðislega misnotkun. Umræddur ökukennari er ekki að störfum lengur, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur rannsakað málið undanfarna mánuði og er sú rannsókn á lokasprettinum. Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn staðfesti í gær að rannsókn þessa máls væri á lokastigi og færi innan tíðar til embættis ríkissaksóknara.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru eldri drengirnir að læra á bíl hjá manninum en hinir yngri voru að læra á skellinöðru. Hið meinta athæfi mannsins gagnvart drengjunum stóð yfir um nokkurt skeið. Það var ekki fyrr en að einn drengurinn steig fram og greindi frá meintri misnotkun að málið varð uppvíst og fleiri komu á eftir. Grunur leikur á að maðurinn hafi brotið gróflega gegn að minnsta kosti sumum drengjanna.



**Í UMFERÐINNI** Drengirnir sem kærðu voru í ökukennslu hjá manninum sem nú hefur látið af því starfi.

Að rannsókn lokinni verður málið sent til embættis ríkissaksóknara þar sem tekin verður ákvörðun um hvort maðurinn verður ákærður eður ei. - jss



Opið til 21
í kvöld
miðvikudag
Afgreiðslutími um páskana
skírdagur 13–18
föstudagurinn langi lokað
laugardagur 10–18
páskadagur og annar í páskum lokað
Ævintýraland opnar kl. 13 í dag og á morgun
Sambíóin Kringlunni eru opin alla páskana
Kringlan óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra páska!
www.kringlan.is / skrifstofa 568 9200
Kringlan

## GENGIÐ 18.3.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 77,42 | 77,78 |
| Sterlingspund | 155,91 | 156,67 |
| Evra | 122,37 | 123,05 |
| Dönsk króna | 16,401 | 16,497 |
| Norsk króna | 15,145 | 15,235 |
| Sænsk króna | 12,927 | 13,003 |
| Japanskt jen | 0,7942 | 0,7988 |
| SDR | 127,74 | 128,5 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

157,6591

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslenskir námsmenn erlendis hafa áhyggjur af áframhaldandi þróun gengisins:

# Verða fyrir kjaraskerðingu

**GENGISMÁL** Námsmenn erlendis hafa áhyggjur af þróun gengisins síðustu daga. Samið er um námslán fyrirfram til eins árs en lánin sjálf eru greidd út eftir á. Námslán sem samið var um í haust miðað við gengið þá verða greidd út í júní.

Ef svo fer fram sem horfir geta íslenskir stúdentar erlendis orðið fyrir mikilli kjaraskerðingu því þeir framfleyta sér nú á bankalánum sem þeir tóku í haust. Bankalánin greiða þeir upp þegar námslánin verða greidd út í júní.

Garðar Stefánsson, framkvæmdastjóri SÍNE, segir að gengisþróunin sé heitasta málið hjá félagsmönnum SÍNE. „Þetta bitnar virkilega á kjörum þeirra og margir óttast bókstaflega að fara á hausinn. Útlit er fyrir að gengi krónunnar lækki áfram gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Námslánin rýrast verulega mikið,“ segir hann.



**FRAMKVÆMDASTJÓRI SÍNE** Garðar Stefánsson segir gengisþróunina slæma fyrir námsmenn erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kristján E. Karlsson jarðfræðinemi býr ásamt kærustunni sinni, Þóru Rún Úlfarsdóttur læknanema, í Árósum. Hann segir að þeim lítist ekki vel á þróunina. Þrjátíu prósentum dýrara sé nú að lifa í Danmörku, húsaleiga og matur hafi hækkað mikið en námsmenn verði bara að sníða sér stakk eftir vexti. „Við verðum bara að lifa ódýrara, versla hagstæðar í matinn og kaupa minna. Maður lifir bara einfaldara lífi. Það er þannig sem þetta gengur fyrir sig. Þetta er enginn heimsendir.“ - ghs

Úrskurðarnefnd:

# Hafnar kröfu Ríkisútvarpsins

**FJÖLMIÐLAR** Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafnaði í gær kröfu Ríkisútvarpsins um að gildistöku úrskurðar nefndarinnar frá 11. mars yrði frestað. Í úrskurðinum kom fram að RÚV ætti að veita Vísi aðgang að ráðningarsamningum Þórhalls Gunnarssonar og Sigrúnar Stefánsdóttur dagskrárstjóra á grundvelli upplýsingalaga en þeirri beiðni hafði RÚV hafnað.

Rökstuðningur RÚV um að fresta málinu var að yrði úrskurðinum framfylgt gæti það skaðað samkeppnis- og réttarstöðu en á þau rök féllst úrskurðarnefndin ekki. - kdk



**BARACK OBAMA** Fyrrum prestur hans er talinn hafa skemmt fyrir framboðinu með ummælum um ósætti kynþátta.

Hörð barátta í Bandaríkjunum:

# Obama ræðir kynþáttamál

**FÍLADELFÍA, AP Barack Obama reyndi í gær að gera sem minnst úr ummælum sem prestur hans hafði um samband kynþátta í Bandaríkjunum.**

**Obama, sem á hvíta móður og svartan föður, er ekki vanur að fjalla eins mikið um kynþáttamál og hann gerði í ræðu sinni í gær. Ræddi hann mál eins og þrælahald og uppbyggingu eftir hvirfilbylinn Katrínu. Obama sagði samband hvítra og svartra aldrei geta orðið fullkomið en með hverri kynslóð megi bæta sambandið.** - ovd

Lækkuðu stýrivexti:

# Hlutabréfin hækkuðu

**EFNAHAGSMÁL** Hlutabréf á mörkuðum í Bandaríkjunum hækkuðu í gær eftir að Seðlabanki Bandaríkjanna lækkaði stýrivexti úr 3 prósentum í 2,25. Einnig hafði jákvæð áhrif að fjárfestingarbankarnir Lehman Brothers og Goldman Sachs birtu ársfjórðungsuppgjör sín.

Dow Jones hækkaði um 3,51 prósent. Fór vísitalan upp um 400 stig sem er mesta hækkun á einum degi í fimm ár. Dow Jones hafði hækkað um 420,41 stig í lok dags og stóð í 12.392,66 stigum þegar markaðir lokuðu. Þá hækkaði Nasdaq um 91,25 stig og stóð í 2.268,26 stigum við lokun markaða. - ovd

# Greiðslubyrði íbúðalána eykst um tugi þúsunda

**Mánaðarleg greiðslubyrði af lánum í erlendri mynt hefur hækkað um helming á örstuttum tíma. Sérfræðingur í fjármálum heimilanna ráðleggur fólki að draga saman seglin og láta afborganir lána ganga fyrir.**

**EFNAHAGSMÁL** Greiðslubyrði vegna bílalána og íbúðalána sem tekin voru í erlendri mynt í haust hefur aukist mikið undanfarna mánuði.

Eftir gengisfallið á mánudaginn hefur höfuðstóll bílaláns í japönsku jeni og svissneskum franka sem tekið var í haust hækkað um helming. Miðað við tveggja milljóna króna bílalán til sjö ára var geiðslubyrðin í haust um 31 þúsund krónur á mánuði. Núna, eftir gengisfallið, er höfuðstóll þessa láns rúmar þrjár milljónir og greiðslubyrðin rúmar 48 þúsund á mánuði. Greiðslubyrðin hefur aukist um helming.



**ÁSTA S. HELGADÓTTIR**

Höfuðstóll og greiðslubyrði húsnæðislána í erlendri mynt hafa einnig vaxið. Húsnæðislán upp á 20 milljónir króna sem tekið var til 40 ára í haust stendur í 30,3 milljónum króna eftir gengisfallið á mánudaginn. Greiðslubyrðin nú er 176 þúsund krónur og hefur hækkað um 60 þúsund frá því í haust.

Hans Hjartarson, sérfræðingur hjá Frjálsa fjárfestingabankanum, segir að fólk verði að gera sér grein fyrir því að gengið sveiflist alltaf upp og niður og hafa fjárhagslegt bolmagn til að mæta því. Til lengri tíma litið komi erlendu lánin betur út en innlend lán því fólk borgi minna til baka í erlenda láninu þar sem vextirnir séu lægri.



**GRAFARHOLT** Greiðslubyrði húsnæðislána í erlendri mynt hefur hækkað gífurlega. Ásta S. Helgadóttir forstöðumaður Ráðgjafarmiðstöðvar heimilanna, hvetur fólk til að skera fremur niður útgjöld en lenda í vanskilum með lán sín.

Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, segir að greiðslubyrðin hafi hækkað gífurlega en vonandi snúist þróunin við. „Hættan eru þessar skyndilegu gengissveiflur. Það er spurning hvort fólk hafi almennt búið sig undir þær. Það skýrist kannski um næstu mánaðamót þegar greiðsluseðlarnir koma,“ segir hún.

Ásta bendir á að gengisbreytingarnar hafi mikil áhrif á heimilin í landinu. Með almennum verðhækkunum hækki neysluvísitalan og þá hækki verðbólgan líka. Þannig verði keðjuverkun.

„Fyrsta ráðið og kannski auðveldast er að skera niður útgjöld þannig að fólk lendi ekki í vanskilum. Fólk þarf að draga saman seglin og spara í öðrum útgjaldaliðum til að borga af lánunum. Þau eiga að njóta forgangs,“ segir hún.

Ásta ráðleggur fólki að skoða skuldasamsetninguna, sérstaklega þeim sem ráða ekki lengur við mánaðarlega greiðslubyrði. „Það versta sem maður gerir er að komast í vanskil og safna dráttarvöxtum. Fólk þarf að endurskipuleggja fjármálin ef það er komið í erfiðleika,“ segir hún og bendir á að þótt blikur séu á lofti núna þá geti gengið ekki endalaust fallið.

ghs@frettabladid.is

### HÚSNÆÐISLÁN

**Tekið í japönsku jeni og svissneskum franka í haust til 40 ára**

| Höfuðstóll í haust | Höfuðstóll á mánudag | Greiðslubyrði á mánuði í haust | Greiðslubyrði á mánuði á mánudag |
|---|---|---|---|
| 20 milljónir | 30.303.335 | 116.216 krónur | 176.422 |

### BÍLALÁN

**Tekið í japönsku jeni og svissneskum franka í haust til sjö ára**

| Höfuðstóll í haust | Höfuðstóll á mánudag | Greiðslubyrði á mánuði í haust | Greiðslubyrði á mánuði á mánudag |
|---|---|---|---|
| 2 milljónir | 3.030.833 | 31.002 | 48.207 |




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**ÞAÐ ER VORHRET Á GLUGGA...**
Það er þetta með morgundaginn. Vindur snýst í nótt til hvassrar norðan áttar með töluverðri ofankomu á norð-an og austanverðu landinu. Má búast við stórhríð á heiðum nyrðra og eystra. Það lægir seint á morgun og þá skánar ferðaveðrið. Já bakslag í vorkomunni.



**Á MORGUN** Víðast hvassviðri eða stormur. Lægir síðdegis.

**FÖSTUDAGUR** Hæg vestlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Billund | 4° |
| Ósló | 5° |
| Stokkhólmur | 0° |
| Gautaborg | 2° |
| London | 9° |
| París | 8° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Berlín | 3° |
| Alicante | 18° |
| Mallorca | 15° |
| Basel | 7° |
| Eindhoven | 8° |
| Las Palmas | 20° |
| New York | 10° |
| Orlando | 30° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Gleðilega páska



Sérvalið
**smjörsprautað kalkúnaskip**

Veldu kalkúnaskip um páskana!



**Hamborgarhryggur Hagkaupa**
- saltminni og þarf því ekki að sjóða




**Páskalamb**
- marinerað í ólífulíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk




**Fyllt lambalæri** að hætti Jóa Fel
- fyllt með piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum og kryddjurtum




**Andabringur**
- frá Frakklandi

Jói FEL



**Jóa Fel kalkúnafylling**
fullkomnar kalkúninn!



**Páskaöl**
- þetta eina sanna!




**Jói Fel brauðrúllur**
- tilbúnar beint í ofninn




**Skafís**
- ljúfengur Skafís um páskana

OPIÐ til 20 alla daga

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

KJÖRKASSINN



*Skaðar dómurinn yfir Hannesi Hólmsteini trúverðugleika Háskóla Íslands?*

| | |
|---|---|
| Já | 56,4% |
| Nei | 43,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að fara í ferðalag um páskana?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Forsætisráðherra segir gengishrunið ekki gefa tilefni til að endurskoða peningastefnuna:

# Hröpum ekki að ákvörðunum

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin ætlar ekki að aðhafast neitt sérstaklega þó að gengi íslensku krónunnar hafi lækkað mikið síðustu daga. Geir H. Haarde forsætisráðherra upplýsti það eftir ríkisstjórnarfund í gærmorgun.

„Við teljum ekki tilefni til þess eins og sakir standa en við erum auðvitað í góðu sambandi við Seðlabankann,“ sagði Geir. „Það verður líka að hafa í huga að fjármálastraumarnir sem fara á milli landa taka ekki við fyrirmælum frá ríkisstjórnum, hvorki okkar né annarra.“

Geir segir að rekja megi vandann nú til ástandsins á alþjóðlegum mörkuðum og því sé ekki tilefni til að endurskoða peningastefnuna. „Við megum ekki hrapa að ákvörðunum um breytingar í ljósi tímabundinna vandamála sem skapast annars staðar.“ Engin ástæða sé til endurskoðunar flotgengisstefnunnar en rétt sé að hafa augun opin.

Geir var spurður hvort endurskoðun gjaldmiðilsmála væri fýsileg í ljósi ástandsins nú. Hann sagði það langtímamál sem skammtímamál mættu ekki trufla.

Ríkisstjórnin hefur ekki látið meta áhrif gengislækkunarinnar á þjóðarbúið. **- bþs**



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra telur ekki tilefni til sérstakra aðgerða í efnahagsmálum en segir stjórnvöld í góðu sambandi við Seðlabankann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breytileg skuldabréf:

## Útgáfu lokið á óvissutíma

**VIÐSKIPTI** Glitnir hefur lokið sölu á breytanlegum skuldabréfum fyrir 15 milljarða króna. Eftir fimm ár breytast skuldabréfin í hlutafé í bankanum.

Eftirspurn í útboðinu er sögð góð í tilkynningu en bréfin voru seld innlendum fagfjárfestum. Útgáfan og hækkun hlutafjárins er háð samþykki sérstaks hluthafafundar sem boðað hefur verið til í dag. Lárus Welding, forstjóri Glitnis, er ánægður með niðurstöðu útboðsins, enda hafði því verið lokað „á miklum óvissutíma á fjármálamörkuðum“ sem endurspegli traust fjárfesta á starfi og skuldaraáhættu Glitnis. **- óká**

Fyrirspurnin kom á óvart:

## Ólafur dró ummælin til baka

**STJÓRNMÁL Í upphafi borgarstjórnarfundar í gær kvaddi Ólafur F. Magnússon, borgarstjóri sér hljóðs til að draga til baka fyrri ummæli sín um Óskar Bergsson, borgarstjórnarfulltrúa Framsóknarflokksins.**



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

**Ummælin lét Ólafur falla um Óskar á fundi borgarstjórnar 4. mars síðastliðinn og voru þau á þá leið að borgarstjórn setti niður með nærveru Óskars. Hafði Óskar beint fyrirspurn til borgarstjóra sem varðaði aðkomu aðstoðarmanns hans að deiliskipulagsvinnu við Laugaveg.**

**Í ræðu sinni í gær sagði Ólafur að á fundinum hefðu fallið orð sem hefðu betur verið látin ósögð.** **- ovd**

Fjölskylduhjálp Íslands:

## Úthlutar til um 200 fjölskyldna

**HJÁLPARSTARF** Um 200 fjölskyldur höfðu í gær sótt um páskaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands sem fer fram í dag. Af nógu verður að taka því gefendur hafa verið afar rausnarlegir. „Við höfum fengið 200 hamborgarhryggi frá Esju kjötvinnslu, 200 pakkningar af kjötbúðingi frá Kjarnafæði sem settur verður með páskamatnum, 2.000 brúnegg frá Brúneggjum, ís frá Kjörís, páskaöl frá Ölgerðinni og svona get ég lengi talið,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands. Þar að auki hafa verið keyptir um 200 lítrar af mjólk og meðlæti með páskamatnum.

Hún gerir ráð fyrir að um 20 sjálfboðaliðar vinni við úthlutunina í dag. **- jse**

# Stjórnarandstaðan átelur aðgerðaleysið

**Þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna furða sig á að stjórnvöld ætli ekki að bregðast við stórfelldu gengisfalli krónunnar. VG og Framsókn telja mikilvægt að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Frjálslyndir óttast að störf geti tapast.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnarandstaðan sakar ríkisstjórnina um sinnuleysi og furðar sig á að hún ætli ekki að grípa til aðgerða vegna gengishruns krónunnar. Áhrifin séu með þeim hætti að ekki sé hægt að sitja aðgerðalaus hjá.

„Við siglum inn í mestu hræringar sem við höfum upplifað lengi,“ segir Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna. „Það þarf að ná tökum á verðbólgunni og lækka vextina og það gerist ekki með því að gera ekki neitt.“

Árni segir mikilvægt að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, það sé hægt með skuldabréfaútgáfu sem um leið geti aukið sparnað. Svo sé það áleitin spurning hvort bankinn eigi ekki að hefja vaxtalækkunarferli þar sem vaxtastefnan hafi mistekist. Hann hafnar hins vegar auknum stóriðjuframkvæmdum til að örva hagkerfið.

Magnús Stefánsson Framsóknarflokkur tekur undir með Árna og þeim hagfræðingum sem bent hafa á mikilvægi þess að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Slíkt snúi ekki stöðunni við á punktinum en með því sýni stjórnvöld þó einhverja tilburði og sendi frá sér mikilvæg skilaboð út á markaðinn. Magnús segir ástandið verða erfiðara eftir því sem tíminn líður. Og þótt hann boði ekki heimsendi sé ástæða til að hafa þungar áhyggjur. „Það er full ástæða til að hvetja fólk til að fara varlega í peningamálum því þetta mun bíta á budduna,“ segir hann. Magnús segir krónuna sannarlega hafa verið of sterka en hruninu núna fylgi gríðarlegt högg, ekki síst þegar stýrivextir eru jafn háir og raun ber vitni.



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Árni Þór Sigurðsson og Magnús Stefánsson telja mikilvægt að gjaldeyrisforði Seðlabankans verði aukinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**JÓN MAGNÚSSON**



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**



**MAGNÚS STEFÁNSSON**

Hann bendir líka á hve haldlítil rök þeirra eru sem segja mikilvægt að halda krónunni svo Íslendingar hafi einhverja stjórn á efnahagsmálum. Nú komi á daginn að menn hafi enga slíka stjórn.

Jón Magnússon, Frjálslynda flokknum, segir mikilvægt að gæta þess að hjól atvinnulífsins stöðvist ekki, eða störfum fækki og fólki verði sagt upp. Hann eigi hins vegar erfitt með að benda á eitthvað sérstakt sem gera ætti þar sem stjórnarandstaðan hafi ekki sama aðgang og stjórnin að nákvæmum upplýsingum. „En öll teikn á lofti eru neikvæð og það verður að grípa til yfirvegaðra aðgerða svo ekki fari illa.“

**bjorn@frettabladid.is**

Framkvæmdastjóri ASÍ:

## Skapar varla ró að gera ekkert

**EFNAHAGSMÁL Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, furðar sig á því að ríkisstjórnin hafi ekki tilkynnt um neinar aðgerðir á þeim vanda sem við blasir í efnahagslífinu.**

**Um ummæli Geirs H. Haarde forsætisráðherra í gær segir Gylfi: „Ég átti að minnsta kosti von á tíðindum sem væru líkleg til að skapa ró á fjármálamörkuðum en blaðamannafundurinn sýndi að það er ekkert á borðinu og ég veit ekki alveg hvort það hafi dugað til að skapa ró.“ Hann segir að eitt af því versta sem gerst gæti væri að samdráttur í efnahagslífi myndi samtvinnast við fjármálaóstöðugleika. „En einhvern veginn finnst okkur nú að við séum tekin að reka á þeim feigðarósi.“** **- kdk**

Falasteen Abu í borgarstjórn:

## Tungan er lykill að samfélaginu

**STJÓRNMÁL** Falasteen Abu Libdeh, Samfylkingunni, tók sæti í borgarstjórn Reykjavíkur í gær. Er hún fyrst innflytjenda til að setjast í borgarstjórn en Falasteen fæddist í Jerúsalem og fluttist sextán ára til Íslands.



**FALASTEEN ABU LIBDEH**

Í ræðu sinni fjallaði hún um móttöku innflytjenda. Sagði hún íslensku vera lykil að samfélaginu en hana hafi hún lært af góðum vinum sem kenndu henni. „Það eru ekki allir það heppnir að eignast íslenska vini. Þess vegna þarf skólinn og samfélagið að bera ábyrgð á því að þeir sem hingað flytjast fái tækifæri til þess að læra íslensku,“ sagði Falasteen í ræðu sinni. **- bþs**


GOTT UM PÁSKANA

STÓR HUMAR

Humarsúpa prinsins

Tígrisrækjur • Stór hörpudiskur

HAFIÐ FISKIPRINSINN

*Þú getur alltaf treyst á prinsinn*

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi

s: 554 7200 • www.hafid.is


Uppsagnir á Leikskólanum Sjónarhóli:

# Starfsmenn fara og foreldrar flytja börnin í aðra leikskóla

**DAGVISTUN** Fimm starfsmenn á Leikskólanum Sjónarhóli í Grafarvogi hafa sagt upp og munu hætta störfum 16. apríl næstkomandi. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólasviði Reykjavíkurborgar er ástæðan fyrir uppsögnunum ágreiningur um stjórnun skólans og er unnið að fullum þunga að ráðningu nýs starfsfólks svo að sem minnst röskun verði á leikskólastarfinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ástandið valdið óöryggi hjá nokkrum foreldrum sem hafa ákveðið að flytja börn sín í aðra leikskóla.

Þeir sem hafa sagt upp eru textílhönnuður, faglærður leikskólakennari, faglærður grunnskólakennari, aðstoðarleikskólakennari og síðan starfandi leikskólastjóri. Þeir munu hætta störfum sama dag og Bergljót Jóhannsdóttir, ráðinn leikskólastjóri, kemur aftur til starfa eftir leyfi.

Þeir sem hverfa frá munu vinna greinargerð um hluta þess sem ágreiningurinn snýst um og verður hún síðan send leikskólaráði og skrifstofustjóra leikskólasviðs Reykjavíkurborgar.



**LEIKSKÓLINN SJÓNARHÓLL** Fimm starfsmenn hafa sagt upp í leikskólanum og nokkrir foreldrar hafa afráðið að flytja börn sín í aðra skóla vegna ástandsins.

Pláss er fyrir 64 börn á Sjónarhóli en þar eru nú 55 börn í vistun. **- jse**

# Gleðilega páska!



1\. FLOKKUR

TILBOÐ

**Páskaliljur**
10 stk.
**895kr**

**Opnunartími**
**yfir páskana**

Skírdagur: 10.00 - 21.00
Föstudagurinn langi: Lokað
Laugardagur: 10.00 - 21.00
Páskadagur: Lokað
Annar í páskum: 10.00 - 21.00



80+ GERÐIR

**VORLAUKAÚRVALIÐ**
**YFIR 80 GERÐIR AF DALÍUM**

WWW

Sjáið nýjustu myndir af brúðkaups- og rósasýningunni á www.gardheimar.is

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is



MEISTARANÁM
VIÐ LAGADEILD
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- Rannsóknartengt meistaranám til ML-gráðu.
- Reiknað er með að námið taki tvö ár.
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Markmið námsins er að þjálfa og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.

Umsóknarfrestur um inngöngu í meistaranámið haustið 2008 er til og með 31. mars.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0495


Líkfundarmaður dæmdur í Hæstarétti fyrir að rjúfa endurkomubann:

# Malakauskas fékk 16 mánuði

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Litháann Tomas Malakauskas í 16 mánaða fangelsi. Þar með var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjaness yfir honum. Maðurinn var dæmdur fyrir að rjúfa endurkomubann til tíu ára er hann kom til landsins síðastliðið haust. Hann var með 26 grömm af amfetamíni þegar hann var handtekinn.

Malakauskas, sem nú hefur tekið upp annað eftirnafn, Arlauskas, átti 419 daga eftir af afplánun dóms sem hann hlaut fyrir þátttöku í svokölluðu líkfundarmáli í Neskaupstað 2004. Þá faldi hann ásamt tveimur öðrum líkið af Vaidas Jucevicius í höfninni í Neskaupstað með 400 grömm af amfetamíni innvortis. Hann fékk reynslulausn þegar hann átti 14 mánuði eftir af fangelsisdómnum í líkfundarmálinu. Hann hins vegar rauf þessa reynslulausn með því að koma hingað til lands og verður því að afplána þá 14 mánuði sem hann átti eftir af fyrri dómi. Fram kom við réttarhöldin yfir Malakauskas að hann hefði verið hér á landi mikinn hluta síðastliðins árs. Þegar tekið var mið af sakaferli taldi héraðsdómur rétt að dæma Tomas í 16 mánaða fangelsi. Hann hefur verið í farbanni síðan héraðsdómur dæmdi í máli hans í desember. - jss



**TOMAS MALAKAUSKAS** Mætti fyrir Héraðsdóm Reykjaness síðla á síðasta ári.



**BAKKI** Í febrúar var það mat Alcoa að tveir til þrír mánuðir væru í að ákvörðun um það hvort álver yrði reist á Bakka við Húsavík yrði tekin. MYND/ÚR SAFNI

# Niðurstaðan vegna álvers á Bakka kærð

**Landvernd hefur kært ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki þurfi að gera eitt umhverfismat vegna allra framkvæmda tengdum hugsanlegu álveri á Bakka við Húsavík. Eitt mat ekki gerlegt að mati Landsvirkjunar og Þeistareykja.**

**UMHVERFISMÁL** Landvernd hefur kært ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismat vegna álvers á Bakka við Húsavík til umhverfisráðherra. Skipulagsstofnun ákvað í febrúar að ekki þyrfti að meta umhverfisáhrif álvers, virkjana, raflína og hafnarmannvirkja í einni skýrslu.

„Það er skoðun Landverndar að sjónarmið umhverfisstjórnvalda og sveitarfélaga eigi að vega þyngra en framkvæmdaaðila og orkufyrirtækja,“ segir Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum segir að þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd háðar hver annarri séu fyrirhugaðar á sama svæði geti Skipulagsstofnun ákveðið að umhverfisáhrif verði metin sameiginlega.



**BERGUR SIGURÐSSON** Framkvæmdastjóri Landverndar.

Fram kemur í áliti Skipulagsstofnunar að fulltrúar Umhverfisstofnunar hafi talað fyrir því að framkvæmdirnar yrðu metnar saman. Sveitarstjórnir lögðu áherslu á að sameina og samræma umfjöllun um þessar tengdu framkvæmdir.

Fulltrúar Landsnets, Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. voru andsnúnir því að framkvæmdir yrðu metnar saman. Raunar mátu þeir það svo að slíkt væri ekki gerlegt vegna umfangs, ólíkrar stöðu í matsferli, ólíkra framkvæmdaraðila og ráðgjafa, og ólíkra áhersluþátta í matinu.

Fulltrúar iðnaðarráðuneytisins voru einnig mótfallnir sameiginlegu mati. Bentu þeir á að ekki hefði verið ákveðið hvort álver yrði reist á Bakka, en jarðhitasvæðin yrðu virkjuð hvort sem álver rísi eða ekki.

Af hálfu Alcoa kom fram að enn væru tveir til þrír mánuðir í að hægt yrði að ákveða hvort og hversu stórt álver rísi á Bakka. Ákvarðanir fyrirtækisins ættu ekki að hafa áhrif á gang mála varðandi virkjanir og orkuflutning, notandinn gæti orðið annar en Alcoa.

brjann@frettabladid.is

Vinnulagi Skipulagsstofnunar breytt í kjölfar kæru Landverndar vegna Helguvíkur:

# Ákvörðun snemma á ferlinu

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun hefur breytt vinnubrögðum við undirbúning umhverfismats fyrir stórar framkvæmdir, og tekur hér eftir ákvörðun snemma um hvort meta eigi umhverfisáhrif tengdra framkvæmda saman.

„Að fenginni reynslu þykir rétt að hafa þetta skýrt,“ segir Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins. Þetta verklag verði væntanlega fyrirmynd þegar komi að margþættum framkvæmdum.

Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir jákvætt að kæra samtakanna hafi leitt til bætra vinnubragða.

Þegar fjallað var um umhverfismat vegna álvers í Helguvík var ekki fjallað sérstaklega um lagagrein sem heimilar Skipulagsstofnun að láta meta umhverfisáhrif tengdra framkvæmda saman. Landvernd kærði því lokaálit Skipulagsstofnunar til ráðherra, sem hyggst úrskurða í málinu fyrir lok mars.

Skipulagsstofnun fjallaði hins vegar sérstaklega um þennan möguleika vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka við Húsavík, með samráði við hagsmunaaðila. Ákveðið var 13. febrúar að ekki þyrfti að meta áhrif tengdra framkvæmda saman.

„Við viljum að það sé skýrt hvenær ákvörðun er tekin, það kemur ekki fram í lögum hvenær þetta skuli gert og hvernig. Að fenginni reynslu fannst okkur rétt að gera þetta strax á matsáætlunarstiginu,“ segir Stefán.

Þannig sé hægt að kæra þessa ákvörðun sérstaklega til umhverfisráðherra, í stað þess að bíða þurfi endanlegs álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat. - bj

### UMDEILT ÁKVÆÐI

**Í 2. málsgrein 5. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum segir:**

„Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.“

BMW 3 línan

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

BMW 3 Series Sedan, BMW 3 Series Touring, BMW M3 Coup ,
BMW 3 Series Coup , BMW 3 Series Convertible
4-cylinder in-line petrol engine, 4-cylinder in-line diesel engine,
6-cylinder in-line diesel engine, 8-cylinder V engine, 6-cylinder in-line petrol engine
six-speed manual gearbox, six-speed automatic transmission with Steptronic
M sports suspension
xDrive all-wheel drive, Active Steering, High-beam assistant
Park Distance Control, Xenon headlight for low and high beam including
four parking light rings, Adaptive Headlights,
Light alloy wheels double spoke style, Light alloy wheels star spoke style,
Light alloy wheels radial spoke style, Light alloy wheels ellipsoid spoke style,
Leather sports steering wheel,
Active Cruise Control, Navigation system Business, Navigation system Professional,
Automatic air conditioning, Auxiliary heating,
Climate comfort windscreen, HiFi System Professional LOGIC7, HiFi loudspeaker system, Radio BMW
MD Drive, DAB-Tuner, USB/audio interface, Preparation for mobile phone with Bluetooth interface, BMW Assist, BMW Online,
Seat heating, Sports seat, , Glass sliding/vent roof,
Ski bag, High-gloss Satin Chrome, Advantage package, Comfort package, Exterior mirrors package, Innovations pack-
Luggage compartment package, M sports package,
Foot mats in velour, Headliner in Anthracite
Upholstery Dakota leather
Interior trim Brushed Aluminium/fine grain, Interior trim Burr Walnut wood trim, Interior trim Poplar Grain
Upholstery Cloth/leather combination, BMW Assist, BMW Online, MD Drive, Ski bag,
BMW Assist, six-speed manual gearbox,
Ski bag, Metallic paint

# BMW 3 línan.
# Margir valkostir.
# Einfalt val.




## BMW 3 línan.

Áttu erfitt með að taka ákvarðanir? Kostirnir í stöðunni eru jafn margir og þeir eru áhugaverðir. Margar mismunandi gerðir, ólíkar vélarstærðir og margs konar búnaður allt eftir því hvað hentar þér. Þá eru ótaldir þeir fjölmörgu aukahlutir sem standa til boða ásamt ótal litum og ólíku efnisvali. En auðveldasta ákvörðunin er jafnframt sú fyrsta sem þú tekur, að velja BMW 3-línuna. Komdu í heimsókn til okkar að Grjóthálsi 1 og upplifðu t.d. BMW 3-series Exclusive og Sport línuna af eigin raun!

**BMW 3 lína Exclusive**
Málmlakk, 17“ álfelgur, sjálfskipting, leðurinnrétting, hiti í framsætum, leðurklætt sportstýri, aðgerðastýri, fjarlægðarvari að aftan, geymslupakki, skriðstillir, regnskynjari, þokuljós og Professional útvarp.

**BMW 3 lína Sport**
Málmlakk, 17“ M-álfelgur, sjálfskipting, geymslupakki, hiti í framsætum, M-leðurstýri, állistar í innréttingu, sportsæti, M-vindkljúfasett, M-sportfjöðrun, Satin Chrome gluggalistar, Alcantara innrétting og svört loftklæðning.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

Með bílinn handa þér




Dómsmálaráðherra segir stefnumótun um læknisþjónustu fanga brýna:

# Meðferðardeild í fangelsið í forgang



**LITLA-HRAUN** Forstjóri Fangelsismálastofnunar segir öfluga meðferðardeild fyrir fanga forgangsverkefni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FANGELSISMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra heimsótti fangelsið á Litla-Hrauni á mánudag og ræddi þar framtíðaruppbyggingu fangelsisins ásamt Páli Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar, Margréti Frímannsdóttur, forstöðumanni Litla-Hrauns, og öðrum starfsmönnum fangelsisins og ráðuneytis. Eftir fundinn ritaði Björn á heimasíðu sína að hann teldi brýnt að stefna um læknis- og meðferðarþjónustu fanga yrði mótuð í samvinnu dómsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis líkt og þegar hefur verið gert um menntunarmál fanga í samvinnu menntamálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

„Þessi mál eru á forræði dómsmálaráðuneytis en ég mun taka hugmyndum þeirra og allri málaleitan í tengslum við þetta vel,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra um hugmyndir dómsmálaráðherra.

Rúmlega sjötíu prósent fanga á Litla-Hrauni mældust með fíkniefni í blóði í úttekt Fangelsismálastofnunar seint á síðasta ári. „Það er forgangsverkefni að koma á fót öflugri meðferðardeild fyrir fanga og auka þar með möguleika þeirra á að komast út úr fíkniefnaneyslu. Mun líklegra er að þeir gerist ekki brotlegir aftur er afplánun lýkur, hafi þeir látið af neyslu fíkniefna,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. **- kdk**




**NÝTT HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Yfirlit yfir spítalasvæðið eins og dönsku og norsku hönnuðirnir leggja til að það verði. Legudeildirnar eru í krossunum sem liggja á hvolfi út frá tengibyggingunni. Legudeildirnar verða sólríkar og bjartar en bráðamóttakan er skipulögð að bandarískri fyrirmynd og þar eru gerðar minni kröfur um dagsbirtu.

# Bíða leyfis til að hefja endanlega hönnun

**Frumhönnun nýs háskólasjúkrahúss liggur fyrir. Töluverðar breytingar eru gerðar. Legudeildaálmur eru tveir krossar og vegalengdir styttast. Bráðamóttaka er að bandarískum hætti með minni dagsbirtu en annars staðar.**

**FRAMKVÆMDIR** Dansk-norskt hönnunarteymi hefur skilað af sér skýrslu um frumhönnun nýs háskólasjúkrahúss. Skýrslan tekur til starfsemi LSH, heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Beðið er leyfis ráðuneyta til að hefja endanlega hönnun. Staðið verður fyrir samkeppni um hönnunina þegar samþykki ráðuneytanna liggur fyrir.

Einstaka deildir hafa verið unnar ítarlegar en venja er á þessu stigi undirbúnings. Gerðar hafa verið töluverðar breytingar á skipulagi sjúkrahússins. Legudeildarálmur verða tvær á sjö hæðum hvor í stað fjögurra deilda áður. Legurýmum hefur þó ekki fækkað. Álmurnar eru skipulagðar sem tveir krossar á hvolfi og styttast vegalengdir verulega með því.

Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri verkefnisins, segir að frá legudeildunum sé stutt að fara frá miðjunni þar sem þjónustan sé. „Gangarnir eru ekki langir. Við erum að tala um þrjár þyrpingar með níu rúmum hver og svo er hjúkrunarstöð inni í hverri þyrpingu. Á nóttunni er hægt að draga þyrpingarnar saman og vera með eina sameiginlega hjúkrunarstöð í miðjunni. Með þessu móti losnum við við langa sjúkraganga. Vegalengdirnar verða styttri,“ segir hann.

Norðanmegin við tengiálmuna er meðferðar- eða bráðakjarni með skurðstofum og bráðamóttöku og þar gætir minni dagsbirtu en annars staðar á spítalanum. Ingólfur segir að fyrirmyndin sé bandarísk. „Sjúkrahús í Bandaríkjunum eru miklu breiðari byggingar en í Evrópu og minna lagt upp úr dagsbirtu. Í verkefninu er gegnum gangandi að öll rými njóti dagsbirtu en í bráðarýminu viljum við fá starfsemina sem þéttasta og þar höfum við orðið að gefa aðeins eftir í kröfu um dagsbirtu í einstökum rýmum til að fá sem best skipulag og flæði inn í bráðamóttökuna.“

Rannsóknastofur spítalans og Háskólans verða í byggingu sem liggur á mörkum spítalans og háskólans vestast á spítalasvæðinu.

Vestan við þær eru bygging Háskóla Íslands og Rannsóknastöð HÍ í meinafræði. Austan við aðalinngang verða dag- og göngudeildir.

**ghs@frettabladid.is**




Þrjátíu dómþolar við vinnu úti í samfélaginu á einum og sama deginum:

# Metdagur í samfélagsþjónustu

**FANGELSISMÁL** Met varðandi fjölda einstaklinga er afplána fangelsisrefsingu í samfélagsþjónustu var slegið í gær.

Þá voru nær 30 einstaklingar að vinna í samfélagsþjónustu víða um landið á einum og sama deginum. Í heildina eru rúmlega 100 manns í samfélagsþjónustu á hverjum tíma. Fjölgun einstaklinga sem afplána fangelsisrefsingu í samfélagsþjónustu er í samræmi við áherslur fangelsisyfirvalda að leita leiða til að fullnusta fangelsisrefsingar utan fangelsa, þó þannig að öryggi almennings sé tryggt og almenn og sérstök varnaðaráhrif refsinga nái fram að ganga.

„Oftast mæta dómþolar einu sinni í viku eða hálfsmánaðarlega, í fjóra tíma í senn,“ segir Halldór Valur Pálsson stjórnmálafræðingur, sem hefur umsjón með samfélagsþjónustu hjá Fangelsismálastofnun ríkisins. „Það vinnur enginn minna en 40 stundir í samfélagsþjónustu á tveggja til þriggja mánaða tímabili. Þetta getur því dreifst býsna mikið hjá okkur yfir tímabilið þannig að það kannski mæta tíu til tólf einstaklingar í senn á hverjum degi. En að þessu sinni mættu þrjátíu dómþolar á einum degi.“ **- jss**

Umferðar- og hraðaeftirlit:

## Hraðakstur í Hafnarfirði

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan myndaði brot tólf ökumanna í Flatahrauni og ellefu ökumanna á Hraunbrún í Hafnarfirði á mánudaginn.**

**Er eftirlit á þessum stöðum hluti af sérstöku umferðar- og hraðaeftirliti í og við íbúðargötur. Unnið er eftir ábendingum frá starfsmönnum svæðisstöðva lögreglunnar. Að þessu sinni var ómerkt lögreglubifreið með myndavélabúnaði staðsett á Flatahrauni og á Hraunbrún. Reynsla lögreglunnar hefur sýnt að notkun slíks búnaðar gefur gagnlegar upplýsingar um ástand umferðarmála og auðveldar leit að lausnum.** - ovd

Skýrsla framkvæmdastjóra flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna kynnt í gær:

# Metfjöldi flóttamanna frá Írak

**BRUSSEL, GENF, AP** Metfjöldi flóttamanna frá Írak sótti um hæli í Evrópusambandslöndum og Bandaríkjunum í fyrra þrátt fyrir að dregið hafi úr átökum í landinu.

Um 338 þúsund manns sóttu um hæli á Vesturlöndum í fyrra en af þeim komu um 45 þúsund frá Írak. Íröskum hælisleitendum í Evrópusambandslöndunum fjölgaði úr 19.375 árið 2006 í 38.286 í fyrra. Kemur þetta fram í skýrslu framkvæmdastjóra flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem gefin var út í gær. Írakar eru nú orðnir stærsti hópur flóttamanna sem sækir um hæli í löndum Evrópusambandsins þar sem næstum einn af hverjum fimm sem sóttu um hæli í Evrópu á síðasta ári kom frá Írak.

Um 17 þúsund Írakar fluttust til Bandaríkjanna í fyrra. Í skýrslunni er varað við því að fjöldi íraskra hælisleitenda sé farinn að nálgast það sem hann var árið 2002, ári áður en stjórn Saddams Hussein var steypt af stóli. Þá var fjöldi íraskra flóttamanna rúmlega 52 þúsund.

Þrátt fyrir þessar háu tölur hafa flestir íraskir flóttamenn flúið til nágrannalanda Íraks. Í skýrslunni er hvatt til þess að ríkari lönd leggi meira af mörkum til að aðstoða meira en tvær milljónir Íraka sem margir hverjir búa við óviðunandi aðstæður í Sýrlandi, Jórdaníu og öðrum Mið-Austurlöndum. - ovd



**KONA Í ÍRAK** Aldrei hafa fleiri flóttamenn frá Írak sótt um hæli í Evrópu.



**CHENEY Í BAGDAD** Bandaríski varaforsetinn ræðir við yfirmann bandaríska heraflans í Írak við komuna þangað.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjálfvígstilræði í Írak:

## Tugir sjía fórust í árás í Karbala

**BAGDAD, AP** Þrjátíu og tveir menn létu lífið og fimmtíu og einn er særður eftir sjálfsmorðssprengjuárás konu á hóp sjía-múslima nærri mosku í Karbala í Írak á mánudag.

Var hópurinn saman kominn á helgum stað nærri gröf Imam Hussein, sem er einn af helgustu véum sjía. Sjö Íranar eru meðal hinna látnu en lögreglan hefur ekki upplýst annað en að sprengjumaðurinn hafi verið kona.

Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, og forsetaframbjóðandinn John McCain eru báðir staddir í Írak í tilefni af því að fimm ár eru frá því að innrásin hófst. - ovd

Lögreglan á Suðurlandi:

## Aukið eftirlit um páskana

**LÖGREGLUMÁL Aukið eftirlit verður með ölvunarakstri hjá lögreglunni í Árnes- og Rangárvallasýslu um páskana.**

**Lögreglan á Selfossi og lögreglan á Hvolsvelli verða með aukið eftirlit á vegum í sýslunum tveimur um páskana. Munu lögreglumenn embættanna meðal annars standa einhverjar vaktir saman og fara í eftirlitsferðir. Mikill fjöldi ferðafólks er í umdæmum þessara lögregluliða um páskana og ætlar lögreglan að vera sýnileg við vegi. Auk þess munu lögreglumenn fylgjast vel með hraða ökutækja á vegum í sýslunum.** - ovd

Alþjóðadagur:

## Unnið að góðri fjölmenningu

**VIÐBURÐIR** Í tilefni af Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti var staðið fyrir viðburðum á Ísafirði, Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu í gær þar sem tónlistarmenn stigu á svið og rætt var um fjölmenningu.

Þeir sem standa fyrir viðburðunum eru Mannréttindaskrifstofa Íslands, Þjóðkirkjan, Alþjóðahús, Amnesty International, Rauði krossinn, Ísland Panorama og Soka Gakkai Íslandi sem eru samtök búddista á Íslandi.

„Við viljum vekja fólk til umhugsunar um þau jákvæðu áhrif sem fjölmenningin hefur fyrir Ísland,“ segir Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands. - jse





**FRAM FRAM FYLKING** Benedikt XVI páfi heldur á krossstaf í broddi fylkingar trúaðra sem gekk um götur Rómar fyrir pálmasunnudagsmessu páfa á Péturstorginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endir bundinn á níu mánaða pólitíska pattstöðu í Belgíu:

# Ný stjórn tekur við á skírdag

**BRUSSEL, AP** Talsmenn stjórnmálaflokka bæði úr flæmsku- og frönskumælandi hlutum Belgíu tilkynntu í gær að þeir hefðu náð samkomulagi um að mynda nýja ríkisstjórn. Þar með bundu þeir enda á pólitíska pattstöðu sem varað hafði í níu mánuði, eða allt frá því þingkosningar fóru fram í júní í fyrra.

Þessi pattstaða, sem orsakaðist fyrst og fremst af ólíkum hugmyndum Flæmingja og Vallóna um það hversu langt skyldi ganga í að færa völd frá sambandsríkisstjórninni til landshlutastjórnanna, vakti vangaveltur um að belgíska konungsríkið kynni að leysast upp.



**NÝ STJÓRN** Yves Leterme, verðandi forsætisráðherra, er hér annar f.v. ásamt fleiri flokksforkólfum sem tóku þátt í stjórnarmyndunarviðræðunum. NORDICPHOTOS/AFP

Yves Leterme, leiðtogi flæmskra kristilegra demókrata, tilkynnti um samkomulagið í gærmorgun, eftir lokalotu viðræðna sem alls fimm flokkar komu að og stóð fram á morgun. Búist er við að Leterme taki við af Guy Leterme, sem farið hefur fyrir bráðabirgðaríkisstjórnini, strax á skírdag, er samsteypuflokkarnir fimm og meirihluti þingsins hafa samþykkt stjórnarsáttmálann. **- aa**

Tíu líkamsárásir um helgina:

## Sleginn eftir sigur í sjómanni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningar um tíu líkamsárásir um síðustu helgi.

Voru þær nær allar minni háttar en nokkrir þurftu samt að leita á slysadeild vegna smáskurða og minni háttar meiðsla. Meðal þeirra sem leita þurftu á slysadeild var karlmaður sem fór í sjómann á öldurhúsi í miðbæ Reykjavíkur. Sá sem tapaði tók því illa og svaraði fyrir sig með því að slá hann. Af þessum tíu líkamsárásum áttu þrjár sér stað utan miðborgarinnar, þar af ein í heimahúsi. **- ovd**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók of hratt á Eyrarbakkavegi

Lögreglan á Selfossi tók ökumann um klukkan hálf tólf í gærmorgun á Eyrarbakkavegi. Mældist bíll mannsins á 137 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90. Má hann búast við um 90 þúsund króna sekt.

### Árekstur á Reykjanesbraut

Tveir bílar rákust saman á gatnamótum Reykjanesbrautar og Grænásvegs við Njarðvík í hádeginu í gær. Var ökumaður annarrar bifreiðarinnar fluttur með minni háttar meiðsl í sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hinn ökumaðurinn slapp án meiðsla.

## ALÞINGI

### Doktor Anna formaður

Doktor Anna Agnarsdóttir prófessor hefur verið skipuð formaður úthlutunarnefndar fræðimannsíbúðar Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. Með henni í nefndinni eru doktorarnir og rektorarnir Ágúst Einarsson á Bifröst og Kristinn Ólafsson í Skálholti.

Mótmæli við sendiráð Kína vegna Tíbet:

# Furðar sig á afskiptum lögreglunnar

**MÓTMÆLI** „Ég ætla að kíkja hérna við á hverjum degi með eitt kerti eða bréf til að láta þá vita að ég veit hvað er í gangi,“ segir Birgitta Jónsdóttir rithöfundur um mótmæli sín fyrir utan kínverska sendiráðið í Reykjavík.

Birgitta segir engin skipuleg mótmæli vera fyrir utan sendiráðið. „Ég ætla að koma hingað þar til kínversk stjórnvöld hleypa alþjóðlegum fréttamiðlum inn í Tíbet og þangað til þeir leyfa alþjóðlega rannsókn á því hvað varð um þessa mótmælendur sem hafa verið handteknir.“

Birgitta furðar sig á afskiptum lögreglunnar af mótmælendum. „Við vorum búin að vera hérna í fimm mínútur þegar lögreglan kom. Hún kemur hérna á um hálftíma til klukkutíma fresti en þessir komu sérstaklega til að hitta okkur.“ Segir hún lögreglumenn hafa viljað fá kennitölur mótmælenda og að sjá skírteinin þeirra. „Maður hlýtur að eiga rétt á að mótmæla án þess að þurfa að ganga með skilríki.“

„Ég þekki ekki þetta einstaka tilvik en lögregla spyr fólk oft um deili á því,“ segir Árni Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Árni Þór segir fólki ekki skylt að bera skilríki. En fólki beri skylda til að gera lögreglu grein fyrir sér ef spurt er að nafni og beðið um persónulegar upplýsingar. **- ovd**



**RÆÐA ÁGREINING** Robert Gates, Condoleezza Rice og Sergei Lavrov á blaðamannafundi í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Enn ósætti um eldflaugavarnir

**Ráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands reyndu að jafna ágreining um eldflaugavarnir í Evrópu á fundi í Moskvu í gær. Viðræðurnar þykja framfaramerki.**

**MOSKVA, AP** Rússneski utanríkisráðherrann Sergei Lavrov sagði í gær að ríkisstjórnir Rússlands og Bandaríkjanna greindi enn á um eldflaugavarnir í Evrópu, en bandaríski varnarmálaráðherrann Robert Gates sagði á sama blaðamannafundi í Moskvu að eldflaugavarnakerfið myndi „ekki vera nein ógn“ við Rússland.

Gates og kollegi hans úr Bandaríkjastjórn, Condoleezza Rice utanríkisráðherra, áttu í gær viðræður við ráðamenn í Moskvu um þetta deiluefni sem rússneskir ráðamenn, þar á meðal Vladimír Pútín forseti, hafa notað stór orð um á síðustu misserum.

Lavrov sagði á blaðamannafundinum að Rússar litu enn svo á að í áformum Bandaríkjamanna um að setja upp búnað fyrir hnattrænt eldflaugavarnakerfi sitt í Mið-Evrópu fælist „áhætta“ fyrir Rússland. En bæði Lavrov og Rice lýstu trú á að ráðamenn í Moskvu og Washington myndu halda áfram að ræða þetta og önnur mál á uppbyggilegum nótum.

„Þegar okkur greinir á getum við rætt málin í andrúmslofti gagnkvæmrar virðingar,“ sagði Rice.

Gates sagði Bandaríkjastjórn hafa „teygt sig ansi langt“ til að fullvissa Rússa um að þeim stafaði engin ógn af kerfinu.

„Ég myndi segja að þeir hafi hlustað grannt,“ sagði Gates um viðbrögð viðmælenda bandarísku sendinefndarinnar í Kreml við því sem hún hafði fram að færa í málinu.

Fyrir fundinn með ráðamönnum í Moskvu átti Rice morgunverðarfund með völdum fulltrúum stjórnmálaafla í Rússlandi sem ekki eiga aðild að ríkisstjórninni. Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák sem er aðaltalsmaður bandalags stjórnarandstöðuflokka í Rússlandi, greindi frá því í gær að sér hefði ekki verið boðið til þessa fundar með bandaríska utanríkisráðherranum. Að minnsta kosti tveir fulltrúar stjórnarandstöðuflokka voru á honum, en enginn af þekktustu gagnrýnendum Pútíns og stjórnarhátta hans. Kasparov hefur hvatt Bandaríkjastjórn til að vera gagnrýnni í umgengni sinni við ríkisstjórn Pútíns.

**audunn@frettabladid.is**




Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi.


Tímamót á Ísraelsþingi:

# Merkel í Knesset

**ÍSRAEL, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, braut blað í sögu Ísraelsþings er hún ávarpaði það í gær, fyrst erlendra ríkisstjórnarleiðtoga sem ekki er jafnframt þjóðhöfðingi.

Merkel hóf mál sitt á setningu á hebresku, þar sem hún þakkaði þingheimi fyrir að leyfa sér að tala á móðurmáli sínu. „Þýskaland og Ísrael eru og munu ætíð verða tengd með sérstökum hætti í gegnum minninguna um helförina,“ sagði hún síðan. Kanslarinn áréttaði að Þýskaland yrði ávallt skuldbundið til að taka þátt í að tryggja öryggi gyðingaríkisins, sem minnist þess nú að 60 ár eru frá stofnun þess. **- aa**



**MERKEL Í PONTU** Fáeinir þingmenn sniðgengu ræðuna í mótmælaskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norsk stúlka í London:

# Fannst látin í kjallara íbúðar

**LONDON, AP** Norskur námsmaður, Martine Vik Magnussen, fannst látin undir ruslahaug í kjallara í London. Breskir rannsóknarlögreglumenn segja að stúlkan hafi fengið áverka á hálsinn og talið er að hún hafi verið myrt.

Rannsóknarlögreglan Scotland Yard segir að stúlkan, sem lagði stund á nám í viðskiptafræði í London, hafi verið að skemmta sér á Maddox Club, vinsælum skemmtistað, á föstudagskvöldið þegar hún hvarf. Stúlkan er talin hafa yfirgefið klúbbinn með syni milljarðamærings en ekki hefur náðst í hann. Grunur leikur á að hann sé farinn úr landi. **- ghs**

Fjármagn vantar til að byggja nýja tvíbreiða brú undir Vatnajökli:

# Gert við einbreiða brú yfir Skaftafellsá

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin endurnýjar nú einbreiða brú yfir Skaftafellsá á þjóðvegi 1, undir Skaftafellsjökli.

Lengi hefur staðið til að færa veginn sunnar og vestar og einbreiðar brýr hafa mikið verið gagnrýndar og kallaðar slysagildrur. En hvers vegna er þá verið að endurnýja þessa brú?

„Við verðum náttúrlega að halda henni gangandi á meðan fjárveiting fæst ekki fyrir nýrri brú,“ segir Einar Hafliðason, forstöðumaður brúadeildar Vegagerðarinnar. „Við erum bara að styrkja hana því stóru bílarnir keyra svo hratt inn á hana að þeir eru að sliga hana,“ segir hann.

Skipt verður um yfirbyggingu; stálbita og timburgólf, en gömlu undirstöðurnar verða áfram.

Einar bendir á að þarna á svæðinu sé „hver einbreiða brúin á fætur annarri og því engin forsenda til að fara að breikka eina þeirra. Það væri betra að taka veginn allan í samhengi þegar þar að kemur“.

Tvöföldunin sem slík strandar þó ekki á Vegagerðinni, sem Einar kveður reiðubúna í verkið. „En við förum ekki að teikna fyrr en sést í fjárveitingu frá Alþingi og skipulag frá sveitarfélaginu.“

Endurnýjunin kostar innan við sex milljónir en ný steypt tvíbreið brú gæti kostað 150 milljónir. **- kóþ**



**BRÚ Á SUÐURLANDI** Fyrir sunnan Vatnajökul er fjöldi einbreiðra brúa og Vegagerðin þarf að halda þeim við, þótt brúadeildin hefði ekkert á móti því að byggja nýjar og betri brýr. Myndin tengist ekki fréttinni beint. MYND/ÚR SAFNI



**RECEP TAYYIP ERDOGAN** Forsætisráðherra Tyrklands er að íhuga stjórnarskrárbreytingar.

Tyrknesk stjórnmál:

# Íhuga stjórnarskrárbreytingu

**TYRKLAND, AP Tyrklandsstjórn, sem mynduð er af íslamsk-sinnuðum flokki sem hefur yfirgnæfandi meirihluta á þingi, er að íhuga að grípa til þess að breyta stjórnarskránni þannig að þrengt yrði að sjálfstæði dómskerfisins.**

**Tilefnið er að ríkissaksóknarinn hefur boðað að hann muni fara fram á að stjórnarflokkurinn verði dæmdur til að vera leystur upp á þeim grundvelli að hann hafi gerst sekur um að grafa undan hinu veraldlega stjórnkerfi landsins, sem stjórnarskráin á að vernda.**

**Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra og fleiri forystumenn Réttlætis- og þróunarflokksins ráða nú ráðum sínum um málið, að sögn flokksstarfsmanns. - aa**

Sænsk kona í Taílandi:

# Myrt á göngu á ströndinni

**SVÍÞJÓÐ** Ung sænsk kona hefur fundist látin á ströndinni í Phuket í Taílandi. Talið er að nokkrir menn hafi ráðist á hana þar sem hún var í gönguferð á ströndinni, að sögn sænska dagblaðsins Expressen, en konan bjó með vinkonu sinni í tjaldi á ströndinni. Hún ber þess merki að hafa barist fyrir lífi sínu.

Lögreglan í Taílandi hefur sagt að hún telji að árásarmennirnir hafi verið þrír til fjórir. Svo virðist sem konan hafi verið stungin með sams konar hnífi og sjómenn á svæðinu nota. Í gær var svo greint frá því að ungur Taílendingur hefði verið handtekinn, grunaður um aðild að verknaðnum. **- ghs**

Aðalfundur VG í Borgarbyggð
í Hymunni, Borgarnesi
í kvöld klukkan 20
www.vg.is




AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBÚÐA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU UM PÁSKANA

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 19. mars | OPIÐ 11-19 (OPIÐ 9-20 Í SKEIFUNNI OG DALVEGI) |
| Skírdagur | LOKAÐ |
| Föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| Laugardagur 22. mars | OPIÐ 11-18 |
| Páskadagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | LOKAÐ |
| Þriðjudagur 25. mars | OPIÐ 11-18 (OPIÐ 9-20 Í SKEIFUNNI OG DALVEGI) |

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum


OPIÐ Í KVÖLD MIÐVIKUDAG
TIL KL. 21.00





# LITRÍK PÁSKASTEMNING Í SMÁRALIND

Í Smáralind færðu allt sem þig vantar fyrir páskana. Frábært úrval af veislumat, páskaskrauti, páskaeggjum og páskaliljum. Þú getur líka nýtt tækifærið og verslað allt fyrir ferminguna í leiðinni.

## AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

**Skírdagur 20. mars**

| | |
|---|---|
| **OPIÐ** | **kl. 13-18** |
| Smárabíó | opið |
| Nóatún | opið kl. 11-20 |
| Hagkaup | opið kl. 10-20 |
| Pizza Hut | opið kl. 11.30-22 |
| Subway | opið kl. 12-21 |
| Adesso | opið kl. 12-18 |
| Serrano | opið kl. 13-21 |

**Föstudagurinn langi 21. mars**

| | |
|---|---|
| **LOKAÐ** | |
| Smárabíó | opið |
| Pizza Hut | opið kl. 11.30-22 |

**Laugardagur 22. mars**

| | |
|---|---|
| **OPIÐ** | **kl. 11-18** |

**Páskadagur 23. mars**

| | |
|---|---|
| **LOKAÐ** | |
| Smárabíó | opið |

**Annar í páskum 24. mars**

| | |
|---|---|
| **LOKAÐ** | |
| Smárabíó | opið |
| Hagkaup | opið 13-18 |
| Nóatún | opið 11-20 |
| Pizza Hut | opið kl. 11.30-21 |
| Friday's | opið frá kl. 15 |

## VILTU VINNA FERÐ TIL TYRKLANDS?

Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Úrvals-Útsýnar og Nóa Síríusar. Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustaðila í Smáralind við þátttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið á 2. hæð.

**Þú gætir unnið ferð fyrir fjóra til Tyrklands, rafrænt gjafakort eða eitt af 80 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.**

NÓI SÍRÍUS

ÚRVAL·ÚTSÝN

## FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Í VETRARGARÐINUM

### LAUGARDAGINN 22. MARS

**FJÁRÖFLUN TIL STYRKTAR BLÁTT ÁFRAM**

**Dagskrá**

- Bjarni töframaður leikur listir sínar
- Kraftasýning með sterkustu mönnum Íslands
- BMX stökksýning í anda X-Games
- Taekwondo, fimleika- og boxsýning
- Nylon, Brain Police og DJ Stef spila

**Húsið opnað kl. 14.30 og sýningin hefst kl. 15.00**
**Miðaverð: fullorðnir 1.000 kr. og börn 500 kr.**

Allur ágóði af sýningunni rennur til Blátt áfram.
Forvarnir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum.

BLÁTT ÁFRAM!

## GJAFAKORT Í FERMINGARGJÖF

Stundum getur verið vandasamt að velja réttu gjöfina handa fermingarbarninu. Gjafakort Smáralindar er alltaf góð lausn því þá getur unglingurinn sjálfur valið það sem hann langar í.

**Þú færð kortið á þjónustuborði Smáralindar.**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## „ORÐRÉTT“

### *Álver gegn gengisfellingu*

**„Það besta sem við getum gert núna er að taka vel á móti þeim sem fjárfesta og vilja koma með peninga inn í landið, eins og til dæmis vegna álvers í Helguvík. Það myndi passa vel að þær framkvæmdir kæmust á skrið.“**

ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA VEGNA EFNAHAGSÁSTANDSINS.
**Fréttablaðið 18. mars**

### *Útrætt loftslagsmál*

**„Umræðan um loftslagsbreytingar er í vaxandi mæli að snúast um hvað sé hægt að gera en ekki um hvort þær séu að eiga sér stað eða ekki. Þeirri umræðu er í reynd lokið.“**

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS, VEGNA VÆNTANLEGRAR HEIMSÓKNAR AL GORE.
**Morgunblaðið 18. mars**

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON, GARÐYRKJU- OG FRÉTTAMAÐUR

# *Fagnar 40 ára afmæli Dagskrárinnar*



Það er allt gott að frétta, vor í lofti og allt að gerast. Þegar ég finn lyktina af kúamykjunni og sé litla sprota vakna á trjánum fer maður allur að lifna sjálfur,“ segir Magnús Hlynur Hreiðarsson, garðyrkju- og fréttamaður á Suðurlandi.

Magnús Hlynur á von á góðu sumri. „Veturinn er búinn að vera harður og leiðinlegur, sem hlýtur að boða gott sumar – að minnsta kosti hér á Suðurlandi. Ég get ekki betur séð en að túnin komi vel undan vetri, þótt það séu auðvitað skaflar víða enn þá.“

Magnús ætlar að taka því rólega með fjölskyldunni yfir páskana, í mesta lagi kíkja í göngutúra sér til ánægju, og kveðst vera að safna orku fyrir stórafmæli. „Ég er ritstjóri Dagskrárinnar á Selfossi, sem fagnar 40 ára afmæli um þessar mundir. Þetta er með elstu héraðsblöðum landsins og fimmtudaginn 27. mars verður gefið út glæsilegt afmælisblað. Sama dag opnum við sýningu á Hótel Selfossi og skálum í kampavíni í leiðinni.“

Þótt það sé nóg að gera í garðyrkjunni á sumrin ætlar Magnús Hlynur að taka sér frí og bregða sér út fyrir landsteinana, til Danaveldis nánar tiltekið, enda lítt hrifinn af því að láta sólina baka sig á suðrænni strönd. „Ég er búinn að panta sumarhús í Danmörku í júní, ætla að vera þar í hálfan mánuð. Ég elska Danmörku, ég hlýt að hafa verið Dani í fyrra lífi.“

Magnús er þar að auki ávallt með augun opin fyrir fréttum fyrir Sjónvarpið. „Ég veit að það verður margt skemmtilegt að gerast hér um páskana. Maður á alltaf að vera sérstaklega vakandi fyrir jákvæðum fréttum. Það er það sem fólk vill heyra og sjá – það eru allir komnir með nóg af þessu svartagallsrausi um að allt sé að fara til fjandans.“

## SJÓNARHÓLL
**SÍHÆKKANDI BENSÍNVERÐ**

### *Bíður eftir að það fari yfir 200-kallinn*



**BALDUR ÞÓRSSON** söluráðgjafi.

„Bensínverðið á ekki að hækka svona hratt því að maður veit alveg að olíufélögin liggja með lítra á lager. Eldsneyti er ekkert sem þeir kaupa frá degi til dags,“ segir Baldur Þórsson, söluráðgjafi hjá Nýherja. „Mér finnst því óþarfi af þeim að hækka verðið strax og gengið breytist. Þeir ættu að endurskoða það frá mánuði til mánaðar, ekki degi til dags, ef þeir þurfa á annað borð að breyta verðinu,“ heldur hann áfram og telur vel hugsanlegt að eldsneytisverð eigi eftir að hækka enn meira þótt honum þyki það ólíklegt. „Maður bjóst aldrei við því fyrir nokkrum árum að bensínverðið færi yfir 100 kall en nú bíður maður eftir því að það fari yfir 200-kallinn. Mér finnst að stjórnvöld megi nú lækka bensínskattinn þó ekki væri nema um tíu til fimmtán prósent. Ég held að ríkið fái hátt í 40 eða 50 krónur af hverjum seldum lítra og það er allt í lagi að minnka það aðeins tímabundið meðan verðið er hvað hæst.“

# Gæludýrin veita stuðning

**Unglingar með athyglisbrest og ofvirkni þurfa skilning og fyrirgefningu þegar þau fara yfir strikið. Þau vilja tilfinningalegan stuðning frá fjölskyldu, vinum og gæludýrum. Þeim finnst nauðsynlegt að fá hjálp þegar á þarf að halda.**

Unglingar á aldrinum 11 til 16 ára, sem hafa einbeitingarskort með ofvirkni, ADHD, eru sér meðvitaðir um að þeir eigi það til að fara yfir strikið í samskiptum við aðra og að það skapi erfiðleika. Unglingarnir hafa þörf fyrir nánd og nálægð við nánustu aðstandendur sína og vini. Þau telja sig fá tilfinningalegan stuðning frá gæludýrum.



Áslaug Birna Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur hefur gert rannsókn á þörfum unglinga með athyglisbrest og ofvirkni út frá sjónarhóli unglinganna sjálfra. Hún tók viðtöl við tíu unglinga með ADHD á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

„Þeir nefna helst þörf fyrir nánd og nálægð. Þeir eiga í erfiðleikum vegna skorts á einbeitingu og ofvirkni og það kemur niður á samskiptum þeirra og krakkarnir lenda gjarnan í erfiðleikum,“ segir Áslaug Birna.

> Önnur voru hrædd við framtíðina og óttuðust að geta ekki bjargað sér sjálf. Þessi börn höfðu þörf fyrir von um bjarta framtíð.
>
> **ÁSLAUG BIRNA ÓLAFSDÓTTIR**
> HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

„Þau tala um að umhverfið þurfi að skilja þau og hafa þekkingu á ADHD og á þeirra erfiðleikum en dæma þau ekki. Þau finna mikið fyrir fordómum og hafa þörf fyrir að það sé skilningur í umhverfinu og að þeim sé fyrirgefið því að þau eru sér fyllilega meðvituð um að þau sýni stundum óæskilega hegðun,“ segir hún.



**ÞURFA FYRIRGEFNINGU** „Þau finna mikið fyrir fordómum og hafa þörf fyrir að það sé skilningur í umhverfinu og að þeim sé fyrirgefið,“ segir Áslaug Birna Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur sem hefur rannsakað þarfir unglinga með ADHD út frá sjónarhóli unglinganna sjálfra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Skólinn er erfiðasti vettvangur lífsins hjá unglingunum og stór hluti af erfiðleikum þeirra á sér stað í skólanum. Unglingarnir hafa mikla þörf fyrir stuðning, umhyggjusaman og skilningsríkan kennara sem hlustar á þau og reynir að skilja þau og hjálpa þeim. Eins hafa þau þörf fyrir að skólahjúkrunarfræðingurinn skilji og styðji.

Sumir unglinganna hafa upplifað einelti og eiga því erfitt með að treysta fólki. Mikið mæðir á sjálfsmyndinni í gegnum erfiðleikana sem þau ganga í gegnum og því þurfa þau að finna og byggja upp styrkleika sína, hafa von og geta treyst bæði á sjálf sig og aðra.

Áslaug Birna segir að unglingarnir hafi mikla þörf fyrir vini. Hún segir líka að sum þeirra eigi gæludýr og „það var nýtt fyrir mér. Ég hafði ekki séð neins staðar að gæludýr gætu skipt svona miklu máli en gæludýrin gáfu þeim mikinn tilfinningalegan stuðning þegar þeim leið illa,“ segir hún.

„Sum þeirra höfðu sterka sjálfsmynd, fannst þau vera frábær og klár og dugleg í vinnu meðan önnur voru hrædd við framtíðina og óttuðust að geta ekki bjargað sér sjálf. Þessi börn höfðu þörf fyrir von um bjarta framtíð.“

**ghs@frettabladid.is**


Hvernig finnum við kjark til að vera sjálfum okkur trú

*– jafnvel þótt við séum ekki viss um hver við erum?*

Þetta er grundvallarspurningin í nýrri, djúpsærri sögu eftir metsöluhöfundinn Paulo Coelho. *Nornin í Portobello* er saga leyndardómsfullrar konu, Aþenu að nafni, sögð af þeim mörgu sem þekktu hana vel – eða lítið sem ekkert.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*Nornin í Portobello* er, eins og *Alkemistinn*, saga sem gerbreytir hugmyndum lesandans um ást, ástríðu, gleði og fórnir.


Söfnun hafin fyrir pípuorgeli í Grafarvogskirkju:

# „Rolls Royce“ pípuorgela

Nýtt pípuorgel, sem hefur verið pantað og verður vígt á tíu ára vígsluafmæli Grafarvogskirkju í júní 2010, mun kosta rúmlega 70 milljónir. Orgelinu hefur Hörður Áskelsson söngmálastjóri lýst sem „Rolls Royce. pípuorgela“.

Orgelnefnd Grafarvogskirkju hefur verið falið að ganga til samninga við fyrirtækið Orgelbau Seifert um smíði orgelsins fyrir kirkjuna. Nú þegar hefur safnast umtalsvert fjármagn til kaupanna á því en betur má ef duga skal, að sögn séra Vigfúsar Þórs Árnasonar sóknarprests. Því vill Grafarvogskirkja leita til sóknarbarna sinna með framlög til orgelkaupanna. „Gott er að hafa í huga gagnvart þeirri söfnun sem við hefjum nú að margt smátt gerir eitt stórt,“ segir sr. Vigfús Þór. Með safnaðarblaðinu Logafold fylgir nú gjafabréf sem afhenda má í bönkum Grafarvogsóknar og í kirkjunni og er þess vænst að þessari málaleitan verði vel tekið af sóknarbörnum.

Grafarvogskirkju hafa borist stórgjafir til orgelkaupanna. Þessar gjafir leiddu til þess að hafist var handa við að undirbúa orgelkaupin. Meðal gefenda eru Bónus, Landsbankinn og VÍS vátryggingafélag Íslands. Gaf hvert fyrirtæki tíu milljónir. Þá gáfu hjónin Kristín Vigfúsdóttir og Finnur Ingólfsson einnig 10 milljónir til orgelkaupanna. **- jss**



**GRAFARVOGSKIRKJA** Áætlað er að vígja nýja orgelið á tíu ára vígsluafmæli Grafarvogskirkju í júní 2010.

# OLYMPUS®

3ja ára ábyrgð

MEÐ ÞIG Í HUGA

## *Magnaðar myndavélar á fínu verði!*



**OLYMPUS**

*Mju-770SW*

FYRIR VEIÐIMANNINN
Vatnsheld niður á 10 m dýpi

- 7.1 Milljón pixlar
- Þolir fall úr 1.5 metra hæð
- Frostþolin (–10°C) • Þolir 100 kg. þrýsting • 3x aðdráttur í linsu

***Verð: 38.900 kr***



**OLYMPUS**

*FE-270*

- 7,1 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (36-108 mm)
- Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 15 handhægar tökustillingar
- Videoupptaka án hljóðs
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
- Notar AA rafhlöður

***Verð: 13.900 kr***



**OLYMPUS**

*Mju-850SW*

- 8.0 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (38-114 mm)
- Hristivörn
- Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
- Höggheld
- Vatnsheld niður á 3 metra
- Þolir allt að 10° frost
- 23 handhægar tökustillingar
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð
- Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
- Fæst í þremur mismunandi litum

HÖGGHELD+VATNSHELD

***Verð: 32.900 kr***



**OLYMPUS**

*Mju-1200*

- 12 miljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (35-105 mm)
- Stór 6,9 cm (2,7") LCD skjár
- 20 innbyggðar stillingar
- ISO 50-3200 ljósnæmni, allt að ISO 6400 með 3MP upplausn
- Innbyggt 17MB minni, stækkanlegt með xD minniskortum
- Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

***Verð: 36.900 kr***



**OLYMPUS**

*E-510*

**Double Zoom kit**

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Hristivörn í vél
- "Dust Reduction System" – rykfríar myndir

**14-42 og 40-150 mm linsur**

***Verð: 89.900 kr.***

HIN FULLKOMNA GJÖF



*Bjóðum nú þessa frábæru myndavél – með tveimur OLYMPUS linsum, öflugu flassi, 1GB minniskubb og OLYMPUS tösku á aðeins **kr. 95.900,-***

**OLYMPUS**

*E-410*

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- "Dust Reduction System" rykfríar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000 – 60 sek, Bulb
- Tekur allt að 3 ramma á sekúndu
- 21 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið

**14-42mm & 40-150mm linsur**

**OLYMPUS FL-36R leifturljós**

· TTL Flass fyrir Olympus stafrænar myndavélar
· Þráðlaus stýring á flassi · Hægt að nota handvikt eða sjálfvirkt
· Snúnings haus · Leiði tala 36 · Þyngd 260 gr.

**KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!**



KVIKA

# ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

Kveikt á Friðarsúlunni í Viðey:

# Friðarljós og söngur

Kveikt verður á listaverki Yoko Ono, Imagine Peace Tower, í Viðey klukkan níu í kvöld. Í tilefni friðarvikunnar á vorjafndægri verður sá hátturinn hafður á í eina viku og munu ljósin loga frá klukkan níu til miðnættis.

Áður en friðarsúlan verður tendruð á morgun, skírdag, verða ljóshnettir sendir á loft, barnakór syngur lög frá ýmsum löndum og gestum verða boðin stjörnuljós og friðarkerti. Einnig verður ljósmyndasýning á vegum ljósmyndasamkeppni.is opnuð í hesthúsinu í Viðey. Boðið verður upp á kennslu í næturljósmyndun með friðarsúluna sem viðfangsefni. Það eru alþjóðasamtökin AUS og Höfuðborgarstofa sem standa fyrir viðburðunum. - jse



**FRIÐARSÚLAN Í VIÐEY** Ljós friðarsúlunnar mun lýsa kvöldin í friðarvikunni.

FBL-GREINING: GENGI EVRUNNAR

# *Styrkist stöðugt á kostnað dollarans*

Evran, sameiginlega Evrópumyntin, hefur nú náð metstyrkleika bæði gagnvart íslensku krónunni og Bandaríkjadal. Að gengið skyldi geta þróast þannig höfðu fáir trú á þegar evran varð til fyrir níu árum, enda átti hún í vök að verjast gagnvart dollaranum á fyrstu misserunum eftir að evrópska myntbandalagið komst á.

### Hverjir nota evruna?

Sameiginlega Evrópumyntin er að svo stöddu lögeyrir í 15 af 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins. Á Evrusvæðinu búa 317 milljónir af alls 496 milljónum íbúa ESB. Öll ný aðildarríki sambandsins eru skuldbundin til að ganga í myntbandalagið, en það fá þau fyrst að gera þegar þau hafa uppfyllt efnahagsleg skilyrði fyrir því. Bretland, Danmörk og Svíþjóð hafa kosið að standa utan evrusvæðisins, en danska krónan er nú fasttengd evrunni.

### Hver hefur gengisþróunin verið?

Er evran hóf göngu sína sem reiknimynt árið 1999 var gengi hennar 1,18 Bandaríkjadalir. Fyrstu misserin þar á eftir var óttast að nýja myntin væri of veik og gengi hennar gagnvart dalnum lækkaði niður í 0,82 í október 2000. Síðan þá hefur gengið stöðugt farið hækkandi, mest þó nú á síðustu misserum. Það veldur áhyggjum í Evrópusambandinu af samkeppnishæfni útflutningsgreinanna, en sterk evra ver efnahagslífið jafnframt fyrir neikvæðum áhrifum stöðugt hærra dollaraverðs á innfluttri olíu.



### Hvað kostar evran?

Gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal náði sögulegu hámarki á mánudag er ein evra kostaði 1,5904 Bandaríkjadali. Þegar viðskiptum lauk á gjaldeyrismarkaði hérlendis á mánudag var gengi evrunnar rúmar 118 krónur og hafði þá hækkað um fjórðung frá síðustu áramótum. Meðalgengi evrunnar síðustu ár hefur verið á bilinu 85-90 krónur. Við lok markaða í gær var evran svo í kringum 121 króna.




**FRÉTTASKÝRING:** Átökin í Tíbet

# Harka er eina svar kínversku stjórnarinnar

**Kínastjórn vísar ábyrgðinni á uppþotum í Tíbet til Dalai Lama og gengur fram af hörku við að kveða þau niður. Ólíklegt er að Ólympíuleikarnir í Peking verði sniðgengnir vegna þessa.**



**FRÁ LHASA** Vegfarendur ganga um götu í miðborg Lhasa á mánudag. Ummerki um óeirðirnar eru greinileg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stuðningsmenn Dalai Lama eru aðskilnaðarsinnar og upphafsmenn and-kínverskra uppþota í tíbetsku höfuðborginni Lhasa. Þessu lýsti Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, yfir í gær. Þar með tók forysta kommúnistastjórnarinnar í Peking af öll tvímæli um að hún væri staðráðin í að gera allt sem í hennar valdi stæði til að bæla niður uppþot mótmælenda í Tíbet og samúðarmótmæli þau sem vart hefur orðið víðar í Vestur-Kína.

Mótmælin hófust með friðsamlegri göngu búddamunka í Lhasa 10. marz, en hefð er fyrir því að minnast á þeim degi misheppnaðrar uppreisnar sem gerð var árið 1959.

### Dalai Lama hótar afsögn

Í því skyni að draga úr spennunni hótaði Dalai Lama því í gær að víkja sem leiðtogi útlagastjórnar Tíbeta ef ofbeldi í tengslum við mótmælin í Tíbet færi úr böndunum. Hvatti hann landsmenn sína til að sýna stillingu. Einn helzti ráðgjafi Dalai Lama bætti því við, að hann hótaði því að víkja sem pólitískur leiðtogi Tíbeta og þjóðhöfðingi þar sem hann er algerlega á móti því að ofbeldi sé beitt til að ná fram markmiðinu um frjálst Tíbet. En jafnvel þótt hann viki úr hinu pólitíska embætti í útlagastjórninni yrði hann áfram andlegur leiðtogi þjóðarinnar.

### Segjast hafa sannanir

Á blaðamannafundi í Peking, sem annars var haldinn í tilefni af því að árlegri samkomu kínverska ráðgjafarþingsins var að ljúka, hélt Wen því fram að stjórnvöld hefðu „sannanir“ fyrir ásökunum sínum um að „Dalai-klíkan“ hefði „skipulagt, lagt á ráðin um, stýrt og espað fólk til þátttöku í“ uppþotunum í Tíbet. „Þetta hefur sýnt svo ekki verði um villzt að síendurteknar fullyrðingar Dalai-klíkunnar um að hún sækist ekki eftir sjálfstæði heldur friðsamlegri samræðu eru ekkert nema lygar,“ bætti Wen við. Hann sagði kínversk stjórnvöld þá aðeins munu íhuga að eiga viðræður við Dalai Lama að hann lýsi sig „reiðubúinn að gefa upp á bátinn markmið sitt um svokallað sjálfstæði Tíbets“. Wen vísaði því enn fremur á bug að „menningarlegt þjóðarmorð“ væri að eiga sér stað í Tíbet.



**WEN JIABAO**

Kommúnistastjórnin í Kína vill sjá til þess að Ólympíuleikarnir í Peking í ágúst verði til að auka hróður Kína á alþjóðavettvangi frekar en að draga óvelkomna athygli að mannréttindamálum. Enda sagði Wen að mótmælendur væru að reyna að spilla fyrir ólympíuleikahaldinu.

Ráðamenn í fjölda landa, þar á meðal aðildarríkjum Evrópusambandsins, Rússlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu hafa nú þegar útilokað að gripið verði til þess að sniðganga Ólympíuleikana. En hugmyndir eru uppi um að ráðamenn og tignargestir sniðgangi opnunarhátíð leikanna til að sýna óánægju sína í verki með framgöngu kínverskra yfirvalda í málefnum Tíbets og annað er varðar réttindi borgaranna í fjölmennasta ríki heims. Hans-Gerd Pöttering, forseti Evrópuþingsins, viðraði tillögu þessa efnis í gær.

### Handtökur halda áfram

Á miðnætti í gærkvöld að staðartíma rann út frestur sem yfirvöld gáfu þátttakendum í mótmælunum í Lhasa til að gefa sig fram. Lítið fréttist af aðgerðum í landinu í gær, eftir að fresturinn rann út, annað en það að öryggissveitir héldu áfram að ganga hús úr húsi og handtaka fólk sem grunað var um að standa með mótmælendum. Haft var eftir Duoji Zeren aðstoðarlandstjóra að yfirvöld myndu „grípa til afgerandi ráðstafana til að hafa hendur í hári hinna grunuðu“, en gaf ekkert nánar upp um það í hverju þær ráðstafanir fælust.

Á útvarpsstöðinni Radio Free Asia, sem er að mestu fjármögnuð með framlögum frá bandarískum stjórnvöldum, var haft eftir ónafngreindu vitni að um leið og fresturinn var liðinn hefðu hundruð manna verið handteknir. Ströng stjórn kínverskra stjórnvalda á upplýsingaflæði og bann við veru erlendra fréttamanna á vettvangi gerði erfitt um vik að fá slíkar fréttir staðfestar. Fréttaflutningur erlendra fréttaritara frá Kína af mótmælunum í Tíbet hefur sætt strangri ritskoðun, að því er AP-fréttastofan greinir frá. Öllum ferðahópum sem ætluðu til Tíbets hefur verið meinað að fara þangað. Það bann kvað munu gilda að minnsta kosti til mánaðamóta.

### Auðmýkt gagnrýnd

Þessar fréttir frá Tíbet hafa orðið leiðarahöfundum margra vestrænna miðla tilefni til að deila á þá auðmýkt sem margur vestrænn ráðamaðurinn sýnir valdhöfum í Peking. Með öðrum orðum hvernig hagsmunir í viðskiptum og á fleiri sviðum verða til þess að fulltrúar frjálsra lýðræðisríkja verða að smjöri þegar á hólminn er komið og segja þar ekki annað en gestgjafarnir vilja heyra.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

## Kína heldur Tíbet í heljargreipum

Landsvæði sem Tíbet gerir tilkall til 1912-1950

**1950:** Kínverskur her ræðst inn í Tíbet, ári eftir að kommúnistar undir forystu ***Mao Zedongs*** stofna ***Alþýðulýðveldið Kína.***

**1956:** Búddaklaustur í A-Tíbet jöfnuð við jörðu sem getur af sér blóðuga uppreisn sem hin bandaríska CIA styður.

**1959:** ***Dalai Lama*** flýr til Indlands.

**1969:** ***Richard Nixon*** Bandaríkjaforseti bindur enda á afskipti CIA af Tíbet er stjórnmálasamband við Kína kemst á.




◆ *Klaustur sem kínversk yfirvöld hafa lokað*

**1 Lhasa, laugard. 16. mars:** 80 manns sagðir liggja í valnum eftir átök við óeirðalögreglu. Landstjóri Tíbet neitar því. **Mánudag:** Borginni lokað fyrir allri umferð – lögregla og her ganga hús úr húsi í leit að mótmælendum.

**2 Amdo Ngaba Kirti-klaustrið í Setsúan-héraði, sunnudag:** Öryggissveitir drepa 8-13 manns í mótmælum þar sem þess var krafist að ***Panchen Lama***, næstæðsti andlegi leiðtogi Tíbeta á eftir ***Dalai Lama***, fengi frelsi.

**3 Aba, sunnud.:** Lögregla skýtur á um 1.000 munka og mótmælendur. Mannfall sagt vera 7-18 manns. **Mánudag:** Hundruð mótmælenda slást við lögreglu.

**4 Labrang-klaustrið, Xiahe í Gasu-héraði, laugardag:** Óeirðalögregla skýtur fjóra munka til bana. Um 1.200 munkar taka þátt í mótmælum.

**5 Norðvestur-minnihlutaháskólinn, Lanzhou, sunnudag:** 100 nemar efna til setuverkfalls.

**6 Dharamsala á Indlandi, sunnudag:** Dalai Lama harmar það sem hann kallar ***„menningarlegt þjóðarmorð“*** sem sé að eyðileggja arfleifð heimalands hans.



Heimildir: Frásagnir vitna, Free Tibet Campaign. Ljósmynd: Getty Images. © GRAPHIC NEWS



Páskagreinar
599 kr
10 stk.
Páskaliljur
690 kr
2 fyrir 1
Páskaliljur í potti
299 kr
Páskaheimur
í Blómavali
Allt páskakraut
30 afsláttur
Lengri opnun um páska
Blómaval um land allt er opið á
skírdag og laugardag
Blómaval Skútuvogi og Blómaval Akureyri
eru opin á annan í páskum
Sjá nánar á blomaval.is
Grænu fróðleiksmolarnir hennar Láru
Á þessum tíma má í raun klippa öll tré og alla runna. Þó þarf að vara sig á að þegar tegundir eins og birki og hlynur eru byrjuð að bruma sig skal fara hægt í að klippa mjög stórar greinar.
Sjá nánar um trjáklippingar á blomaval.is
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind



**1.698** kr/kg.
Kryddaður lambahryggur




**1.329** kr/kg. áður 1.898 kr/kg.
Gourmet lambalæri villikryddað




**1.945** kr/kg. áður 2.778 kr/kg.
Roast Beef kryddað




**398** kr/kg. áður 568 kr/kg.
Alvöru hamborgarar 170 gr.




**1.339** kr/kg. áður 1.785 kr/kg.
Hunangs grísakótilettur

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 19. mars til 23. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**2.589** kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Lambafille kryddað




**499** kr/pk. áður 659 kr/pk.
Freschetta brick oven Italiano classico




**199** kr/ds. áður 289 kr/ds.
Swiss Miss




**2.990** kr/pk.
Hornafjarðar humar askja 2 kg.




Páskaegg - frá Nóa, Góu og Freyju

| Pálmasunnudagur | Skírdagur | Föstudagurinn langi | Páskadagur | Annar í páskum |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| 12 -18 | 10 - 18 | Lokað | Lokað | 12 - 18 |

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Písl án sýnilegs tilgangs:

## Nýir vegvísar

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Píslarvika kristinna manna hefur nú reynst fjármálamörkuðunum mesta písl. Fall krónunnar gerir einstaklingum og fyrirtækjum þungar búsifjar. Vera krónunnar í hæstu hæðum bar þó vott um meiri efnahagslega skekkju en núverandi lægð. Ástæðan er sú að verðmætasköpun þjóðarbúsins stóð ekki undir þeim lífskjörum. Þau voru að of stórum hluta fengin að láni.

Mergur málsins er sá að það voru í ríkum mæli kraftar utan íslenska hagkerfisins sem ýttu krónunni upp. Enn eru það hræringar á erlendum mörkuðum sem toga hana niður. Í því ljósi benti forsætisráðherra réttilega á í gær að ríkisstjórnin ræður ekki yfir neinum meðulum sem unnt er að taka inn frá einum degi til annars. Mestu skiptir nú að settir verði niður vegvísar að meiri verðmætasköpun og betri stöðugleika.

Menn þurfa að sjá vegvísi að ráðstöfunum sem draga úr hættu á að lánsfjárkreppan sogi súrefnið úr þeirri atvinnustarfsemi sem skapar verðmætin í samfélaginu. Vegvísir að frekari nýtingu orkulindanna er einnig nauðsynlegur eins og fjármálaráðherra hefur bent á. Óvissu þar um þarf að eyða.

Skynsamleg rök standa einnig til þess að vegvísi verði beint að því marki að bæta gjaldeyrisforða Seðlabankans. Forystumenn vinstri grænna hafa vakið máls á slíkum ráðstöfunum. Þann bagga þarf ríkissjóður að bera. Þar af leiðir að fremur þarf að létta á öðrum klyfjum hans en þyngja. Bíti gengislækkunin minnka að auki tekjur ríkissjóðs af umframeyðslu.

Loks verður ekki hjá því komist að setja niður vegvísi sem snýr lengra fram en aðrir. Hann þarf að beina mönnum inn á braut sambærilegs stöðugleika í fjármálum og helstu samkeppnis- og viðskiptalöndin njóta. Þó að fall krónunnar hafi verið eðlilegt þarf að koma í veg fyrir að sveiflurnar byrji á ný þegar yfirstandandi píslardögum lýkur.

Fyrir tveimur árum ritaði Illugi Gunnarsson alþingismaður snarpa ádeilu í þetta blað á aðferðafræði Seðlabankans meðal annars fyrir að mæla verðbólgu með öðrum hætti en gerist og gengur hjá þeim þjóðum sem við tökum helst mið af. Segja má að svargrein aðalhagfræðings Seðlabankans hafi verið upphaf að þeirri umræðulotu um krónuna sem staðið hefur síðan.

Í þeirri grein varði aðalhagfræðingurinn aðferðafræðina en sagðist um leið ekki vilja gera lítið úr þeim vanda sem peningastefna í litlu opnu hagkerfi stendur frammi fyrir. En niðurstaða hans um þann hluta viðfangsefnisins var afar skýr og laus við alla tæpitungu. Þar sagði:

„Af þessum ástæðum er ekki ólíklegt að ávinningur þess að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli og peningastefnu á jafn litlu svæði og Íslandi sé minni en enginn og auki fremur á sveiflur í þjóðarbúskapnum en að draga úr þeim. Samt sem áður tel ég tæpast að vandinn sem Seðlabanki Íslands stendur frammi fyrir sé jafn hrikalegur og Illugi virðist gefa í skyn. Því megi við það una að búa við sjálfstæðan gjaldmiðil og peningastefnu enn um sinn, með þeim fórnarkostnaði og reyndar umtalsverðri áhættu sem því fylgir. Sem betur fer, því mér skilst að ekkert annað sé á döfinni.“

Þessi einfalda greining á vandanum hefur ekki verið hrakin. Reyndar má segja að hún hafi harðnað af tveggja ára viðbótarreynslu. Hún segir ennfremur að til lengri tíma getur ekki verið skynsamlegt að viðhalda sjálfstæðri peningastefnu sem skilar minni ávinningi en engum og eykur sveiflur fremur en að draga úr þeim. Sú písl hefur ekki sýnilegan tilgang.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Uppfræðarinn**

Hjá fámennum eyríkjum hlýtur það að vera skylda hinna sigldu og lærðu að deila þekkingu sinni með þeim sem ekki komast yfir úthafið. Það gerir hinn snjalli samfélagsrýnir Egill Helgason að minnsta kosti samviskusamlega, nú síðast í bloggfærslu um heimsendaspár um bráðnun jökla. „Þetta er það sem kallast alarmismi,“ bloggar Egill, alla leið frá London, og gefur þar með löndum sínum nasasjón af því hvernig heimsborgararnir tala.



**Það sem kallast …**

Á heimasíðu Egils er nú orðinn til dágóður sarpur af heitum og hugtökum sem hinir lærðu hafa á hraðbergi: Tökum dæmi: „Strákarnir [sjónvarpsþátturinn] eru partur af kúltúr sem kallast „laddishness“; „...alveg út í það sem kallast loony left á Bretlandi“; „...á ensku heita þetta identy politics“; „Í bókmenntum er notað hugtakið canon...“; „... hins vegar það sem kallast localismi“.

**… sem á ensku heitir**

Áfram heldur þetta: Seattleborg hefur sett „það sem kallast „growth boundary““; er ekki „ástæða til að taka upp það sem í Bretlandi kallast „Anti-Social Behaviour Orders““; „Lýðræðið í Bandaríkjunum er farið að bera mjög svip þess sem kallast plútókratí“; Vladimír Pútín „er það sem kallast „chekisti““; „... í þeirri tegund verslana sem á ensku kallast “high street““; og síðast en ekki síst: „Á frönsku heitir ástandið sem ríkir hér nostalgie de la boue – þið getið flett því upp“. Er þetta ekki það sem kallast besserwisser?



bergsteinn@frettabladid.is

## Jú-jú hjá babalawo



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Mansal og vændi

Í Frakklandi heyja laganna verðir stranga baráttu gegn mansali og vændi til að reyna að leysa úr áþján þær ógæfusömu stúlkur sem neyddar eru til að selja blíðu sína, jafnvel úti á gangstéttum, og oft verður þeim nokkuð ágengt.

Margar þessar stúlkur eru komnar frá fjarlægum löndum, ekki síst frá Austur-Evrópu; það er hin svokallaða „rússneska mafía“ sem stendur að baki innflutningnum og starfrækslunni, og á hana er lögreglan farin að kunna. Hún þekkir sína menn í mafíunni, hún veit að þar er mannhatur mestan part, stúlkurnar eru beittar grímulausu ofbeldi og bellibrögðum, eins og Íslendingar þekkja úr annarri átt, úr sænsku kvikmyndinni „Lilja 4ever“, og þar kann lögreglan stundum að láta krók koma á móti bragði. Hugsanagangur andstæðinganna, svo og fórnarlamba þeirra, liggur henni nokkuð opinn fyrir.

Því liggur beint við að álykta svo, að sama máli gegni um stúlkur sem koma frá öðrum heimshálfum, einkum og sér í lagi hinni svörtu Afríku, og þannig megi nota sömu aðferðir gegn þeirri sérstöku mafíu sem starfrækir þær. Þessi mafía er þekkt og hefur ákveðið andlit, ef svo má segja, það eru afrískar konur, nokkuð við aldur, sem eru kallaðar „madam“ í heimalöndum sínum en „mama“ þegar þær koma til Frakklands. En nú var eitthvað sem gekk ekki upp, lögreglan rak sig á vegg og engum venjulegum aðferðum hennar varð við komið. Hvað var hér á seyði? Smám saman kom hinn ægilegi sannleikur í ljós. Þessar afrísku stúlkur voru ekki beittar líkamlegu ofbeldi eins og Lilja og stöllur hennar. Málið var miklu verra, þær höfðu orðið fyrir gjörningum.

Þessar stúlkur koma ofan úr afdölum í Nígeríu og Benín, blekktar með loforðum um betri framtíð og án þess að hafa nokkra minnstu hugmynd um hvað það er sem bíður þeirra í raun og veru, en áður en þær eru sendar til Evrópu leiðir „madam“ þær fyrir galdrakall. Sá nefnist „babalawo“ og fremur hann á stúlkunum særingar sem nefndar eru „jú-jú“. Þær eru af ýmsu tagi, en felast einkum í því að galdrakallinn klippir af stúlkunum hár eða neglur eða hann vekur þeim blóð. Síðan er þessu, hárinu, nöglunum eða blóðinu, blandað saman við kol, og lesnar yfir öllu saman ýmsar mergjaðar særingaþulur. Fyrir þessa athöfn tekur galdrakallinn hundrað dollara í hvert skipti, og þar sem mönnum telst svo til að um það bil fjörutíu og fimm þúsund stúlkur séu fluttar árlega frá Nigeríu til Evrópu til að stunda þar vændi, er greinilegt að þarlendir galdrakallar hafa mikil umsvif. Nokkrir þeirra hafa jafnvel sest að í Vestur-Evrópu og stunda iðju sína þar.

Tilgangurinn með þessari myrku jú-jú serimóníu er nú sá að sannfæra stúlkurnar um að ef þær eru ekki hlýðnar í hvívetna muni illir andar fara að starfa á þeim eða þeirra nánustu. Og serimónían virðist vera miklu áhrifameiri en nokkurt líkamlegt ofbeldi eða hótanir um slíkt geta orðið. Óttinn við andana er svo mikill, að stúlkurnar þora ekki að æmta né skræmta árum saman, og þótt þær lendi í höndunum á lögreglunni og félagsráðgjöfum hennar leysa þær ekki frá skjóðunni. Öðru hverju tekst lögreglunni að afhjúpa vændishring, sem sé „madam“, eina eða fleiri, handbendi þeirra og nokkrar „starfstúlkur“. Síðan 2006 er t.d. sagt að tuttugu og fimm slíkir hringar hafi lent undir manna hendur, og starfrækti hver þeirra einar fimm eða sex stúlkur. En þetta kemur jafnan fyrir ekki, það er ekki hægt að fá stúlkurnar til nokkurrar minnstu samvinnu við þá sem vildu gerast bjargvættir þeirra.

Franskir lögreglumenn sem hafa frá blautu barnsbeini verið aldir upp við rökhyggju heimspekingsins Descartes standa alveg ráðþrota gagnvart þessu fyrirbæri, og sama máli gildir um aðstoðarmenn þeirra og ráðunauta. Þó vantar ekki að lögreglan sé vel mönnuð, bæði vísindadeildin sem og aðrar deildir. Hún hefur yfir að ráða sérfræðingum í öllum sköpuðum hlutum, réttarlæknum, efnafræðingum, fingrafarafræðingum, beinamælingamönnum, sálfræðingum, félagsfræðingum, afbrotafræðingum, tölvufræðingum, karate-meistörum, fjármálasérfræðingum, glímukóngum, dulmálsráðningamönnum, túlkum í rússnesku, jórúba, pöl og öðrum álíka torskildum tungumálum, og mörgum fleiri. En nú er ljóst að þetta er alls ekki nóg. Til að lögreglan sé fullskipuð og vanda sínum vaxin þarf að bæta við hana einni nýrri starfsgrein: djöflasæringamönnum frá Nígeríu.

## Ekki halda áfram í Helguvík

**UMRÆÐAN**

Álver í Helguvík



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Framkvæmdir geta ekki haldið áfram við álver í Helguvík. Þetta er nákvæmlega svo einfalt. Það eru svo margir endar lausir að hvort sem litið er á framkvæmdina út frá sjónarhóli stjórnsýslu eða viðskipta, blasir við að framkvæmdir núna eru skammsýni – slæm stjórnsýsla og illa undirbúinn bissness. Fjármálaráðherra og bankastjóra Landsbankans er alveg sama og hvetja Íslendinga til að pissa í skóinn sinn.

Tvennt er í veginum varðandi álver í Helguvík. Í fyrsta lagi er ekki búið að afla orku nema í mesta lagi fyrir fyrsta áfanga. Enginn veit hvaðan viðbótarorkan á að koma því nágrannasveitarfélögin vilja nýta sínar orkulindir sjálf og Landsvirkjun ætlar ekki að bjarga málum. Í öðru lagi er ekki búið að afla kvóta fyrir mengunina sem myndi koma frá þessu álveri.

Álver í Helguvík er gegn vilja Samfylkingarinnar. Ekki bara hafa Ungir jafnaðarmenn og samtök umhverfissinnaðra jafnaðarmanna, ályktað gegn því heldur hafa þingmenn og ráðherrar lýst andstöðu sinni. Iðnaðarráðherra og utanríkisráðherra hafa bæði sagt að ef eitt álver eigi að rísa í viðbót yrði það betur komið við Húsavík. Ísland á bara pláss fyrir mengun frá einu litlu álveri í viðbót. Þess vegna værum við að pissa í skóinn með því að ryðjast í óundirbúnar framkvæmdir í Helguvík undir því yfirskini að redda efnahagslægð. Áhrifin á efnahaginn eru umdeilanleg og sterk rök fyrir að þau yrðu neikvæð. En þegar allt kemur til alls skiptir mestu að við horfum til framtíðar í atvinnuuppbyggingu.

Ungir jafnaðarmenn eru raunar á móti frekari uppbyggingu mengandi áliðnaðar á Íslandi. Mér finnst sjálfsagt að segja frá því um leið og ég útskýri af hverju framkvæmdir geta ekki haldið áfram í Helguvík, hvort sem menn eru hlynntir álveri eða ekki.

Að lokum vil ég spyrja: Af hverju liggur svona ofboðslega á? Þolir álver í Helguvík ekki bið eftir því að við sjáum hvort forsendur séu fyrir byggingu þess?

*Höfundur er formaður Ungra jafnaðarmanna.*



H:N markaðssamskipti / SIA



# TÍMÍANLAMBAHRYGGUR OG STEINSELJUHJÚPAÐ FILLET

## ÁSAMT HEITFENGNUM FÍKJUM, GRÆNMETISPÖNNU OG DIJONKARAMELLUSÓSU

**Fyrir 6 MANNS**

- 1,2 - 1,5 kg lambahryggur
- 4 bökunarkartöflur
- 4 epli (ekki rauð)
- 2 sellerístilkar
- 1/2 lítri rjómi
- 50 g valhnetur, saxaðar
- 2 skarlottulaukar, fínsaxaðir
- 1 steinseljubúnt, saxað
- 6 fíkjur, ferskar
- 4 rauðrófur, afhýddar
- 1 tímíanbúnt
- 3 msk hunang
- 2 msk dijon sinnep
- 2 glös hvítvín
- lambakraftur
- kanill og sykur

Hryggurinn sagaður eftir endilöngu og úr verður 1/2 hryggur, fillet og lundir.

Skrælið kartöflur og epli, skerið í teninga ásamt sellerístilkum. Forsjóðið kartöflur í 3-5 mín. Fínsaxið skarlottulaukinn. Hitið pönnu, léttsteikið epli og kartöflur. Bætið við sellerii og lauk, gætið þess að gylla ekki. Bætið við 1/4 léttþeyttum rjóma, stráið smá kanil og sykri yfir og að síðustu steinselju og valhnetum.
Rauðrófur bakaðar heilar í u.þ.b. 30 mín. Skerið fíkjurnar í kross og bakið í 10 mín. við 160°.

**Lambahryggur**
Ristið rákir í hrygginn þversum og kryddið með salti og pipar. Skerið langsum meðfram hryggjarbeininu og stráið tímían í raufina. Steikið í ofni við 160° í u.þ.b. 30 mín. Skerið að beini og skiptið í sex hluta. Berið fram liggjandi á hryggjarbeininu.

**Lambafillet**
Fillet skorin af hryggnum og velt upp úr steinselju. Heilsteikið upp úr olíu og smjöri til helminga við vægan hita. Gætið þess að ekki komi steikingarlitur á kjötið svo litur steinselju haldi sér.

**Lambalundir**
Lundir skornar frá og framreiddar í forrétt eða sem lystauki - carpaccio eða grafnar.

**Sósa**
Sjóðið hunang niður þannig að það verði að karamellu. Hellið hvítvíni í og sjóðið niður um 2/3. Þeytið dijonsinnep út í, bætið við lambakrafti og 1/4 af rjómanum.

*Lambakjöt*

## FRIÐGEIR INGI

YFIRKOKKUR Á HÓTEL HOLTI

## AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJOT.IS


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPNUN KL.10 Í ÖL
BÓNUS PÁSKAEGGIN
898
798
598
Opið á morg
skírdag
10.00-18.3
Bónus páskaegg nr.4 315g 598 kr. Bónus páskaegg nr.5 420g 798 kr.
Bónus páskaegg nr.6 520g 898 kr.
1498
KS ferskt lambaprime
1498 kr./kg.
20%
AFSLÁTTUR
KS frosið lambalæri 879 kr./kg.
MERKT VERÐ: 1098 KR./KG
MEST SELDA LAMBALÆRIÐ
Í BÓNUS
30%
AFSLÁTTUR
KF einiberjalambalæri
1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1999 KR./KG.
LAMBAKJÖT: FERSKT EÐA FROSIÐ
2398
KS frosið lambafillet m/fituröndum
2398 kr./kg.
1500 einingar
í boði.
2698
KS ferskt lambafillet m/fituröndum af
nýslátruðu
2698 kr./kg.
15%
AFSLÁTTUR
KF kofareyktur hangiframpartur
m/beini 679 kr./kg.
MERKT VERÐ 799 KR./KG. 3 tonn í boði.
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAG 10.00-19.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LLUM VERSLUNUM

## ALI SVÍNAKJÖT GOTT VERÐ

gun

30




Ali ferskur svínabógur **499 kr./kg.**




Ali hryggur með beini
**1252 kr./kg.** MERKT VERÐ: 1789 KR./KG.




Danish Crown svínahryggur án puru
**aðeins 998 kr./kg**




Danish Crown svínalundir frosnar
**1079 kr./kg.** MERKT VERÐ 1798 KR.




Bónus fetaostur í gleri 250g
**198 kr.**




Bónus ís bragðarefur 1 ltr.
**198 kr. boxið.**

## NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS




Bónus nýbakaðir kleinuhringir 2 stk. Súkkulaði & karamellu **198 kr.**
Bónus nýbakað baguettebrauð 1 stk **98 kr.**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAG 10.00-19.00

# Flaggskipi nýsköpunar í Evrópu ýtt úr vör

**UMRÆÐAN**
Nýsköpun

Nýsköpun er hornsteinn vaxtar og samkeppnishæfni og þar af leiðandi lykill að aukinni velferð í samfélaginu. Til að ýta undir aukna nýsköpunarmenningu innan Evrópu hefur ESB ákveðið að stofna svokallaða Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu (European Institute of Innovation and Technology).


ARNHEIÐUR ELÍSA INGJALDSDÓTTIR

Til að standa vörð um nýsköpun á Íslandi voru, árið 2007, sett sérstök lög á Alþingi um stofnun og starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar er að stuðla að nýsköpun með því að veita öfluga stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki og vera leiðandi í tæknirannsóknum á Íslandi. Miðstöðin leggur áherslu á sterk tengsl við bæði atvinnulífið og háskólasamfélagið til að ná sem mestum árangri í rannsóknum og þróun, íslensku samfélagi til framdráttar. Ennfremur leggur Nýsköpunarmiðstöð Íslands áherslu á öflugt samstarfsnet við fyrirtæki og stofnanir erlendis og veitir þjónustu á sviði tækniyfirfærslu og þróunarsamvinnu milli íslenskra og erlendra fyrirtækja og stofnana. Impra – nýsköpunarmiðstöð hefur hlúð sérstaklega að nýsköpun á Íslandi frá stofnun árið 1999, þá sem deild innan gömlu Iðntæknistofnunar, en myndar nú eitt af kjarnasviðum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Nú hefur framkvæmdastjórn ESB tekið fyrsta skrefið að skipun stjórnar fyrir hina nýju Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Markmiðið er að stofnunin hefji starfsemi sína síðar á þessu ári og að hún verði flaggskip fyrir nýsköpun og tækni í Evrópu. Nýsköpunar- og tæknistofnuninni er ætlað að sameina besta vísinda-, viðskipta- og menntunarmátt Evrópu til að efla nýsköpunarmátt álfunnar. Þetta er liður í að vinna að því að minnka það bil sem er á milli Evrópu og stærstu keppinautanna í nýsköpun, Bandaríkjanna og Japan. Fyrstu fimm árin, frá 2008-2013, hefur stofnunin rúmlega 300 milljónir evra til umráða fyrir starfsemina.

Undir stjórn Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu verður unnið í svokölluðum „þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum“ að rannsóknum, menntun og nýsköpun. Í fyrstu atrennu verður um að ræða tvö til þrjú slík samfélög. Þátttaka atvinnulífsins að starfi þeirra verður lykilatriði til að vel til takist. Við val á aðilum inn í þessi þekkingar- og nýsköpunarsamfélög mun stjórn Nýsköpunar- og tæknistofnunarinnar taka tillit til helstu áskorana í vexti og nýsköpun sem ESB stendur frammi fyrir. Því er líklegt að við val inn í fyrstu samfélögin verði höfð til hliðsjónar aðkallandi rannsóknarefni á sviði loftlagsbreytinga, endurnýjanlegrar orku og næstu kynslóðar upplýsinga- og samskiptatækni.

*Höfundur er verkefnisstjóri á Evrópumiðstöð Impru, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.*

# Í faðmlögum einkavæðingar

**UMRÆÐAN**
Heilbrigðismál

Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei farið dult með þá stefnu sína að einkavæða eigi heilbrigðiskerfið, enda eru sjúkdómar og heilbrigði fólks örugg tekjulind fyrir þá sem vilja græða á samfélaginu. Geir Haarde fagnaði sérstaklega stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna því nú væri hægt að ganga lengra í einkavæðingu heilbrigðismála en með Framsókn. Þótti mörgum framsóknarmaddaman þó býsna undirgefin og eftirlát íhaldinu.


JÓN BJARNASON

Boðaður er víðtækur samruni heilbrigðisstofnana vítt og breitt um landið undir yfirskini hagræðingar. Markmiðið er þó niðurskurður á starfsemi. Aðdragandi þessa er búinn að vera nokkur. Fyrst var lögum breytt og stjórnir sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana lagðar niður.

Valdið var fært til framkvæmdastjóra sem heyra beint undir ráðherra. Stjórnendur eru því í algjörri úlfakreppu og eiga oft fárra kosta völ.

Hinsvegar er vel hægt að auka samstarf án þess að svipta stofnanir sjálfstæði sínu.

### Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur

Nú er gjörbylt skipulagi sjúkrahúsmála á landsbyggðinni, fyrirvaralaust og án nokkurs samráðs við starfsfólk eða heimamenn. Frammi fyrir þessu standa m.a. Húnvetningar, Skagfirðingar, Vestlendingar og fleiri læknishéruð. Sérstök ástæða er til að hvetja samtök sveitarfélaga á svæðunum og einstakar sveitarstjórnir til að vera mjög á verði. Það á að krefjast raunverulegs samráðs áður en boðaðar breytingar ganga í gegn. Góð heilbrigðisþjónusta hefur verið aðdráttarafl til búsetu ekki síst á landsbyggðinni. Litlar líkur eru á að boðaðar breytingar efli nærþjónustuna. Hitt er mun líklegra að niðurskurður og skert þjónusta fylgi í kjölfarið.

Heilbrigðisráðherra Sjálfstæðisflokksins hefur hafið herför gegn Landspítalanum. Með skertum fjárveitingum til spítalans átti að búa í haginn fyrir stórfellda einkavæðingu. Verkþættir og heilar deildir hafa verið boðnar út og hópuppsagnir fylgja í kjölfarið. Þótt ráðherrar Samfylkingarinnar styðji þessar aðgerðir trúi ég ekki að hinn almenni kjósandi flokksins geri það. Nú þarf að taka höndum saman og slá skjaldborg um félagslegt heilbrigðiskerfi landsmanna.

### Kerfið dýrmætara en hrokafullur ráðherra

Vinstri- grænir standa nú sem fyrr vaktina til varnar. Í ljósi atburða síðustu daga og hve hart er gengið fram í að gjörbylta heilbrigðiskerfinu hefur flokkurinn sent frá sér harðorða ályktun þar sem segir:

„Mikilvægustu heilbrigðistofnunum landsmanna er haldið í fjárhagslegri spennitreyju, vinnuálag fer vaxandi á þegar undirmönnuðum deildum, vöktum er breytt í óþökk starfsfólks og nú er hafin handahófskennd einkavæðing einstakra þátta heilbrigðisstarfseminnar eða heilla deilda. Afleiðingar alls þessa birtast nú í hópuppsögnum sem að óbreyttu munu lama ómissandi kjarnastarfsemi í heilbrigðisþjónustunni.

Að lokum gefast stjórnendur upp fullsaddir af skeytingarleysi heilbrigðisráðherra og hrokafullri framkomu. Alvarlegra er þegar þeir eru beinlínis hraktir úr starfi eins og nú hefur gerst með æðstu stjórnendur Landspítalans. ... Vinstrihreyfingin - grænt framboð mun ekki láta ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar komast þegjandi og hljóðalaust upp með að vinna óbætanleg skemmdarverk á heilbrigðiskerfinu og flæma þaðan burtu í stórum stíl mestu verðmæti þess, starfsfólkið. Heilbrigðiskerfið og mannauður þess er margfalt mikilvægara en einn hrokafullur ráðherra, það er dýrmætara en heil ríkisstjórn.“

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*

# Verkin tala

**UMRÆÐAN**
Borgarmál

Á þeim tæpu tveimur mánuðum sem liðnir eru frá því að nýr borgarstjórnarmeirihluti tók við völdum, hafa þau orð oft verið látin falla, að of snemmt sé að fella dóma yfir störfum nýs meirihluta heldur muni verkin tala í fyllingu tímans. Skilja má orðin með þeim hætti að þegar verkin hafi talað þá muni stuðningur almennings við meirihlutann fara vaxandi. Þótt ekki sé langur tími liðinn frá myndun þessa meirihluta, þá hefur ýmislegt verið aðhafst sem við í minnihlutanum höfum gagnrýnt og því ágætlega við hæfi að fara yfir verkefnalistann og láta verkin tala sínu máli.


ÓSKAR BERGSSON

### Skipulag í uppnámi

Fyrsta verkefni meirihlutans voru kaupin á húsunum við Laugaveg 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A fyrir 580 milljónir króna. Áætlaður viðgerðarkostnaður er a.m.k. 400 milljónir og því framkostnaðaráætlun verksins í heild um 1 milljarður króna. Með þessu uppátæki fór skriða friðunarhugmynda af stað og Húsafriðunarnefnd setti fleiri hús við Laugaveg á friðunarlista. Borgarstjóri hefur gefið í skyn að endurskoða eigi niðurrifsheimildir fyrir fleiri hús við Laugaveg. Þar með er deiliskipulag Laugavegar og Þróunaráætlun miðborgar, sem kostað hafa borgina 142 milljónir, fallin um sjálft sig og 55 þúsund fermetra byggingarmagn við Laugaveg sem átti að styrkja Laugaveginn sem helstu verslunargötu landsins er komið í óvissu. Verðmat gamalla húsa er komið upp úr öllu valdi og allir sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu halda að sér höndum eftir þessi uppkaup og bíða hvort borgarstjórn sé tilbúin að kaupa fleiri gömul hús fyrir 750 þúsund krónur á fermetra, eins og gert var við Laugaveg 4 og 6.

### Framkvæmdastopp á flugvellinum

Líklegasta skýringin á 10% fylgi F-listans í síðustu borgarstjórnarkosningum var einörð afstaða þeirra til þess að Reykjavíkurflugvöllur yrði áfram í Vatnsmýri. Þegar á reyndi dugði stuðningur F-listans við Vatnsmýrarflugvöllinn ekki nema í tvö ár, eða þar til borgarstjórastóll bauðst í staðinn fyrir heilindin og staðfestuna. Að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni út kjörtímabilið er sennilega mesta „ekki frétt“ í stjórnarsáttmála sem sögur fara af. Það er vitað mál að ekki stóð til að hrófla við flugvellinum á árunum 2008 – 2010 og hrein móðgun að setja málið upp með þessum hætti. Ein vísbending af mörgum um að hugur fylgi ekki máli er synjun borgaryfirvalda á umsókn Iceland Express um aðstöðu á Reykjavíkurflugvelli. Þar er fyrirtæki synjað um aðstöðu í viðleitni sinni til að auka samkeppni í innanlandsflugi. Synjunin kemur frá meirihluta sem situr í skjóli borgarstjóra sem kosinn var út á eindregna afstöðu sína um að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri.

### Ástandið afhjúpað

Eitt af fyrstu verkum meirihlutans var að leggja fram þriggja ára fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Þar kemur fram að skera á niður um 1 milljarð króna til uppbygginga íþróttamannvirkja í Reykjavík. Borgarstjóri hefur þrætt fyrir þennan niðurskurð þrátt fyrir að allar staðreyndir málsins liggi fyrir. Engu að síður hefur það verið staðfest að niðurskurður til uppbyggingar íþróttamannvirkja í Reykjavík er staðreynd og nemur svipaðri upphæð og húsin á Laugavegi og viðgerð á þeim kostar.

Í þriggja ára áætluninni hefur meirihlutinn lagt til að borga fólki fyrir að vera heima með börn sín á meðan beðið er eftir leikskólaplássi. Ofrausn meirihlutans í þeim efnum er sem nemur 9 þúsund krónum á mánuði fyrir hvert barn.

*Niðurskurður til stofnframkvæmda sanna að borgarstjórinn og meirihluti hans gera ekki greinarmun á kostnaði til dagslegs rekstrar annars vegar og kostnaði við tekjustofna framtíðarinnar hins vegar.*

Nýi meirihlutinn gerir sér enga grein fyrir því tólf sílendra tryllitæki sem Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar er, þegar kemur að því að afla tekna fyrir borgarsjóð. Niðurskurður til stofnframkvæmda í hverfum 3 og 4 í Úlfársárdal sanna að meirihlutinn gerir ekki greinarmun á kostnaði til dagslegs rekstrar annarsvegar og kostnaði við tekjustofna framtíðarinnar hinsvegar. Á þessum liðum eru borgaryfirvöld að spara sér til tjóns og verður borgin af hundruð milljóna tekjum vegna skilningsleysis meirihlutans á eignarekstri og verklegum framkvæmdum.

Það er óhætt að segja að verkin tali þegar fyrstu verk meirihlutans eru skoðuð. Verkin tala á Laugaveginum, verkin tala á flugvellinum, verkin tala í 1 milljarðs niðurskurði til íþróttamannvirkja, verkin tala í 9 þúsund króna heimgreiðslum og verkin tala í glötuðum tækifærum Framkvæmda- og eignasviðs til tekjuöflunar fyrir borgina.

Verkin tala og af verkunum skuluð þið þekkja þau.

*Höfundur er borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.*


Bókaðu
fermingarbarninu betri framtíð




Saga daganna
Verð: 5.980,-

Stóra myndorðabókin
Verð: 9.990,-

Þessar bækur og margar fleiri færðu á fermingartilboði í næstu bókabúð

FORLAGIÐ
www.forlagid.is










Benedikt er staðráðinn í að fara aftur til Tyrklands í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tyrkland kom á óvart

***Benedikt Þorgeirsson, verkstjóri hjá Kópsson bílaþrifum, er mikill áhugamaður um ferðalög og hefur komið víða.***

Síðasta haust skellti Benedikt sér ásamt unnustu sinni í ferðalag til Tyrklands og þar upplifði hann skemmtilega hluti. „Ferðamennska virðist vera nýjung fyrir heimamenn. Tyrkland er múslimasamfélag og það er mjög ólíkt okkar íslenska samfélagi og maður verður að taka mið af því. Tyrkir eru glaðlyndir og skemmtilegt fólk sem hlúir vel að ferðamönnum,“ segir Benedikt og bætir við að það sé margt sem komi skemmtilega á óvart í Tyrklandi. „Klósettin eru afar áhugaverð og ekki er notaður klósettpappír og því hafa öll klósettin vatnsventil sem sér um hlutverk klósettpappírsins. Mér leist ekkert á þetta í byrjun en maður getur vanist öllu og bara skemmtilegt að upplifa þetta og gaman að geta sagt frá þegar heim var komið að í Tyrklandi pissi klósettin á mann,“ segir Benedikt og hlær.

Tyrkneskt nudd er frægt um allan heim og Benedikt varð að prófa að fara í slíkt. „Það var frekar furðulegt þetta nudd. Ég hélt að ég væri að fara í leirbað og að liggja í einhverjum þægindum meðan ég yrði nuddaður frá toppi til táar en svo var ekki. Manni var skellt á marmarabekk og svo komu tveir tyrkneskir dvergar með risastóra svampa í hönd og skrúbbuðu mig. Ég get nú varla sagt að þetta hafi verið nudd, en manni er sagt að koma á fyrstu dögum ferðar sinnar því skrúbbið er svo mikið að það skefur burt alla sólbrúnku,“ útskýrir Benedikt og bætir við að nuddskrúbbið hafi þó verið þægilegt og slakandi.

Benedikt og unnusta hans eru staðráðin í að fara aftur til Tyrklands næsta haust enda hafi þau verið mjög ánægð með ferðina og segja Tyrkland vera framandi og skemmtilegan stað til að ferðast um og til að lengja sumarið.

*mikael@frettabladid.is*


Breiðhöfða
PLANIÐ bílasala 5170000
517 0000
www.planid.is


**VW Passat TDI** Dísel 170hö, 3/07, 18þ.km. topplúga, álfelgur, leður, auka dekk. Verð 3.650.000.-


**Ford F350,** 6,0 dísel, 2005, 56þ.km. ssk, 37“ breyting, er á 35“ dekkjum. Verð nú 3.790.000.-


**Nissan Pathfinder**, Dísel, 11/06, 24þ.km. 7manna, álfelgur. Verð 4.590.000.-


**BMW M3** 4/03, 73þ.km. 2 dyra, leður, topplúga, magasín, Verð 5.990.000.- skipti ath.


**MMC Pajero sport,** GLS, 33þ.km. 3/06, krókur, filmur, CD spilari, 32“ dekk, Verð 2.990.000.-


**Honda CRV,** 1998, 140þ.km. sjálfskiptur, Verð 590.000.-


**Toyota Corolla** 1,6, 2004, 79þ.km. álfelgur, topplúga, 5 dyra, Verð 1.450.000.- áhv. 1.250.000.-

**Farangursgeymslan** í bílnum getur verið lítil en það ætti ekki að hindra fólk í að leggja í ferð. Með réttu skipulagi má koma fyrir ótrúlegu miklum farangri og oft er betra að pakka honum ekki í töskur heldur beint í skottið á bílnum.





Bjarki Sigurðsson svífur um loftin. Hann er aðeins fjórtán ára gamall og stigahæstur í unglingaflokki. MYND/DALLI58

# Snjókross á Húsavík

***Fimmta umferð Íslandsmótsins í snjókrossi fer fram á laugardaginn.***

„Þetta er næstsíðasta umferðin svo spennan er farin að magnast,“ segir Sigurður Baldursson vélsleðamaður, sem verður að sjálfsögðu staddur á Húsavík um helgina til að fylgjast með fimmtu umferð Íslandsmótsins í snjókrossi. Fyrri umferðir hafa farið fram í Mývatnssveit, á Akureyri, í Ólafsfirði og Reykjavík en lokaumferðin fer fram á Egilsstöðum 12. apríl næstkomandi.

Sigurður segir að keppendur komi alls staðar að af landinu og hópurinn stækki stöðugt. „Í ár er keppt í fimm flokkum; unglingaflokki, sportflokki, meistaraflokki. dömuflokki og flokki 35 ára og eldri.

Dömuflokkurinn hefur aldrei verið jafn fjölmennur og það er gaman að sjá fjölga þar,“ segir Sigurður og bætir því við að snjókross sé sannkallað fjölskyldusport. „Þetta er ofsalega skemmtilegt og ég hvet fólk til að koma og fylgjast með,“ segir Sigurður.

*- þo*

# Subaru í nýrri útgáfu

***Von er á nýju flaggskipi frá Subaru á þessu ári.***

Lúxusbíllinn Subaru Tribeca kemur í nýrri útgáfu á árinu en búið er að endurbæta hann talsvert, meðal annars með nýrri sjálfskiptingu og nýrri 3,6 lítra bensínvél, auk þess sem bíllinn hefur fengið nýtt útlit. Subaru Tribeca er stór fólksbíll með jeppaeiginleika og má líkja honum við Lexus RX300, Volvo XC90 og VWTouareg.

Bíllinn hefur fengið mörg verðlaun fyrir innréttinguna sem sveigist utan um ökumann og farþega en ístaðalbúnaði bílsins eru sóllúga og leðurklæðning auk fullkominna hljómflutningstækja með geislaspilara og aksturstölvu sem miðlar upplýsingum um allt sem ökumaður þarf að vita. Verðið á þessum bíl verður í kringum sex milljónir hjá Ingvari Helgasyni.

*- rat*



Subaru kynnir nýjan lúxusbíl á árinu.


Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

THULE® SWEDEN
SKÍÐABOGAR
Allar upplýsingar um THULE er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is
Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

FRAMÖXLAR Í JEPPA
Japan/U.S.A.
Öxulliðir í flestar gerðir jeppa
FJALLABÍLAR Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
fjallabilar@fjallabilar.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

NÝR IVECO TRAKKER
Til afhendingar strax!
IVECO ALL BLACKS OFFICIAL GLOBAL SPONSOR
- Sparneytnari
- Hagkvæmari í rekstri
- Umhverfisvænni
- Kröftugri
- Liprari
- Þægilegri
- Vandaðari
- Íburðarmeiri
Hafðu samband við sölumenn okkar strax og tryggðu þér eintak.
VÉLAVER HF
Krókhálsi 16, Reykjavík
Gleráreyrar 2, Akureyri
Sími 588 2600
www.velaver.is



**Borðlampar** gefa frá sér hlýlega birtu og ljá heimilinu notalegan blæ. Gott er að staðsetja lampa við sófaenda eða í hornum þar sem mildrar birtu er þörf.

# Eitt hús á viku að jafnaði

***Þegar vorar vaknar þrá borgarbarna eftir sumarbústað í friðsælum reit uppi í sveit. Á Selfossi er fyrirtækið SG hús sem sérsmíðar timburhús frá grunni úr finnsku greni.***

„Við smíðum öll húsin á verkstæðinu og seljum þau á öllum stigum. Ósamsettar einingar með hurðum og gluggum, með einangrun eða án en einnig uppsett með pöllum og heitum pottum. Allt eftir því hverju fólk er að leita að,“ segir Óskar Jónsson, framkvæmdastjóri SG húsa. Hann bætir því við að fyrirtækið eigi land í Brekkuskógi sem standi kaupendum húsa til boða.

Framleiðsla SG húsa snýst ekki bara um sumarhús heldur líka íbúðarhús af öllum stærðum. „Reyndar eru öll sumarhús miðuð við heilsársnotkun,“ segir Óskar. Hann telur íslensk sumarhús fara stækkandi á heildina litið. Einn og einn kaupi þó enn 50-60 fermetra hús. Einingarnar sem fyrirtækið framleiðir miðast við mótin 1,20 m. „Við lengjum hús og breikkum um 1,20 metra í senn og eigum fjöldann allan af teikningum sem flestar eru eftir íslenska arkitekta á ES teiknistofunni.“ Óskar kveðst sækjast eftir að kaupa íslenskt. Til dæmis sé einangrun í húsin fengin frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki.

Fyrirtækið SG hús stendur á gömlum grunni. Sigurður Guðmundsson stofnaði það 1965 en skipti því upp í byggingarverslun og húsaframleiðslu árið 1996. Óskar og fleiri starfsmenn keyptu þá húsasmíðaverkstæðið. „Þegar við byrjuðum vorum við þrettán en nú erum við 45 og framleiðum 45-55 hús á ári eða um eitt á viku að jafnaði.“ Frekari upplýsingar er að finna á sghus.is

*gun@frettabladid.is*





Óskar segir þarfir húsakaupenda geta verið mjög ólíkar en SG hús reyni að uppfylla þær eftir bestu getu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


MOSFELL
KERTO LÍMTRÉ

YFIR 25 ÁRA REYNSLA Á ÍSLANDI MEÐ KERTO LÍMTRÉ

Notaðu KERTO LÍMTRÉ í burðarvirkið
KERTO LÍMTRÉ í milligólfið
KERTO LÍMTRÉ það sem fagmenn velja
Sagað eftir þínum málum

KERTO LÍMTRÉ fyrir þá sem vilja gæði og hagkvæmni.

SKRIFSTOFA: HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606
VERKSMIÐJA: NORÐURGARÐUR 8 • MOSFELL@MOSFELL.IS

Visthús KLH® ehf
Heilsárshús, hesthús og hallir

Byggjum allar gerðir mannvirkja með KLH
Vistvænar, gegnheilar og sérsniðnar krosslímtrésplötur frá Austurríki




Upp á einum degi með KLH
Verðdæmi: 2.850.000 kr upp komið
Allt KLH efni upp komið, útveggir, milliveggir og þak, miðað við aðkomu að tilbúnum undirstöðum. Viðmiðunargengi EUR = 116 kr Grunnflötur 80 m² Þakplata 100 m² Hæð 2,7 m. Gluggar, hurðir, einangrun og klæðning ekki innifalin í verði. Einnig stærri hús.



KLH Stuttur afgreiðslutími
Afhendum sérsniðið byggingarefni á byggingastað á 6-8 vikum

Breytingar eru ekkert mál með KLH

Rís nútímaleg og vistvæn hesthúsabyggð í Garðabæ og Kópavogi árið 2008 ?

* PEFC vottun KLH staðfestir sjálfbærar og samfélagsleg ábyrgrar nýtingu skóga.
* Efniviður í KLH burðarvirkið er sóttur í hægvaxandi skóga í 1000-1600 m hæð í fjallshlíðar Austurríkis þar sem grisjunar þarfnast við. Með hverju grenitré sem fellt er í KLH burðarvirki skapast aukin skilyrði til ljóstillífunar sem eykur súrefni í andrúmslofti.
* Krosslíming grenifjala í KLH er tryggð með vistvænt vottuðu PureBond lími.
* Í hverjum rúmmetra af KLH byggingaefni er bundið kolefni sem losnar ekk út í andrúmsloftið eins og ella yrði raunin á í náttúrunni.
* Fjölmargt mætti nefna í verkferlum frá haga til halla sem skilar hlutfallslegri kolefnajöfnum KLH í vil í samanburði við mannvirki út steinsteypu og stáli. Hvað með lífeðlisfræðilega eiginleika mannvirkjanna? Hvað á þarfasti þjónn þessa land helst skilið ?

Visthús KLH leggur sitt af mörkum og býður milliliðalaust miðað við tilbúnar undirstöður. Magnpöntun lækkar verð.





Verðlaunareiðhöll 2005

Hesthús á Kjóavöllum Gerð C
127 m² 12 hestar. Sjá www.gustarar.is : Húsagerð
Verð: 4.977.000 kr allt KLH burðarvirkið.
Sérsniðnir veggir og þak afhendast á byggingarstað. Veggir tilbúnir til innréttinga og einangrunar að utan. Lagnastokkar í veggjum. Verð miðað við tvö hús á einu fleti í flutningi og gengi EUR 116. Efnisval samkvæmt ströngustu reglugerð. Breytingar á teikningum er ekkert mál með KLH



Afgreiðslutími 6-8 vikur frá staðfestingu. Byggingatími 1,5 til 2 dagar fyrir 3 menn. Framleiðslugeta 10 hús á dag.

Visthús KLH ehf
Símar 533 3314 & 896 7080
visthus@visthus.is
www.visthus.is
Skeifan 19 108 Reykjavík

Visthús KLH

VOTTUN ETA - 06/0138 EOTA CE DIBt CSTB PEFC PEFC/06-34-110 VOTTUN

**Páskaskreytingar** geta verið skemmtilegar og oft er nóg að stinga nokkrum greinum í vatn og festa á þær lítil egg eða fjaðrir til þess að vera komin með fyrirtaks skreytingu.

ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshóteli
Heilsusamlegir páskar á Fosshóteli Reykholti
TILBOÐ
Heilsupakki 20. - 22. mars kr. 23.500
Hatha jóga pakki 21. - 23. mars kr. 29.900 / 50.000 fyrir parið
Bókanir og upplýsingar í síma 435 1260

allt heimili
Alla fimmtudaga



Hérinn hefur lengi verið tákn páskanna víða um heim.

# Hérinn gleður börnin

***Páskahérinn er þekktur víða um lönd.***

Flestir tengja pákahérann við skemmtilegt páskaskraut, styttur, myndir og súkkulaðilíkneski af hérum með körfur. Í Þýskalandi og víðar hefur páskahérinn þó stærra hlutverk. Hann kemur með körfu fulla af lituðum eggjum sem hann felur í görðum fyrir börn sem hafa verið prúð og góð. Að morgni páskadags fara börnin út í garð og leita eggjanna.

Hérinn hefur verið tákn páska frá örófi alda og má tengja hann við heiðnar vorhátíðir. Vorið var tími frjósemi og endurnýjunar og varð hérinn eitt af táknum frjóseminnar enda eru hérar sýnilegir á vorin þegar karldýrin stíga í vænginn við kvendýrin og lítil hérabörn líta dagsins ljós. Til dæmis segir sagan að hérinn hafi verið heilagt dýr saxnesku gyðjunnar Eastre.

Hvernig það kom til að hérinn fór að dreifa lituðum eggjum er óljóst en egg tengjast einnig fornum siðum. Til dæmis mála Grikkir eggin sín rauð, í lit blóðsins, til að tákna að líf kvikni á vorin.

Hinn þýski páskahéri hefur með tímanum borist víða um lönd. Til dæmis barst sá siður að leita eggja sem hérinn skildi eftir með þýskum landnemum til Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Siðurinn hefur þó þróast í þá átt að hérinn skilur ekki aðeins eftir litað egg handa bandarískum börnum heldur körfur fullar af súkkulaði og sælgæti. *- mmr*

Annan í páskum skellum við okkur til Grindavíkur með nesti og góða skapið
Annan í páskum skemmtir fjölskyldan sér saman og fer í menningar og sögutengda gönguferð með leiðsögn.
FJÖLSKYLDUSTEMNING
VEITINGAR
FJÖLBREYTTAR GÖNGULEIÐIR
SALTFISKSETUR ÍSLANDS
Ekkert þátttökugjald




Mæting kl 13:00 við bílastæðið Bláa Lónsinns Og er áætlað að hún taki um 3 klukkustundir.
Gengið verður m.a. um mosagróið Illahraun, framhjá Rauðhól (gígnum sem hraunið kom úr á sögulegum tíma), farið með Skipastíg, gamallri þjóðleið, haldið austur með suðurhlíðum Þorbjarnarfells og inn á Baðsvelli.
Þar er ætlunin m.a. að kíkja á þjófaslóðir og hin fornu sel Grindvíkinga. Þá verður gengið yfir að svæði Hitaveitu Suðurnesja og um hið litskrúðuga lónssvæði að lækningalindinni og endað í heilsulind.
Í lok göngu verður tilboð, 2 fyrir 1 ofan í lónið.
GRINDAVÍK
www.saltfisksetur.is Saltfisksetur Íslands/Upplýsingamiðstöð Grindavíkur sími 4201190 og 6607303

## Kærleiksmolar í skrautboxi

SÚKKULAÐIMOLAR Í KANÍNUÖSKJUM HITTA Í HJARTASTAÐ.



Þessi krúttlegu skrautbox sem lokast með kanínueyrum, eggi, fagurfífli eða fiðrildi koma frá hönnuðinum Patriciu Zapata hjá A Little Hut. Þau eru tilvalin sem tækifærisgjöf undir heimagerð páskaegg og valda kærleiksmola handa einhverjum sérstökum á páskum.

Hægt er að að sækja snið boxanna í PDF-skjali á www.alittlehut.com, en þar fást einnig leiðbeiningar um efni og annað sem til þarf.

*- þlg*



Vantar eitthvað á veisluborðið?
Hjá okkur færðu glæsilegt úrval af íslenskum og erlendum ostum. Við útbúum ostabakka, ostapinna og ljúffengar ostakökur sem soma sér á veisluborðinu.
OSTA BÚÐIN
Ostabúðin | Bitruhálsi 2 | 110 Reykjavík
Pöntunarsími 515 8665 | ostar@ostar.is



**Ullarsokka** verður að hafa með þegar ferðast er á kalda staði. Í jöklaferðum eru handprjónaðir lopasokkar úr íslenskri ull bestir en þó má notast við vélprjónaða sokka í neyð.

# Til Rómar í þremur áföngum

***Alda Jónsdóttir og Kristín Einarsdóttir skipuleggja hjólaferðir á vegum Úrvals-Útsýnar. Alda segir ferðir af þessu tagi fyrir hvern sem er, enda sé boðið upp á misþungar ferðir.***



Hjólaferðirnar hafa verið vinsælar meðal Íslendinga.

„Ég fór fyrir mörgum árum með meðlimum Íslenska fjallahjólaklúbbsins til Noregs en það var í gegnum aðra ferðaskrifstofu. Í kjölfarið bað Sigurður Gunnarsson hjá Úrvali útsýn mig að skipuleggja hjólaferðir fyrir ferðaskrifstofuna,“ segir Alda.

„Sigurður var með Ítalíu í huga en Úrval-Útsýn var að fara nýtt inn á þann markað og ég fór þangað árið 2005 með fyrsta hópinn. Við höfum mest verið á Ítalíu en Kristín hefur aðeins verið með hjólaferðir í Austurríki líka. Ég geri ráð fyrir að þetta séu milli fimm og tíu ferðir á ári og njóta þær mikilla vinsælda.“

Þegar er búið að bóka mikið í hjólaferðir sumarsins en Alda segir fyrri part sumars vinsælastan. Þá eru þær stöllur að skipuleggja ferðir þar sem hjólað er frá Norður-Ítalíu til Rómar í þremur áföngum. Þá er lagt upp frá Bolzano og hjólað til Feneyja. Þaðan er svo hjólað til Flórens og síðasti áfanginn er leiðin frá Flórens til Rómar.

Alda hvetur áhugasama til að kynna sér ferðirnar á vef Úrvals-Útsýnar. „Þar er hægt að sjá myndir og greinar um ferðirnar.“

„Við bjóðum upp á tvær misמunandi gerðir af ferðum. Annars vegar er boðið upp á hörku hjólaferðir en svo erum við með ferðir þar sem fólk hjólar og slappar af í bland. Við höfum farið með ýmsar gerðir af hópum, til dæmis vinahópa og klúbba. Ferðirnar eru misjafnlega þungar og í sumum ferðum eru til að mynda engar brekkur.“ *hnefill@frettabladid.is*



Ef þrír eða fjórir ferðast með bíl fá þeir fargjaldið á sama verði og tveir.

# Tilboð fyrir fjóra og bíl

***Þrír eða fjórir geta siglt á verði tveggja með Norrænu til Danmerkur ef bíll er með í för.***

Smyril-line býður fjölskyldutilboð á ferðum með Norrænu til Danmerkur á tímabilunum 5. apríl til 20. júní og 13. september til 24. október. Ef þrír eða fjórir ferðast saman með bíl fá þeir fargjaldið á sama verði og tveir. Verð á mann miðað við fjóra verður þá 29.900 en er 49.550 annars. Tilboðið tekur líka til allt að sjö metra langs farartækis og hæðar venjulegs húsbíls. Nánari upplýsingar eru á síðunni www.smyril-line.is. *- gun*



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

**Harðbotna gúmmíbátar**



Harðbotna gúmmíbátar á vagni, með Yamaha utanborðsmótor F150AETX, ásamt nauðsynlegum aukahlutum.
Framleiddir í Kína.
Áætlað verð til afgreiðslu í Reykjavík
**kr. 5.650.000.-**
Króli
**Tilboðsverð á fyrstu 4 bátum með vél og vagni kr. 5.650.000**
Króli ehf – S: 565 6315 – 660 9503 – www.kroli.is




Heimsferðir bjóða beint vikulegt flug til Montreal í Kanada í allt sumar. Þetta er frábært tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

**Ekki missa af!**
- Ólympíugarðinum
- Mount Royal Park
- LaRonde - skemmtigarðinum
- Grasagarðinum
- Insectarium - skordýrasafninu
- Casino Montreal
- Biodome safninu

**Verð kr. 37.317**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Fargjald B.

**Verð kr. 58.515**
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, á Hotel Les Suites Labelle m/morgunverði í 7 nætur (brottför 22. ágúst).

**Spennandi heimsborg!**
- Fjölbreytt menning
- Himnaríki sælkerans
- Fjörugt næturlíf
- Frábært að versla
- Gott veðurfar

**Bókaðu beint á www.heimsferdir.is**

ENNEMM / SIA • NM32789

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



# lh hestar

ÍÞRÓTT ● MENNING ● LÍFSSTÍLL



HESTAMENN
**nota fjórhjól til þjálfunar**
BLS. 4





MIÐVIKUDAGUR 19. MARS 2008


## Áskorun til bæjaryfirvalda

Fundur LH og Léttis á Akureyri um öryggis- og skipulagsmál, haldinn í Brekkuskóla á Akureyri 29. febrúar 2008, skorar á bæjaryfirvöld á Akureyri að falla frá hugmyndum um skipulag á svæði Glerárdal fyrir akstursíþróttir í námunda við hesthúsahverfi Akureyrar, þar sem þessi starfsemi fer ekki saman. Telur fundurinn nauðsynlegt að finna aðrar lausnir á málefninu, því ljóst má vera að hvorugt svæðið á möguleika á því að þróast eðlilega til framtíðar ef svo fer fram sem horfir.

## Sigurbjörn í ræktunarnefnd FEIF

Sigurbjörn Björnsson á Lundum í Borgarfirði var kosinn í ræktunarnefnd FEIF á ársfundi samtakanna hérlendis í febrúar. Sigurbjörn er hrossabóndi og sat þrettán ár í stjórn og varastjórn LH. Frá Lundum hafa komið þekkt kynbótahross, svo sem stóðhestarnir Auður og Bjarmi, og móðir hans, Sóley, sem stóð efst á fjórðungsmóti á Kaldármelum 1997. Nýja verkefnið leggst vel í Sigbjörn, sem segir það minna á LH starfið. En mun hann beita sér fyrir einu öðru fremur? „Ég mun reyna að láta gott af mér leiða. Brýnasta verkefnið er að stuðla að sem mestri vegferð og kynbótaframförum íslenska hestsins í FEIF-löndunum. Þar er víða mikið verk óunnið.“




**Foríða fyrsta tölublaðs „Islanninhevonen.“**

## Nýtt tímarit í Finnlandi

Finnska Íslandshestasambandið hefur hafið útgáfu á nýju hestatímariti, „Islanninhevonen“ (Íslenski hesturinn), sem kemur út sex sinnum á ári. Í því verða faggreinar um ræktun, reiðmennsku og meðferð íslenska hestsins, skemmti- og afþreyingarefni. Finnska Íslandshestasambandið, sem var stofnað 1982, hefur stækkað ört undanfarin ár, og eru meðlimir um níu hundruð. Það hefur frá upphafi gefið út lítið fjölritað tímarit en nú finnst Finnum tími til að axla sín skinn í útgáfumálum. Samantekt á ensku fylgir tímaritinu sem er á vefsíðu sambandsins: www.islanninhevonen.net. Sjá www.eidfaxi.is



**Ísleifur Jónasson var sigurvegari á fyrsta ísmóti Þeirra allra sterkustu sem haldið var árið 2005. Hann keppti þá á Röðli frá Kálfholti, sem er með allra bestu klárhestum landsins um þessar mundir.** MYND/JENS EINARSSON

# Þeir allra sterkustu í Skautahöllinni

**Ísmót Landssambands hestamannafélaga, ÞEIR ALLRA STERKUSTU, verður haldið í Skautahöllinni í Reykjavík 29. mars.**

Úrtaka fyrir mótið verður í Skautahöllinni á skírdag, fimmtudaginn 20. mars. Tíu bestu í henni komast áfram.

Að venju verður landsliðsknöpum frá því á síðasta heimsmeistaramóti boðin þátttaka. Einnig stjörnum hinna ýmsu móta vetrarins. Flottustu keppnis- og sýningahross landsins verða því saman komin á einu og sama ísmótinu – Þeim allra sterkustu! Þetta er í fjórða sinn sem mótið er haldið. Allur ágóði rennur til styrktar landsliðinu í hestaíþróttum. Þátttaka í mótinu er takmörkuð, aðeins þeir bestu komast að.

Sérstök keppni stóðhesta er liður í dagskrá mótsins. Þar koma fram margir af glæsilegustu graðhestum landsins. Það verður því mikið um dýrðir í Skautahöllinni þennan síðasta laugardag marsmánaðar. Almenningi er bent á að mótin í Skautahöllinni hafa reynst frábær fjölskylduskemmtun. Það ríkir jafnan mikil stemning og áhorfendur eru virkir þátttakendur.

# Æskan og hesturinn í Víðidal

Stórsýningin Æskan og hesturinn verður haldin í Reiðhöllinni í Víðidal helgina 29. til 30. mars. Sjö hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu standa að sýningunni: Andvari, Fákur, Gustur, Hörður, Máni, Sóti og Sörli.

Æskan og hesturinn er stærsta reiðhallarsýning ársins hverju sinni. Frítt er inn á sýninguna. Að þessu sinni taka tvö gestafélög þátt í herlegheitunum: Sleipnir frá Selfossi og Faxi í Borgarfirði. Um 250 börn, þriggja til átján ára, munu sýna sig og hesta sína í fjölbreyttum atriðum. Yngstu börnin verða í skrautbúningum.

Tvær sýningar verða hvorn dag, klukkan 13 og 16. HARA systur skemmta á laugardeginum og Magni á sunnudeginum. Georg frá Glitni verður á svæðinu, svo og Bjarni töframaður. Rétt er að taka fram að undanfarin ár hefur verið troðfullt á allar sýningar, þannig að það er vissara að mæta tímanlega. Aðalstyrktaraðili er Glitnir.



**Börnin mæta í alla vega litum búningum og meira að segja sum hrossin líka. Á myndinni eru Auður og hesturinn Moli að leika listir sínar.** MYND/ÓLAFUR ÁRNASON

## Útlendir á ís

Tvö stór ísmót voru haldin í Evrópu um síðastliðna helgi. Annað í Árósum í Danmörku, hitt í Berlín í Þýskalandi. Áhorfendur skiptu þúsundum og verðlaun voru vegleg. Ísmótið í Árósum var nú haldið í áttunda sinn. Þar er eingöngu keppt í tölti, en einnig er sérstök stóðhestasýning. Íslenskir knapar hafa verið sigursælir á þessu móti. Jóhann Skúlason hefur unnið það fjórum sinnum. Að þessu sinni var það Þórarinn Eymundsson á Krafti frá Bringu sem hirti gullið. Ísmótið í Berlín er kynnt sem Evrópumót íslenskra hesta á ís og er hugmyndin að það færist á milli landa í framtíðinni. Þar er keppt í fleiri greinum hestaíþrótta: tölti, fjórgangi, fimmgangi og 100 metra skeiði.



**Elsa Albertsdóttir er doktorsnemi við LBHÍ á Hvanneyri. Hún situr í öryggisnefnd LH og kom að gerð bæklingsins. Á myndinni er hún með sérstakt öryggisvesti fyrir reiðmenn.**

## Bæklingur um öryggismál

VÍS og Landssamband hestamannafélaga hafa gefið út bæklinginn ÖRYGGISATRIÐI Í HESTAMENNSKU. Í bæklingnum er farið á skýran og einfaldan hátt yfir helstu öryggisatriði í hestamennsku, eðli og skynjun hestsins, aðbúnað og umhverfi, hvernig á að kaupa hest, reiðtygi og öryggisstaðla. Bæklingnum verður dreift víða næstu vikur og mánuði en einnig má nálgast hann hjá VÍS og á skrifstofu LH í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

## Íslenskir hestar í bandarískri bók

Í Ameríku er komin út ævintýrabókin „Ariel´s Journey“, sú fyrsta í bókaflokknum „The Ice Horse Adventures Series“. Íslenski hesturinn leikur stórt hlutverk í bókinni. Hún fjallar um stúlkur sem búa í Bandaríkjunum og eiga íslenska hesta. Fólki í bókinni finnst ekki mikið varið í þessa litlu og loðnu „pony“ hesta. Þeir eiga þó aldeilis eftir að sanna sig. Þeir eru gæddir töfrum og hafa þann hæfileika að geta flutt sig til fortíðar og talað saman með hugsanalestri. Sagan gerist að stórum hluta á Íslandi á elleftu öld og lifnaðarháttum fólks er vel lýst. Og ekki skemmir það fyrir að hún er líka ágætis markaðssetning fyrir íslenska hestinn vestan hafs. Sjá www.eidfaxi.is

lh hestar
ÍÞRÓTT . MENNING . LÍFSSTÍLL

Málgagn Landssambands hestamannafélaga

**Útgefandi:** Landssamband hestamannafélaga
**Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
**Netfang:** lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Jens Einarsson
**Netfang:** jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
sími: 512-5435 gsm. 822-5062

HELSTU SAMSTARFSAÐILAR LH ERU:

VÍS GLITNIR TOYOTA LÍFLAND

# SKATTAR OG SKYLDUR

Hestamennska er einstök íþrótt á margan hátt. Hana stunda ungir og aldnir, karlar og konur, lærðir og leiknir. Allir eru á sama báti.

En nú hriktir í undirstöðunum: Stórslys í skipulagsmálum hesthúsahverfa eru fyrirsjáanleg. Sum bæjarfélög líta á hestamennsku sem tekjulind og skattleggja hana óhóflega; langt umfram þjónustu. Ég spyr: Eru aðrar íþróttagreinar með jafn öflugt barna- og unglingastarf og hestamennskan skattlagðar með sama hætti?

Öryggismál eru í brennidepli. Öryggisnefnd LH hefur unnið gott starf. Þar kemur aftur að skattlagningu á hestafólk. Jafn sjálfsagt öryggistæki og reiðhjálmur ber ofurskatt og kostar 20 - 25.000 krónur, sem er talsverður biti fyrir stóra fjölskyldu. Notkun reiðhjálms er nánast algild í útreiðum og er skylda í keppnum og sýningum.

Hestamennska á Íslandi hefur verið samofin menningu þjóðarinnar frá landnámi. Æskilegt er að allir sem vilja geti stundað hana, óháð félagslegri stöðu og efnahag. Það verðum við að varðveita. Við verðum að gera ungu fólki kleift að byrja, til dæmis í hesthúsum í eigu hestamannafélaganna. Veita alla þá þjónustu og þær upplýsingar sem fyrir hendi eru. Þetta ætti að vera sjálfsagt hlutverk hestamannafélaganna.

Áhugi fyrir hestamennsku í landinu eykst stöðugt. Við Íslendingar erum í raun hestaþjóð. Við erum stolt af hestinum okkar. Hjá hestafólki snýst allt um hesta. Þegar hestamenn hittast á förnum vegi er ekki rætt um veðrið. Það er rætt um hestaættir, mótin framundan, ferðalögin, folaldið sem kemur í vor og folann sem verið er að temja.

Þetta er það sem LH stendur fyrir. Það er skylda okkar að aðstoða alla sem vilja byrja í hestamennsku. Að standa vörð um hagsmuni hestamanna um allt land. Að sjá til þess að hestamenn sitji við sama borð og aðrir íþróttamenn. Að okkur séu tryggð örugg svæði til æfinga og útreiða. Að hestahald verði viðráðanlegt öllum almenningi.



**Sigurður Ævarson, stjórnarmaður í LH.**



**Sigríður Birgisdóttir, Helga B. Helgadóttir, Anne Svantesson, formaður æskulýðsnefndar FEIF, sem afhenti bikarinn og Þorvarður Helgason.** MYND/HULDA G. GEIRSDÓTTIR

# Æskulýðsbikar FEIF fer til Íslands

Ísland hlaut æskulýðsbikar FEIF fyrir framúrskarandi æskulýðsstarf á síðasta ári. Bikarinn var afhentur á ráðstefnu FEIF sem haldin var hér á landi um miðjan febrúar. Þetta er í annað sinn sem viðurkenningin er veitt. Bretar hlutu bikarinn árið 2006.

Helga B. Helgadóttir, formaður æskulýðsnefndar LH, segir að þetta sé mikil viðurkenning fyrir æskulýðsnefnd LH. „Við vorum mjög dugleg á síðasta ári, lögðum okkur öll fram. Það er frábært að fá svona gott klapp á bakið fyrir það.“



**Gunnar Sturluson, formaður öryggisnefndar LH, spyr meðal annars hvaða bæjarfélag myndi setja spyrnubraut og skotæfingasvæði við hliðina á golfvelli eða sundlaug.** MYND/JENS EINARSSON

# Góð kunnátta besta forvörnin

**Gunnar Sturluson, formaður öryggisnefndar LH, segir öryggismál hestamanna vera í brennidepli. Í viðtali við LH Hesta ræðir Gunnar mikilvægi reiðnámskeiða, notkun hjálma og helgunarsvæði hesthúsahverfa, með hliðsjón af fyrirhuguðum skotæfinga- og akstursíþróttasvæðum í Glerárdal á Akureyri, sem hefur sætt mikilli gagnrýni.**

„Öryggisatriði í hestamennsku snúast einkum um tvennt: Kunnáttu og öryggisbúnað annars vegar, og hins vegar það umhverfi sem hestamenn á hverjum stað búa við.“

Þetta segir Gunnar Sturluson, formaður öryggisnefndar LH. Mikil vakning er í öryggismálum hestamanna um þessar mundir. En hver er ástæða þeirra slysa sem helst hafa orðið og eru mörg hver alvarleg? Fara hestamenn óvarlega? Eru þau tilviljun? Eða valda þeim kannski nokkrar samverkandi orsakir?

## EINS OG AÐ LÆRA Á REIÐHJÓL

„Ég tel að fyrir þessu séu nokkrar ástæður,“ segir Gunnar, sem telur hestamennsku ekki hættulegri en aðrar íþróttagreinar. „Í fyrsta lagi þá hefur þátttakendum í hestamennsku fjölgað mjög ört síðastliðin ár. Æ fleiri byrja á miðjum aldri. Þá hafa menn ekki það jafnvægi sem þeir hafa sem stundað hafa hestamennsku frá blautu barnsbeini. Þetta er eins og að læra á reiðhjól. Þú gleymir því aldrei, þótt það taki kannski smá stund að ná jafnvægi þegar þráðurinn er tekinn upp á fullorðinsárum.“

## REIÐNÁMSKEIÐ ERU NAUÐSYNLEG

„Of margir eru feimnir við að fara á reiðnámskeið. Þau gera öllum gott, ekki síst þeim sem byrja seint. Fyrir þá eru þau nauðsynleg. Besta forvörnin felst í kunnáttunni; að læra rétta ásetu, stjórnun og um sálarlíf hestsins og viðbrögð. Eins og fram kemur hér í blaðinu þá er farið að kenna fólki að detta af baki. Líklega ættum við að gefa því meiri gaum og bæta slíku við kennslu í grundvallaratriðum reiðmennsku. Næstum allir sem stunda hestamennsku detta einhvern tíma af baki. Ætli ég hafi ekki dottið þrisvar til fjórum sinnum af baki síðastliðið ár, jafnvel þótt ég sé búinn að vera á hestbaki frá því ég var smástrákur. Þá getur verið gott að hafa lært að detta.“

## HJÁLMURINN ER ÖRYGGISTÆKI

„Enginn vafi eru á því að reiðhjálmurinn er eitt mikilvægasta öryggistækið, þrátt fyrir nýlegar efasemdir um það,“ segir Gunnar og vísar þar til þess að tilgátur hafa verið uppi um að reiðhjálmar séu hugsanleg orsök mænuskaða, sem því miður hafa átt sér stað. „Athuganir lækna hafa ekki leitt í ljós að hjálmar séu orsök mænuskaða og hálsmeiðsla. Þvert á móti mæla þeir eindregið með því að hestafólk noti hjálm. En það er ekki sama hver hjálmurinn er og hann verður að vera af réttri stærð og gerð og rétt stilltur.“

## REIÐTYGI Í LAGI – HESTUR VIÐ HÆFI

„Mikilvægt er að öll reiðtygi séu yfirfarin reglulega. Fara verður reglulega yfir gjarðir og móttök, tauma, taumlása, beislismél, ístöð og ístaðsólar. Bresti eitthvað af þessu getur það auðveldlega valdið slysi. Í rauninni ættu að vera til öryggisstaðlar fyrir öll reiðtygi. Mikið er framleitt af ódýrum reiðtygjum sem ekki eru nægjanlega sterk.

Ekki síðra forvarnaratriði er að fólk velji sér hest við hæfi. Of margir freistast til að kaupa sér hest sem er þeim ofviða; of viljugur, ekki nægilega taminn, og svo framvegis. Það er betra að byrja rólega.“

## HELGUNARSVÆÐI HESTHÚSAHVERFA

„Eitt mikilvægt öryggisatriði ráðum við hestamenn hins vegar minna við. Og það er það umhverfi sem við ríðum út í. Þá á ég einkum við hesthúsahverfi og reiðleiðir í þéttbýli. Gott dæmi um þetta er fyrirhugað skipulag í Glerárdal í Akureyri þar sem fyrirhugað er að setja skotæfingasvæði og akstursíþróttasvæði í næsta nágrenni við hesthúsabyggðina. Okkur hestamönnum finnst þessar hugmyndir auðvitað fjarstæðukenndar. Hvaða bæjarfélag myndi setja spyrnubraut og skotæfingasvæði við hliðina á golfvelli eða sundlaug?

Sennilega er full ástæða til að setja í reglugerðir staðla um helgunarsvæði umhverfis hesthúsabyggðir í þéttbýli. Auðvitað verðum við hestamenn að gera okkur ljóst að hestamennsku í borgum og bæjum fylgir ákveðinn skarkali. En skipulagsyfirvöld verða líka að vanda sig betur og horfa til framtíðar. Hestamennska er vinsælt sport, og á eftir að verða enn vinsælla, og allur aðbúnaður að henni þarf að vera í lagi,“ segir Gunnar Sturluson.



**Gunnar Sturluson telur engan vafa á því að reiðhjálmur er eitt mikilvægasta öryggistækið.** MYND/JENS EINARSSON

# Draumasæti knapa

## — sem eru að komast í fullorðinna manna tölu



**1. sæti: JR Special**
„Alvöruhnakkurinn" frá Topreiter

Mjúkur hnakkur með þægilegt sæti og góða hnépúða. Hnakkur sem heimsmeistarar velja. Hæfir jafnt hesti sem knapa.

Fermingartilboð:
**119.900 kr.**

Tilboð:
**169.900 kr.**





Tilboð:
**399.993 kr.**

### Vekringur á malbikið
Keeway Matrix 50cc

Lipur vespa með rafmagnskveikju. Extra stór dekk. Eyðsla pr. 100 km. 2,2l. Ýmsir litir. Frír hjálmur fylgir.

### Þarfasti fjórhjólaþjónninn
Heavyracing 300S frá Mustang

Fimm gíra með diskabremsur að framan og og aftan. Ýmsir litir. Hjálmur fylgir frítt með hverju fjórhjóli.

***Top Reiter** hestavörurnar fást nú í öllum verslunum Fóðurblöndunnar.*

TOP REITER

*Top Reiter Kópavogi*
*Ögurhvarfi 2*
*Sími: 565 5151*

FB
FÓÐURBLANDAN
– gæði í hverri gjöf

*FB Búvörur Egilstöðum*
*Kaupvangi 11*
*Sími: 570 9860*

*FB Búvörur Hvolsvelli*
*Hlíðarvegur 2-4*
*Sími: 487 8413*

*FB Búvörur Selfossi*
*Austurvegur 69*
*Sími: 482 3767 / 482 3768*

www.fodur.is

## Hafrar & bygg

Fyrsti vísir að kennsluefni í tamningu hesta og reiðmennsku eru tvær greinar eftir Skagfirðinginn Gunnar Ólafsson, sem birtust í Búnaðarriti Hermanns Jónassonar árið 1894 og 1897. Greinarnar eru stórmerkilegar og lýsa afburða kunnáttu höfundar. Er ekki aðrar betri að finna í dag, þótt þar sé einnig að finna ýmislegt sem er barns síns tíma. Dæmi um innsæi Gunnars er til dæmis eftirfarandi klausa, sem er nokkuð mögnuð með tilliti til ártalsins:

„Að venja hestinn við að framkvæma hreyfingarnar frjálslega og liðlega fæst einkum með því, að halda þétt við hann, en smástyðja fótunum að síðunum fyrir aftan gjörðina. Hesturinn vill þá rísa upp að framan og ganga fastara að með afturfæturna; fer þá að koma ofurlítil beygja á liðamótin, mest um konungsnefin, sem gerir hreyfingarnar mýkri og liðugri, og hestinn miklu fríðari á velli.

Fer hann þá að verða smástígari á afturfótunum, sem einnig gerir hann þægilegri ásetu fyrir manninn. Af því að þungamiðja hestsins er nú farin að færast til afturhlutans, finnur hesturinn að hann má ekki fara mjög langt fram með afturfæturna, til að geta haldið jafnvægi á líkamanum. Framfæturnir takast þá lengra fram og djarflegar, maðurinn fer að finna að hreyfingarnar verða liðugri og frjálsari, því að framfæturnir fara að eiga hægara með að bera undan spyrniafli afturfótanna...

... Að hesturinn beri sig þannig, er eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að hann geti borið sig og manninn lipurt og léttilega, og haldið sínu meðskapaða fjöri. Auðvitað er hægt að þrýsta hestinum svo mikið saman, ef honum er haldið mjög íríg að framan, en afturhlutinn rekinn innundir með fótunum, að það verði hestinum erfitt; einkum er hætt við þessu ef hann er lipur og fjörmikill. Það ríður einnig á því að lofa hestinum að teygja úr sér, ef hann er látinn fara harðan sprett, en setja hann svo aftur í jafnvægi þegar hann er stilltur."

# Að læra að detta af baki

**Reiðmennska snýst ekki eingöngu um það hvernig á að sitja á hesti og stjórna honum, heldur líka hvernig á að detta af baki – án þess að meiða sig mikið!**



Bjarni Friðriksson í „virkri" leiðsögn á námskeiðinu á Hvanneyri. MYND/JENS EINARSSON

Fyrir skömmu stóðu VÍS og Landbúnaðarháskóli Íslands fyrir námskeiði á Hvanneyri um öryggi í hestamennsku. Sérfræðingar í hestamennsku útskýrðu hvernig komast má hjá óvæntum uppákomum og meiðslum ef knapi fellur af baki. Bjarni Friðriksson júdókappi var einn þeirra sem sáu um verklegu kennsluna á námskeiðinu. Ekki vegna þess að hann sé vanur að detta af baki, heldur vegna kunnáttu sinnar í að lenda, úr oft óblíðum fangbrögðum júdó glímunnar.

### FALLÆFINGAR HLUTI AF REIÐKENNSLU

Bjarni segir það öllu máli skipta að knapinn komi niður af mýkt. Það sé hægt með því að þjálfa sig í að detta. Lykillinn að mjúkri lendingu sé að knapinn fari inn í nokkurs konar kollhnís í fallinu, beri hendurnar fyrir sig, rúlli síðan í kollhnís og lendi á herðum, baki eða hlið. Líka sé þýðingarmikið að setja höku að bringu til að vernda höfuðið.

„Þetta er eitthvað sem að mínu viti ætti að taka inn í reiðkennslu almennt. Þetta útheimtir ekki mikla aðstöðu. Í júdóinu köllum við þetta fallæfingar. Þær eru hluti af hverri kennslustund. Hestamenn sem hafa æft júdó og lent í því að detta af baki segjast ósjálfrátt beita fyrir sig falltækninni úr júdóinu og hún komi að góðum notum," segir Bjarni.

### TRAUST HEFUR FORVARNARGILDI

Reynir Aðalsteinsson reiðkennari og Elsa Albertsdóttir, hestamaður og doktorsnemi í búvísindum við LBHÍ, voru leiðbeinendur á námskeiðinu. Þau lögðu meðal annars áherslu á að gott samband og traust manns og hests skipti miklu máli og hefði forvarnargildi: „Hestur sem treystir manninum fælist síður ef eitthvað kemur upp á."

Ragnheiður Davíðsdóttir forvarnafulltrúi og Rúnar Þór Guðbrandsson, deildarstjóri hjá VÍS, sem bæði eru hestamenn, unnu að undirbúningi námskeiðsins í samvinnu við LBHÍ. Þau eru sammála um nauðsyn þess að menn nálgist hestinn á hans forsendum og læri að þekkja inn á hann. Þannig sé hægt að fækka slysum í hestamennsku sem því miður hafa verið of mörg á undanförnum árum.

# Fjórhjól og ferfætlingar

**Ýmis ráð eru notuð við þjálfun hesta nú til dags og þykir eldri hestamönnum lítið til sumra þeirra koma.**



Þjálfað í Holta- og Landsveit. MYND/JENS EINARSSON

Áður hefur verið fjallað um hestasund hér í LH-Hestum. Margir telja það gagnlegt við þjálfun keppnishesta og hollt og gott fyrir hesta yfirleitt, rétt eins og menn. Öðrum finnst hestasundið í besta falli broslegt og býsna mikið í lagt. Ekki er það svo ódýrt!

Annars konar þjálfunaraðferð sem nú er í „tísku" er að teyma hrossin á fjórhjóli. Eru það einkum yngri tamningamenn sem hafa tileinkað sér þessa tækni. Finnst þeim, eins og með sundið, að það sé kjörin aðferð til að þjálfa upp þrek án þess að reyna mikið á fætur hestanna.

Mörgum hinna eldri finnst aðferðin hins vegar bæði of hávaðaog fyrirhafnarsöm. Svo eru aðrir sem ná ekki upp í nef sér yfir „letinni" í ungdómnum; að nenna ekki að ríða út með tvo til fjóra til reiðar. Þá yrði fótum hlíft og enn meira gagn að tamningunni, fyrir utan hvað það er náttúrulegra og skemmtilegra.

En strákarnir láta sér ekki segjast og þeysast um allar trissur á mótorfákunum með ferfætlingana í eftirdragi. Svo er bara spurning um hvað þessi „tíska" endist lengi. Ekki síst með það í huga hvað bensínið er orðið dýrt!




# Internet íslenskra hesta

WorldRanking er samheiti hestaíþróttamóta fyrir íslenska hesta. Sérstaða þeirra er að einskonar „heimslisti" er haldinn yfir alla keppendur mótanna og árangur þeirra borinn saman.

Á annað hundrað WorldRanking-mót verða haldin í tólf FEIF-löndum á árinu. Eitt í Frakklandi, Ítalíu og Lúxemborg, fjögur í Sviss, fimm í Hollandi, sex í Noregi, sjö í Austurríki, Danmörku og Finnlandi, 14 á Íslandi og Svíþjóð og 38 í Þýskalandi. Fyrir utan WR-mót eru haldin fjölmörg önnur hestamót og sýningar á íslenskum hestum út um allan heim á hverju ári.

Marko Mazeland, sportforseti FEIF, segir þetta endurspegla mikinn áhuga á íslenska hestinum um víða veröld. Alls tóku 1.815 knapar þátt í WR-mótum á síðasta ári. Hann segir WorldRanking-mót gefa kost á því að færa árangur keppenda í WorldFeng, upprunaættbók íslenskra hrossa, og reikna tölurnar saman við kynbótamatið (BLUP). Hugmyndir um að reikna árangur í hestaíþróttum inn í kynbótamat eru til umræðu hérlendis.



Marko Mazeland, til hægri, með þeim Sigurði Sæmundssyni og Göran Häggberg frá Svíþjóð í lokahófi FEIF-ráðstefnunnar á Skeiðvöllum í febrúar. MYND/JENS EINARSSON

Marko segir að keppnishross á WR-mótum séu betri helftin af hrossunum og gefi því ekki rétta heildarmynd af keppnishrossunum. Þrjú til fjögur þúsund keppendur taki þátt í mótum íslenskra hesta á stærstu helgunum og það séu keppendur í öllum styrkleikaflokkum, þar á meðal byrjendur.

Sjá WorldRanking lista FEIF: http//www.feif.org.

# „Get ekki hugsað mér betri gjöf“



vorkvöld sé hópinn heyri lágvært hnegg
finn hrossailminn sé hestinn minn
tek nýja beislið nálgast varlega
næ sambandi klappa honum legg á
góða leðurlyktin af hnakknum
fer á bak feta gömlu slóðina
hleypi honum finn frelsið í vindinum
hesturinn og ég...

...þetta er lífið

*Þú færð góðar fermingargjafir í Líflandi.*
*Mikið úrval – góð tilboð!*

LÍFLAND

Lynghálsi 3 • Sími: 540 1125 • www.lifland.is
Lónsbakka, Akureyri • Sími: 540 1150

## Hestamenn á netinu

**FRÉTTAMIÐLAR:**
www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is

**STOFNANIR:**
www.feif.org
www.lhhestar.is
www.holar.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

**HROSSABÚ:**
Fjölmörg hrossabú og aðrir þjónustuaðilar í hestamennsku eru með heimasíður á netinu. Ekki er að finna tæmandi skrá yfir alla þá aðila á einum stað. Hægt er að finna flesta þessa aðila með því að rekja sig áfram á leitarvélum.



**Siggi með kúrekahatt sem hann eignaðist er hann var „cowboy" í Ameríku.**
MYND/SIGMUNDUR SIGURGEIRSSON

# Siggi í Syðra sjötugur

Sigurður Sigmundsson, eða Siggi í Syðra eins og hann er jafnan kallaður, er einn kunnasti og vinsælasti hestamaður landsins. Þeir skiptu hundruðum gestirnir sem sóttu hann heim er hann hélt upp á sjötugs afmæli sitt í Félagsheimilinu á Flúðum. Siggi var um árabil ritstjórnarfulltrúi, ljósmyndari og auglýsingasali á hestatímaritinu Eiðfaxa. Sem sagt: Allt í öllu. Margar af ljósmyndum hans eru í besta flokki og hafa glatt augu hestaunnenda í áratugi. Hann hefur vakið athygli á ýmsu með penna sínum, bæði góðu og miður góðu. Og vandfundið er annað eins fréttanef. En það er bara ein hliðin á Sigga. Margar fréttir hefur hann látið ósagðar vegna góðmennsku sinnar og samúðar með samferðafólki um lífsins veg. „Aðgát skal höfð í nærveru sálar" er hending sem Siggi hefur alltaf á bak við eyrað.



**Hekla Katarína Kristinsdóttir var valin efnilegasti knapi mótsins af dómurum. Hún keppti á hryssunni Nútíð frá Skarði.** MYND/JENS EINARSSON

# Svellkaldar konur á ísnum

**Á annað hundrað konur keppti á ísmótinu „Svellkaldar konur" sem haldið var í Skautahöllinni. Þetta er hundrað prósent aukning frá í fyrra.**

**HUNDRAÐ PRÓSENT AUKNING**
Landsliðsnefnd LH var á báðum áttum hvort halda ætti mótið. Nefndin hefur staðið fyrir því ásamt ísmótinu „Þeir allra sterkustu" undanfarin ár til fjáröflunar landsliðinu. Aðeins tvær vikur eru á milli mótanna og óttuðust menn að það myndi draga úr aðsókn. Hestakonur voru ekki sama sinnis.

„Okkur fannst ekki gott að hætta við. Mótið gekk vel í fyrra. Engan óraði hins vegar fyrir að þátttakan yrði svona gríðarleg," segir Hulda G. Geirsdóttir, kynningarfulltrúi Svellkaldra.

**SÉRSTÖK STEMNING**
Hulda og Sigrún Sigurðardóttir reiðkennari eru driffjaðrir í undirbúningi keppninnar. Við spyrjum: Hvers vegna vilja konur frekar keppa einar og sér?

„Margar af þessum konum eru í fremstu röð knapa í hestaíþróttinni og engir eftirbátar karlanna. Stemningin á Svellköldum er aftur á móti sérstök og á sinn þátt í að örva konur til þátttöku. Það er líka spennandi að ríða á hesti í skautahöll. Ég dreg ekki fjöður yfir það að lítið vanar konur sem langar til að keppa mæta frekar til leiks ef þær vita að þær þurfa ekki að keppa við landsliðið í hestaíþróttum. Skipting keppninnar í styrkleikaflokka hefur líka örvandi áhrif. Það var virkilega gaman að sjá allan þennan fjölda og hve margar konur voru vel ríðandi. Mótið varð hins vegar full viðamikið. Hver keppandi mátti skrá tvo eða fleiri hesta. Flokkurinn 14 til 18 ára var mjög vinsæll og ég tel vel athugandi hvort ekki ætti að halda sérstakt æskulýðsmót á ís. Tekjurnar af því myndu þá renna í þann málaflokk," segir Hulda.




**Sigurvegari í opnum flokki, sem er sterkasti flokkurinn: Hulda Gústafsdóttir á Völsungi frá Reykjavík, lengst til hægri.**

# Góð mynd er gulli betri

Ekkert framkallar eins góðar tilfinningar hjá hestamanni og frábær mynd af góðum hesti. Í góðri hestamynd geta líka falist önnur verðmæti, því hún getur haft veruleg áhrif á vinsældir stóðhesta og notkun. Á sama hátt getur léleg auglýsingamynd haft neikvæð áhrif á notkun hests. Það má því segja að góð mynd sé gulli betri.

Meðfylgjandi mynd er dæmi um frábært „skot" af íslenskum gæðingi, hryssu, við skemmtilegar aðstæður. Hana tók Kristbjörg Eyvindsdóttir á Svínavatni í Húnaþingi af Örk frá Auðsholtshjáleigu. Knapi er Gunnar Arnarson, eiginmaður Kristbjargar, en eigandi er Þórunn Eyvindsdóttir, systir hennar. Örk er undan Sveini-Hervari frá Þúfu og Ör frá Auðsholtshjáleigu, Hrafnsdóttur frá Holtsmúla.

Eins og sjá má þá er Örk verulega smart hryssa, enda hafa margir falað hana án árangurs. Hryssan er ekki til sölu.



**Örk frá Auðsholtshjáleigu, knapi Gunnar Arnarson. Myndin er tekin á Svínavatni í Húnaþingi.**
MYND/KRISTBJÖRG EYVINDSDÓTTIR




Búgarðabyggð í Árborg

# Tjarnabyggð

www.tjarnabyggd.is



# Kynning

yfir páskana 20.-24. mars
frá kl. 13-17

Kaffi og páskaegg

# Þar sem hestamenn byggja

- Á annað hundrað lóðir seldar en tæp tvö ár eru síðan framkvæmdir hófust
- 28 hús í byggingu og margar fjölskyldur fluttar í Tjarnabyggð
- Hesthús og skemmur að rísa í Tjarnabyggð
- Kaupendur hanna búgarðana eftir sínu höfði
- 16 km af reiðstígum og hluti þeirra upplýstur
- Land 1- 4 ha og byggingar allt að 1500 fm
- Ljósleiðari, hitaveita og skólaakstur

Lóðir tilbúnar til afhendingar



fasteignasalan GARÐUR

Fasteignasalan Garður: sími 5621200
Sigrún Sigurpálsdóttir löggiltur fasteignasali
Landeigandi: sími 8980343

Hvað segja kaupendur?
www.tjarnabyggd.is

Orkel

TRAUST OG GÆÐI VELDU BÆÐI

# Norskir gæða sturtuvagnar



Orkel sturtuvagnarnir hafa hlotið frábærar móttökur bænda og verktaka

| | |
|---|---|
| T 85<br>Pallstærð 210 x 400 cm<br>Burðargeta 8,5 Orkel tonn | TT 130<br>Pallstærð 250 x 490 cm<br>Burðargeta 13,1 Orkel tonn |
| TT 100<br>Pallstærð 240 x 400 cm<br>Burðargeta 10 Orkel tonn | T 150<br>Pallstærð 250 x 510 cm<br>Burðargeta 15 Orkel tonn |



# Þýsk gæðavara

kränzle háþrýstidælur
fyrir stóra sem smáa notendur

Háþrýstidæla með 10 m háþrýstislöngu:
10 m radius vinnur 314 m².
Kränzle háþrýstidæla með 15 m háþrýstislöngu:
15 m radius vinnur 706 m².
Rúmlega tvisvar sinnum meira!

Útsölustaður fyrir háþrýstidælur á höfuðborgarsvæðinu:
kemi ehf. Sími 544 5466 | Vesturvör 30b | Kópavogi

TRAUST OG GÆÐI VELDU BÆÐI

AGRONIC



**Rollsinn í rúlluvélum**

Eina sambyggða vélin sem er hlutlaust prófuð á Íslandi
- Búvélaprófun á Hvanneyri 2005



**Ávinnsluherfi**
4 og 6 metra

Erum að taka niður pantanir fyrir vorið



**Loftbólu-einangrun**



**Afrúllari**
1 eða 3 Faza.
Traustur og góður. Lokað vínkildrif, utanáliggjandi, lokaðar legur, fleiri spyrnur, hærri hliðar.
Einn ódýrasti vinnumaður sem völ er á



**Talía og rafdrifinn hlaupaköttur**
1 Faz mótor
Lyftigeta 1 tonn

Búvís
Akureyri | Sveinungsvík

imago

Búvís ehf. | Akureyri | Sveinungsvík | Símar 465 1332 | 465 1333 | 845 9263 | www.buvis.is

www.buvis.is



Erlingur Erlingsson heimsmeistari
á hestinum Dalvari frá Auðholtshjáleigu.

DALVAR

# HNAKKUR FYRIR HEIMS-MEISTARA



**...og þig**

Hnakkurinn DALVAR er nýjasti hnakkurinn á markaðnum í dag. Hnakkurinn er hannaður af meistara Erlingi Erlingssyni í samvinnu við Hestagallery.

Dalvar er í senn frábærlega vel hannaður og stórglæsilegur í útliti. Ef DALVAR hentar heimsmeistara þá hentar hann þér.
Komdu við í Hestagallery og prófaðu að setjast í þennan glæsilega hnakk.

HESTA GALLERY

BÍLDSHÖFÐA 12 • SÍMI: 587 8003
www.hestagallery.is



**Arnbjörn Arason**
Sölufulltrúi
GSM 892 9818
arnbjorn@remax.is



**Ásdís Ósk Valsdóttir**
Lögg. fast.
GSM 863 0402
asdis@remax.is



**Elísabet Agnarsdóttir**
Lögg.fast. / Framkv.stjóri
GSM 824 5003
elisabet@remax.is



**Pálmi Þór Ívarsson**
Sölufulltrúi
GSM 895 5643
palmi@remax.is



**Sigrún Jónsdóttir**
Sölufulltrúi



**Thelma Hrund Andrésdóttir**
Sölufulltrúi

RE/MAX Skeifan

# Stuttárbotnar 26 – Húsafelli – heilsársbústaður













**Verð: 37.900.000,-**
**Stærð: 116,4 fm**
**Bílskúr: Nei**
**Bygg.ár: 2006**
**Allar nánari upplýsingar veitir Ásdís Ósk í síma 863 0402**

**OPIÐ HÚS ALLA PÁSKANA, FIMMTUDAG, FÖSTUDAG, LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG KL. 14:00-17:00**

**Stórglæsilegt bjálkahús með gestahúsi með einstöku útsýni á besta stað við Stuttárbotna í landi Húsafells. Allt innbú í báðum húsum fylgir.**

***Aðalhús:*** Forstofa með fatahengi, svefnherbergi með skápum, baðherbergi með upphengdu salerni, sturtuklefi, tengi fyrir þvottavél. Rúmgóð stofa og eldhús, eldhús með fallegri l-laga innréttingu og vönduðum tækjum, ísskápur með frysti, uppþvottavél, ofn og eldavél. Svefnloft með sjónvarpsholi. Parket og flísar á gólfum.
***Gestahús:*** Svefnherbergi með flísum á gólfi og innaf svefnherbergi er gestasnyrting með flísum, svefnloft í húsinu.
***Tækniupplýsingar:*** Húsið er mjög vandað finnsk bjálkahús, allar undirstöður eru steyptar. Mjög vandað gólfhitakerfi er í báðum húsum með þráðlausum stillingum og lokuðu frostfríu hitakerfi. Verandir eru á 3 hliðar, samtals um 150 fm. Heitur pottur með ljósum og nuddkerfi á palli.
***Nánasta umhverfi:*** Bústaðurinn er heilsársbústaður og er rétt við þjónustumiðstöðina, sundlaug og golfvöllur í nágrenninu. Einstakt útsýni frá bústaðnum.
***Upplýsingar um lóðina:*** Lóðin er 0,5 hektara leigulóð með leigusamning til 10 ára. Lóðin er skógi vaxin og bústaðurinn vel varin fyrir umferð.
***Samantekt:*** Einstaklega vandaður og vel gerður bústaður þar sem öll vinna var unnin af fagmönnum. Húsið var reist af húsasmíðameistara, allar raflagnir voru hannaðar af lýsingarhönnuði og lagðar af fagmönnum sem og pípulagnir og gólfhitakerfi.

**FRÁBÆR BÚSTAÐUR SEM HENTAR HVORT SEM ER FJÖLSKYLDU EÐA FÉLAGASAMTÖKUM.**

***Leiðarlýsing:*** Keyrt inn í Húsafell, framhjá sjoppunni, upp smá brekku sem leiðir að tjaldstæðum. Áfram beint af augum fram hjá tjaldstæðum og salernum og niður smá brekku aftur, beygja inn afleggjara fyrir Stuttárbotna og þá er bústaðurinn á hægri hönd.

## Opið hús – Ásholt 40 – 2ja herb.



| | |
|---|---|
| Verð: 21.900.000.- | Bílskúr: Já |
| Stærð: 84,2 fm | Bygg.ár: 1990 |

**Opið hús í dag 19.03.08, kl. 17:30-18:00,**

Vorum að fá í einkasölu 2ja herb. íbúð á frábærum stað í miðbænum. Á annari hæð í skemtilegu fjölbýli sem er byggt í ferhyrning, með lokuðum garði. Íbúðin skiptist í samliggjandi eldhús og stofu með ágætu herbergi og baði .

**Nánari upplýsingar veitir Thelma Hrund í síma 862 9669 eða thelmahrund@remax.is**

## Opið hús – Gnoðarvogur 18, Reykjavík – 2ja herb.



| | |
|---|---|
| Verð: 17.200.000.- | Bílskúr: Nei |
| Stærð: 61,6 fm | Bygg.ár: 1959 |

**Opið hús í dag 19.03.08, kl. 18:00-18:30,**

Lýsing eignar: RE/MAX Skeifan kynnir fallega 2ja herb íbúð á 4. hæð með góðu útsýni af vestursvölum. Parket á stofu og holi, eldhús er upprunalegt að mestu og baðherbergi hefur verið endurnýjað. Nýtt rafmagn er í íbúðinni.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sigrún í síma 864 2599 sigrunjons@remax.is**

## Borgarvegur - Reykjanesbær – 5 herb.



| | |
|---|---|
| Verð: 24.900.000.- | Bílskúr: Nei |
| Stærð: 143,2 fm | Bygg.ár: 1924 |

Mikið endurnýjað einbýlishús á 3 hæðum með 5 svefnherbergjum. Sér inngangur er á jarðhæð og eru allar tengingar til að útbúa sér íbúð á jarðhæðinni. Til eru teikningar af svölum út af annarri hæð sem og 31,5 fm bílskúr sem stæði við suður og austur lóðamörk, 60 fm sólpallur er við húsið reistur árið 2006.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643. palmi@remax.is**

## Blómvangur 15, 220 Hfj. – Einbýli



| | |
|---|---|
| Verð 57.000.000,- | Bílskúr. Já |
| Stærð: 209,8 fm. | Bygg.ár: 1983 |

5 herbergja einbýlishús með garðskála og skemmtilegum garði. Eldhús með nýlegri innréttingu. Búr og þvottahús með geymslu. Forstofuherbergi og snyrting. Baðherbergi með sturtuklefa og baðkari. Kjörin eign fyrir fjölskyldufólk.

**Nánari upplýsingar veitir Arnbjörn í síma 892 9818.**

## Vallarás, 110 Rvk – Stúdío



| | |
|---|---|
| Verð: 13.300.000,- | Bílskúr: Nei |
| Stærð: 41,6 fm. | Bygg.ár: 1986 |

RE/MAX Skeifan kynnir: fína fyrstu eign. Eldhús og stofa mynda eitt rími flísar á eldhúsi og parket á stofu, opið er út í garð úr stofu baðherbergi snyrtilegt og með baðkari.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643. palmi@remax.is**

## Eyrarholt, 220 Hfj. – 4ra herb.



| | |
|---|---|
| Verð 29.700.000,- | Bílskúr. Já |
| Stærð: 141,7 fm. | Bygg.ár: 1993 |

RE/MAX Skeifan kynnir: 4ra herbergja íbúð í holtunum í Hafnarfirði. Hjónaherb. er með góðum skápum og útgengi á svalir í norður, tvö barnaherb. Baðherb. flísalagt í hólf og gólf, nýlega tekið í gegn. Stofa og eldhús mynda eitt rými. Bílskúr er nýlega tekinn í gegn.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643. palmi@remax.is**

## Reykás, 110 Rvk. – 4ra herb.



| | |
|---|---|
| Verð | Bílskúr. Já |
| Stærð: 164,8 fm. | Bygg.ár: 1983 |

Bjarta og fallega 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum með bílskúr og miklu útsýni á góðum stað í Árbænum. Komið er inná flísalagt anddyri góður fataskápur. Parketlagt stofugólf, svalir í suður með miklu útsýni til bláfjalla. Eldhús, flísalagt gólf, innrétting hvítsprautulökkuð með bláum skúfum.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643. palmi@remax.is**

## Mánagata 101 Reykjavík – 2ja herb.



| | |
|---|---|
| Verð: 14.700.000.- | Bílskúr: Nei |
| Stærð: 37,2 fm | Bygg.ár: 1938 |

Kjallara íbúð sem er búið að skipta upp í tvö útleigu pláss. Annað herb. er með eldhúsi og baði en hitt herb. er með eldunaraðstöðu. Salerni er fram á sameiginlegum gangi. Hægt er að sameina plássin aftur og er þetta þá eign með sér svefnherb., stofa og eldhús mynda eitt rými og sér baðherbergi með sturtu og flísalagða veggi. Sameiginlegt þv.hús.

**Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór í síma 895 5643. palmi@remax.is**

**RE/MAX Skeifan** - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400

**Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign**

Frum

## Fyrirtæki

Til sölu vegna dvalar erlendis. Rekstur heildverslunar með kvennfatnað. Vönduð og þekkt vara sem verið hefur hér á markaði í langan tíma. Einkaumboð fyrir allar framleiðsluvörur. Sokkabuxur, bolir, sundfatnaður, undirföt og kvennfatnaður. Góð viðskiptasambönd. Uppl. í s. 845 7869 & ift@internet.is

Bola merking og auglýsingavörur. Búnaðurinn samanstendur af program tölvubúnaði, plotterum, prenturum merkivélum, áþrykkivélum ofl. Brodery vél og Epson 4000 ofl.Hægt er að merkja auglýsingavörur, fatnað og húfur. Uppl. í s. 845 7869 & ift@internet.is

## Gefins

2 kolsvört 2ja ára kattasystkini fást gefins vegna ofnæmis. Ferðabox,sandkassi og matarílát fylgja. Sími 697 7732.

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Verslun

**amor**

Egg í miklu úrvali frá kr. 590,-

Tilboð á DVD Frábært úrval af nýjum titlum.

WET

**Full búð af nýjum vörum**

• INTIMO •

Örugglega besta rakgelið!

Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

**Stærri limur betri limur**

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

**bathmate.is**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Gisting í fallegu umhverfi rétt utan Akureyrar. Ferðaþjónustan Öngulsstöðum s. 8631515, hrefna@ongulsstadir.is

## Hestamennska



Stallmúlar, gráir, bláir, grænir og brúnir kr. 695,- ~~Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.~~

Óska eftir Orratoll í vor. Uppl. í s. 892 8647.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Boxer hvolpar til sölu, afhendast ættbókfærðir frá Íshundum og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606. skessa126@simnet.is

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/linafina

Chihuahua hvolpar til sölu. Tilb. til afh. Bólus. Örmerktir og m. ættb. S. 897 8848.

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**
**Kanadískir heitir pottar**
**30 ára afmælistilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. 13 ára reynsla á Íslandi.**
**Opið alla daga frá 14 til 21.00.**
**Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn.**
**Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

**Bætt heilsa - Betra Líf!**
**Björn á 4 vikum -9 kg**
**Jóhanna á 7 vikum -12 kg**
**Elín á 12 vikum - 20 kg**
**Maja á 17 vikum -37 kg**
**Viltu bæta þinn lífstíl ? LR-kúrinn virkar!**
**Uppl. gefur Alla í síma 891 6264 eða allax@simnet.is**



**Þyngdarstjórnun - ráðgjöf - clean 9 - lifestyle 30**
Heilsuráðgjöf, þyngdarstjórnun Fjóla Þorsteinsdóttir einkaþjálfari sjálfstæður dreifingaraðili. FLP. S. 899 2445. Nánari uppl. inná www.4ever.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herbergja snyrtileg og björt íbúð við Reynimel (107). Leiga 120 þús á mán. Bankaábyrgð sem svarar 3 mánaða leigu. Aðeins reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Uppl. í s. 898 1188

3ja herbergja íbúð til leigu í kóp. Laus 1. apríl. Verðtilboð óskast, Uppl. í fbl merkt 2929.

Til leigu 2ja herbergja íbúð í 107. Leiga 120 þús. með öllu. Húsgögn geta fylgt með. Uppl. í S. 691 3515.

Góð 2ja herb. íbúð á 1h. í Norðurmýri, til leigu í 3 mán. með húsg. og sjónv. Verð 110 þús. á mán. Laus strax. Uppl. í s. 557 3489 eftir kl. 16.30.

3 herb. 67 fm. íbúð til leigu í 101 Rvk. Reyklaus. Leiga 115.000 á mán. S. 861 7001.

Til leigu lítið herb. á sv. 105 fyrir rólegan og reglus. einstakling. Með sameig. eldh. og baðh. Uppl. í s. 895 1441 e.kl.19.

Langagerði - 108. Til leigu 16fm herb. Fullbúið húsbúnaði og tækjum. Aðgangur að setustofu-eldhúsi og baði. Allt innif. Uppl. í s. 898 2102.

Til leigu 52ja fm íbúð í Hfj. Legist með húsgögnum frá 1.ap - 1.des. '08 V. 95 þ. m. hita og raf. Uppl. í S. 899 5622 e. kl. 16.00.

## Húsnæði óskast

3 ungar, reglusamar, vinnandi stúlkur (24-25 ára) óska eftir 4 herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Öruggum greiðslum og mjög góðri umgengni heitið. Uppl. í s. 694 6634.

1-2ja herb. íbúð óskast til leigu. Greiðslugeta 80-100 þ. á mán. S. 567 0923 & 865 6427.

Ungt par frá Lettlandi óskar eftir íbúð til leigu. Verð allt að 100 þ. S. 847 1514, Martins.

Ungt par óskar eftir íbúð til leigu, flest kemur til greina. Greiðslugeta 70 þ. Bæði vinnandi með skóla. Meðmæli ef óskað er. Skilvísum greiðslum heitið. Reyklaus S. 868 5090.

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.



**Opið hús**
**Til sölu 72 fm nýr sumarbústaður rétt við Flúðir. Fylgir með allt innbú nýtt þ.e. kojur, rúm, sófasett og allar innréttingar og öll tæki. Heitur pottur 90 fm pallur á frábærum útsýnisstað. Verð 23.5 m.**
**Til sýnis föstudag og laugardag. Nánari uppl. í síma 897 9929.**

## TIL LEIGU



**Terr Fjarskipti sjá um leigu á tetra talstöðvum á íslandi**

Terr Fjarskipti býður fyrirtækjum, hópum og einstaklingum leigu á tetra talstöðvum. Tetra talstöðvar eru langdrægar talstöðvar sem hafa dreifikerfi um land allt.

**Terr Fjarskipti**
Stefán L. s. 846 2608
Ólafur Garðar s. 867 9067
terr@terr.is

## FASTEIGNIR

**Litlikriki 68-74**
270 Mosfellsbær
Glæsileg raðhús

Stærð: 202-216 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2008
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter







**Eignirnar eru nánast tilb. til afhend.** **Verð: 44.900.000**

Falleg 202-216fm raðhús á tveimur hæðum í Krikahverfi í Mosfellsbæ. Eignirnar standa efst í hverfinu og er ekkert byggt fyrir ofan húsin. Eignirnar skiptast í: Efrihæð: Stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi annað með fataherbergi. Útgengt er í garð bæði úr eldhúsi og svefnherbergi. Neðrihæð: Herbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, þvottahús, geymsla og bílskúr. Eignirnar skilast fullbúnar að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan skilast þær tilbúnar til innréttinga.



Garðar Hólm
Sölufulltrúi
**899 8811**
gardar@remax.is



Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
thorunn@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## FASTEIGNIR

**Ránargata**
Reykjavík
Gistiheimili

Stærð: 231,2 fm
Fjöldi herbergja: 10
Byggingarár: 1920
Brunabótamat: 27.610.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Esja



**Verð: Tilboð**

Kynnum 9 herbergja gistiheimili á Ránargötu ásamt nýlega innréttuðu bakhúsi alls 231.2 fm. Aðalhúsið er 177.5 fm og bakhúsið er 53.7 fm. Á jarðhæð eru 5 herbergi ásamt litlu eldhúsi og salerni og sturtu. Efri hæðin er með sama sniði en 4 herbergi. Bakhúsið er skráð sem vinnustofa. Leigutekjur eru um 500 þús. Húsið hefur verið talsvert endurnýjað að utan. Öll tilboð skoðuð.



Sigfús
Sölufulltrúi
**898 9979**
sigfus@remax.is



Þorbjörn Pálsson
Lögg. fasteignasali
tp@remax.is

**RE/MAX Esja - Laugavegur 170 - 105 Reykjavík - Sími: 4144600 - www.remax.is**

**Gesthús Dúna**
Suðuhlíðar
Gistiheimili/Tækifæri

Stærð: 1066 fm
Fjöldi herbergja: 30
Byggingarár: 1993
Brunabótamat: 130.000.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Esja







**Verð: 250.000.000**

Gistiheimilið Dúna er um 30 herbergja Gistiheimili á frábærum stað í Reykjavík. Gistiheimilið samanstendur eftirfarandi skipan: Kjallari með 7 misstórum herbergjum og matsal/setustofu. Á jarðhæð er móttaka og matsalur ásamt starfsmannaaðastöðu. Á annari hæð eru 11 góð herbergi, salerni og sturtuaðstöður. Einnig er þar setustofa. Á þeirri þriðju er svipað skipulag nema þar eru herbergin 12. Ýmsar breytingar eru mögulegar á húsinu og rekstrinum. Allnokkrar íbúðir eru í eigu sömu aðila.



Sigfús
Sölufulltrúi
**898 9979**
sigfus@remax.is



Þorbjörn Pálsson
Lögg. fasteignasali
tp@remax.is

**RE/MAX Esja - Laugavegur 170 - 105 Reykjavík - Sími: 4144600 - www.remax.is**


VINSÆLASTI
SÍÐDEGISÞÁTTUR LANDSINS
REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM
SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI.
Samkvæmt könnun Capacent í 9. viku.
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
GOTTFOLK

# Veruleikafirrtir Vestfirðingar

**UMRÆÐAN**
Samgöngumál



JÓN OTTI JÓNSSON

Fyrir skömmu barst tilkynning frá samgönguráðuneytinu um gerð jarðganga milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. En hvað er Bolungarvík? Það er lítið útkjálkaþorp við Ísafjarðardjúp inniklemmt milli fjalla.

Fyrr á dögum þegar sjósókn var stunduð á opnum árabátum var eðlilegt að sjómenn fyndu sér aðstöðu sem væri skammt frá fiskimiðunum. Síðan þá hefur sjósókn þróast frá bátum að stórum og öflugum vélskipum. Sú þróun gerði það að verkum að í raun var ekki þörf á þessum litlu útróðrarstöðum. Ísafjörður var skammt frá með góða höfn. Af einhverjum undarlegum sökum héldu menn áfram að búa í Bolungarvík og öðrum smástöðum eins og Flateyri, Súðavík og Suðureyri. Þessi þorp urðu sjálfkrafa ómörf.

Nú er frekjugangur smáþorpanna orðinn slíkur að þeir heimta jarðgöng og snjóflóðavarnir. Þorpsstjórnin í Bolungarvík hafði það af að véla fyrrv. samgönguráðherrann til að samþykkja jarðgöng, 5-6 km löng. Ótaldir milljarðar til að viðhalda óþarfri byggð með 500 manns. Á sama tíma vantar fé í bráðnauðsynlegar framkvæmdir víða um land. Ekki þarf að orðlengja þörfina á höfuðborgarsvæðinu, Vaðlaheiðargöng, ný brú yfir Ölfusá við Selfoss, Suðurstrandarveg og fækkun einbreiðra brúa.

Ég hripa niður þessa grein mína þar sem mér ofbýður heimtufrekja og óbilgirni örsmárra þorpa. Þau vilja milljarðafúlgur af vegafé okkar, sem er að mestu komið frá höfuðborgarsvæðinu.

Þeir bera sig að slíkum skorti á veruleikaskyni, að undrun sætir. Þorpsstjóra Bolungarvíkur, oflátungi og kjaftaski, fannst það við hæfi að segja stjórnvöldum að skammast sín þegar þeim fannst ekki koma nógu margar milljónir vegna mótvægisaðgerða.

Dýrt er orðið þjóðinni að stjórnmálaflokkarnir hafa valið óhæfa menn í stöðu samgönguráðherra hvern af öðrum síðustu áratugina. Allir hafa þeir komið frá dreifbýlinu. Þingmenn allra flokka dreifbýlisins, sem í raun hafa myndað óformlegan sjötta þingflokkinn á Alþingi, hafa gætt þess að höfuðborgarsvæðið skipi aldrei samgönguráðherra. Ekki þarf að minna á hvar 2/3 hlutar þjóðarinnar búa.

Steingrímur J. Sigfússon, Alþýðubandalagi, og Halldór Blöndal frá íhaldi, þingmenn NA-kjördæmis, voru samgönguráðherrar árin 1988-1995. Þeirra „afrek“ var að láta gera jarðgöng undir Ólafsfjarðarmúla og þar með tengja smábæ við þjóðvegakerfið. Í þeirra huga var það nauðsynlegra en að gera jarðgöng undir Öxnadalsheiði eða Vaðlaheiði þar sem mikil umferð, og á hringveginum. Ekki tók betra við þegar íhaldið skipaði smáþorparann Sturla Böðvarsson í embættið. Sturla þessi var höfuðborgarbúum erfiður og óréttlátur. Á valdatíma Sturlu var ákveðið, og byrjað á, fokdýrum jarðgöngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, sem eru mestu afglöp í sögu samgöngumála á Íslandi. Jarðgöng milli afskekktra smábæja utan alfaraleiða verða aldrei þjóðhagslega hagkvæm.

Eitt síðasta verk Sturlu var svo að ákveða fyrrgreind jarðgöng undir Óshlíðina, enn ein óhæfan. Við myndun síðustu ríkisstjórnar féll Samfylkingin í þá gryfju að skipa enn einn dreifbýlisþingmanninn í starf samgönguráðherra, Kristján L. Möller frá Siglufirði. Kristján hafði bein í nefinu til að slá af óraunhæfa kröfu Vestmanneyinga um jarðgöng út í virkan eldgíg. En Kristján brást illilega þegar hann staðfesti ákvörðun Sturlu um jarðgöngin undir Óshlíð. Óskiljanlegt er að jafnaðarmaður sýni slíka skammsýni. Sennilega vegna þess að hann barðist fyrir jarðgöngum til sins heimabæjar. Ég átel stjórn Samfylkingarinnar að ganga fram hjá því mannvali í þingmannahópi flokksins á höfuðborgarsvæðinu.

*Höfundur er prentari og félagi í Samfylkingunni í Reykjavík.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

MINNI KARLA




EF ÞÚ UNDRAST ÞORSTEINN EINARSSON
HÆTTUR AÐ DREKKA RAGNAR KJARTANSSON
LITLAR KONUR MAGNÚS EIRÍKSSON
AF TOLLHEIMTU DJÖFULSINS ÓTTARR PROPPÉ
DRUNGINN SÆKIR AÐ MÉR BJÖRN JR. FRIÐBJÖRNSSON
ÉG SÁ ÞAÐ VAR GOTT SIGURÐUR GUÐMUNDSSON
EF ÉG VELD ÞÉR VONBRIGÐUM GUÐMUNDUR PÁLSSON
Á MEÐAN GRÖFIN ENN ER OPIN MEGAS
TÍMINN JENS ÓLAFSSON
VÍNA, ÞAÐ ER EKKI DEIGAN DROPA AÐ FÁ Í
ÞESSARI AUMU SÓKN VILHELM ANTON JÓNSSON
ÞÓ HYLJI SÓLU SKÝ KARL SIGURÐSSON

MINNI KARLA LÖG TONY JOE WHITE
VIÐ TEXTA BRAGA VALDIMARS SKÚLASONAR

KOMIN Í VERSLANIR!

sena
okkar heimur || þín skemmtun

Föndurstofan.is
Föndurverslun
Námskeið
Síðumúli 15
S: 553-1800
Sjón er sögu ríkari

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



# 50 ára afmæli

Til hamingju með 50 ára brúðkaupsafmælið.

**Papa y mamá Felicidades**

en esta dia, son los doseos de sus hijos y familiares. En esta fecha tan especial para todos le damos gracias a Dios por darnos unos padres como ustedes.

**BRUCE WILLIS KVIKMYNDALEIKARI ER 53 ÁRA.**



*„Ég hata ríkisstjórnina og er svo sannarlega enginn repúblikani. Og ég skammast mín ekkert fyrir þessar skoðanir.“*

***Bruce Willis er ein helsta hasarhetja Hollywood, og hefur aldrei legið á stjórnmálaskoðunum sínum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 19.MARS 1982**

## *Átök um Falklandseyjar*

Falklandseyjastríðið hófst með innrás hers Argentínumanna á eyjunni Suður-Georgíu sem tilheyrir Bretlandseyjum.

Bretar og Argentínumenn tókust á um yfirráð yfir Falklandseyjum og Suður-Georgíu og Suður-Sandvíkureyjum í Suður-Atlantshafinu. Deilur höfðu staðið lengi og herforingjastjórnin í Argentínu reyndi með innrásinni að draga athygli frá bágu efnahagsástandi og mannréttindabrotum. Þannig reyndi hún að nýta sér þjóðernishyggju til að sameina þjóðina á bak við stjórnina. Argentínumenn töldu sig eiga stuðning annarra ríkja vísan, einkum Bandaríkjamanna, en svo var ekki.



Argentínumenn litu svo á að þeir væru að endurheimta eigið land og Bretar litu á þetta sem innrás.

Styrjöldin hafði víðtæk áhrif. Í Argentínu flýtti hún fyrir falli stjórnarinnar. Í Bretlandi styrkti stríðið stjórn Thatcher. Stríðið er eina dæmið um nútímasjóhernað eftir síðari heimsstyrjöldina og lauk með uppgjöf Argentínumanna 14. júní 1982.



**SUNDKENNSLA VAR FYRSTA TILLAGAN** Bríet Bjarnhéðinsdóttir sá til þess að konur fengu sundkennslu fyrir 100 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KVENNASÖGUSAFNIÐ:** 100 ÁR FRÁ FYRSTA MÁLI BRÍETAR Í BÆJARSTJÓRN REYKJAVÍKUR

# Beittu sér fyrir heilsu og skóla

Fyrir hundrað árum var samþykkt í bæjarstjórn Reykjavíkur fyrsta tillagan sem kona lagði fram. Sú sem flutti þetta fyrsta mál sitt var að sjálfsögðu Bríet Bjarnhéðinsdóttir kvenréttindafrömuður.

Tillagan var um fjárveitingu til sundkennslu stúlkna, en fram að þessu höfðu aðeins piltar fengið slíka kennslu í bænum.

„Tillagan var samþykkt samhljóða. Þó var fært til bókar að gamall karl, sem var borgarfulltrúi, hafi staðið upp og látið í ljós vanþóknun sína. Honum fannst þetta óþarfa heimtufrekja hjá Bríeti,“ segir Auður Styrkársdóttir, forstöðukona, Kvennasögusafns Íslands.

Ásamt Bríeti voru þrjár aðrar konur í stjórninni. Þetta voru þær Katrín Magnússon, Þórunn Jónassen og Guðrún Björnsdóttir. Saman höfðu þær myndað kvennalista, þrátt fyrir þó nokkurn mótbyr og náð kjöri í janúar 1908.

„Sundkennslan fór fram í Laugardalslaug. Hún er fyrsta steinsteypta sundlaug landsins og þá var nýbyrjað að kenna skólapiltum í lauginni,“ segir Auður. „Til starfsins var fengin Ingibjörg Guðbrandsdóttir, sem var ein af fyrstu íþróttakennurum landsins, ásamt nöfnu sinni Ingibjörgu H. Bjarnason. Sú síðarnefnda varð síðan skólastýra Kvennaskólans og fyrsta alþingiskonan okkar.“

Auður segir að skólaskylda barna hafi verið frá tíu-fjórtán ára og sennilegt að sundkennslan hafi verið fyrir elstu stúlkurnar.

„Sundið var fjármagnað með opinberu fé. Þó er skömm frá því að segja að mun meira fjármagni var varið til kennslu piltanna,“ útskýrir Auður sem segir að foreldrar hafi þurft að útvega sundfötin.

„Á þessum árum var dýrt að hafa börn í skóla. Foreldrar þurftu að kaupa bæði bækur og annað skóladót og því gátu ekki allir veitt börnum sínum menntun,“ segir Auður.

Hún segir jafnframt að konurnar í bæjarstjórninni hafi beitt sér fyrir allt öðruvísi málum en karlarnir. Þetta voru mikið til heilbrigðis- og skólamál sem voru hjörtum kvennanna næst.

„Bríet og kynsystur hennar í borgarstjórn tóku Barnaskólann upp á sína arma. Þær beittu sér fyrir að fátæk börn fengju mat í skólanum, fengju lækni til starfa til að fylgjast með heilsu barnanna og sáu til þess að gólfin væru þvegin vandlega, ekki bara sópuð. Þetta hafði heilmikið að segja varðandi útbreiðslu berkla, en á þessum tíma var bærinn mikið pestabæli,“ segir Auður. „Einnig stofnuðu þessar konur fyrsta rólóinn sem var við Túngötu. Áður voru börn bara á götunni við leik.“

Auk þess að stuðla að heilbrigði í Barnaskólanum, studdu þær dyggilega hjúkrunarkonurnar sem stofnuðu Hjúkrunarfélagið Líkn árið 1915. „Hjúkrunarfélagið sá meðal annars um aðhlynningu berklasjúklinga, kom á fót ungbarnaeftirliti og spornaði þar með gríðarlega við ungbarnadauða. Síðan óx þetta félag og varð að Heilsugæslustöðinni í Reykjavík,“ segir Auður að lokum. **rh@frettabladid.is.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og langalangalangamma,*

**Petrea Aðalheiður Rögnvaldsdóttir**
(Háaskála)

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, laugardaginn 15. mars. Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 22. mars kl. 11.00.

| | |
|---|---|
| Ásta Axelsdóttir | Valgeir Ásbjarnarson |
| Sveinbjörn Axelsson | |
| Sæunn Axelsdóttir | Ásgeir Ásgeirsson |
| Lára Axelsdóttir | Ómar Þórisson |
| Hanna Brynja Axelsdóttir | Jón Þór Björnsson |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Páll Sigfússon**
fyrrverandi kaupmaður, Kleppsvegi 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut föstudaginn 14. mars. Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir | |
| Bragi G. Kristjánsson | Erna Eiríksdóttir |
| María Anna Kristjánsdóttir | Jesús S.H. Potenciano |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Björg Jónsdóttir**
Lækjarsmára 6, Kópavogi, áður búsett á Akureyri,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, föstudaginn 14. mars. Útför hennar verður gerð frá Bústaðakirkju í Reykjavík þriðjudaginn 25. mars kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| Sigríður Dóra Jóhannsdóttir | Ólafur H. Torfason |
| Egill T. Jóhannsson | Kristín Gunnarsdóttir |
| Örn Jóhannsson | Ane Mette Sørensen |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Sigurður Ingi Guðjónsson**
Neðri-Þverá, Fljótshlíð,

lést mánudaginn 17. mars á Sjúkrahúsi Selfoss.

**Kristín Aradóttir og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Sigurjónsdóttir**
frá Flatey á Skjálfanda,

andaðist á heimili sínu Hvammi, Húsavík laugardaginn 15. mars síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Vigdís Helga Guðmundsdóttir | Pálmi Sigfússon |
| Sigurjón Guðmundsson | Ása Grímsdóttir |
| Jóhanna Guðmundsdóttir | |

**barnabörn og langömmubörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Móeiður Helgadóttir**
frá Selfossi,

sem lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi á Hellu miðvikudaginn 12. mars, verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 28. mars kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| Helgi Garðarsson | Kristín Ólafsdóttir |
| Haukur Garðarsson | Ragnhildur G. Guðmundsdóttir |
| Þorvarður Örnólfsson. | |

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# Allt klárt fyrir páskana í Bónus!



## Lambalærissneiðar, 1. fl. frosnar
frá Kjarnafæði.

**1.798** kr./kg.




-einungis úr miðlærinu!

## Lambakótilettur, t-bein, frosnar
frá Kjarnafæði.

**1.598** kr./kg.




-sérvaldar úrvals kótilettur!

## Einiberjakryddað lúxus lambalæri
frá Kjarnafæði.

**1.398** kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg.



Lang vinsælasta kryddaða lambalærið í Bónus!

% afsláttur 30 % afsláttur

## Kofareyktur hangiframpartur frá Kjarnafæði

**679** kr./kg.

Merkt verð 799 kr./kg

% afsláttur 15 % afsláttur

SÉRVALIÐ FYRSTA FLOKKS LAMBAKJÖT
KJARNAFÆÐI
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KJARNAFÆÐI HF · Akureyri · Sími 460 7400
www.kjarnafaedi.is
ÞJÓÐLEGUR ÍSLENSKUR HEIMILISMATUR




BÓNUS

Sjá opnunartíma Bónusverslana um páskana á bonus.is

allt & sumt




## STUÐ MILLI STRÍÐA Að erlendri fyrirmynd

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER HÆTTUR AÐ HUGSA SJÁLFSTÆTT, HÉR EFTIR VERÐUR ALLT ÞÝTT OG STAÐFÆRT



Í liðinni viku skrifaði ég á sama stað um það fagnaðarefni sem mér þykir að gömul dagskrá Sjónvarpsins fari að birtast á skjáum landsmanna á ný. Ríkisútvarpið á að mínu viti margar fjársjóðskistur af vönduðu og skemmtilegu efni sem verður gaman að sjá aftur. Í kjölfar skrifa minna fór ég hins vegar að velta fyrir mér hvað það er sem við setjum í þessar sömu kistur nú á dögum. Í dag starfa hér á landi níu sjónvarpsstöðvar með eigin dagskrárgerð. Það mætti því ætla að innlend dagskrárgerð blómstraði sem aldrei fyrr. Samt virðist manni sem frumleiki sé mjög af skornum skammti og flest af því sem birtist á skjám landsmanna eru staðfærðar útgáfur af erlendum glamúrþáttum. Þættir eins og Bachelor, Idol, Rockstar hafa allir átt sínar eftirmyndir á íslenskum skjám og nú síðast hafa The Block og Extreme Makeover eignast sínar eftirmyndir í sambræðslu sem nefnist Hæðin.

Í barnaskap mínum vil ég trúa því að einhvern tímann fyrir langa löngu hafi íslenskt dagskrárgerðarfólk fengið sínar eigin hugmyndir en þessi tími er löngu liðinn. Í dag getum við treyst á að fá sömu afþreyinguna og vinir okkar vestanhafs, í þýddum og staðfærðum búningi. Það er líka svo miklu betra. Til hvers að fá eigin hugmyndir þegar maður getur bara ættleitt það sem virkar hjá Kananum?

Ég held að þetta sé líka leiðin fyrir mig. Hér eftir ætla ég ekki að skrifa stakt orð frá eigin hjarta. Þess í stað mun ég flakka um netið og finna hentuga pistla sem ég get svo bara þýtt og staðfært. Þá þarf ég ekki að eyða mínum dýrmæta tíma í að hugsa.

Nei, satt að segja hugnast mér þetta alls ekki. Mér finnst gaman þegar ég fæ hugmynd að góðum pistli og að sama skapi hlýtur það að vera gaman að fá hugmynd að góðum sjónvarpsþætti. Ég vona því að íslenskt dagskrárgerðarfólk leyfi huganum að reika í sumar og að næsti sjónvarpsvetur verði ögn frumlegri en sá sem senn er á enda kominn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# Frábært verð á myndavélum

OPIÐ til 20 alla daga



19.990kr GOTT VERÐ

**Olympus myndavél** FE280SV
- 8 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,5" LCD Skjár
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- 48MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja



17.990kr GOTT VERÐ

**Casio myndavél** EXZ75
- 7.2 milljón punkta upplausn
- Ótrúlega lítil og nett
- 2.6" LCD Skjár (114.960 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- Hreyfimyndataka



16.990kr GOTT VERÐ

**Panasonic myndavél** DMCLS70
- 7.2 milljón punkta upplausn
- MEGA OIS hristivörn í linsu
- LUMIX DC Vario - linsa
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5.8 - 17.4mm (35mm Samb. 35 - 105mm)
- 2.0" LCD skjár (115.000 pixlar)
- Hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps)



15.990kr GOTT VERÐ

**Olympus myndavél** FE270
- 7.1 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- 6,9MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja



49.990kr GOTT VERÐ

**JVC digital tökuvél** GZMG130
- 30GB harður diskur (Allt að 37,5 tíma upptaka)
- 1/6" upptökuflaga með 800.000 Pixela upplausn
- 2,7" LCD breiðskjár
- Tekur SD/SDHC kort
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- CyberLink DVD Solution Klippi- og afspilunarforrit fylgja
- Titringsdeyfir



26.990kr GOTT VERÐ

**JBL útvarpsvekjari með vöggu** ONTIMEWH
• Passar fyrir iPod, MP3, geislaspilara og fleira • 2x6w innbyggður magnari • Innbyggt útvarp með stöðvarminnum • Hægt að láta vekja á iPod, auka inngangnum eða útvarpi • Vagga fyrir iPod hleður spilarann • iPod vöggutengi að aftan til að tengja við tölvu



24.990kr GOTT VERÐ

**JVC digital tökuvél** GRD740
- 1/6" Upptökuflaga með 800.000 punkta upplausn
- 520 lína upplausn
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- 2.7" LCD breiðskjár
- Titringsdeyfir
- Vefmyndavél

**United 26" LCD sjónvarp**
LTV26W42
- 26" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 3 scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir



59.990kr GOTT VERÐ

**Dantax 19" LCD sjónvarp**
19LCDDVDP3
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD, CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2 • Skerpa: 500:1
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi
- Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8



49.990kr GOTT VERÐ



14.990kr GOTT VERÐ

**JVC míkrósamstæða** UXS11
• 10w RMS magnari með Bass Boost • RDS Útvarp með stöðvaminnum
• Geislaspilari með MP3 • Spilar CD-R/RW • Fjarstýring



10.990kr Verð áður 12.990.-

**Philips míkrósamstæða** MC146
• Geislaspilari • Spilar CD-R/RW • Dynamic Bass Boost
• FM útvarp með 20 stöðvaminnum • Heyrnartólstengi

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Gildir til 27. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**!**

**Skírdagur**
*Félag áhugafólks um heimspeki, Amtsbókasafnið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri og Akureyrarstofa standa fyrir fyrirlestri um kristinn mannskilning í bókabúð Eymundssonar á Akureyri á morgun kl. 13. Þar mun Kristinn Ólason guðfræðingur leitast við að gera tilteknum grundvallarhugmyndum um manninn skil út frá nokkrum lykiltextum Gamla og Nýja testamentisins.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Listfengir kálhausar og gúrkur

Tate Modern-safnið í London hefur löngum vakið athygli fyrir bitastæðar sýningar. Í maí næstkomandi býður safnið gestum sínum upp á mikla Fluxus-listaveislu og í tengslum við hana stærðarinnar salatgjörning sem er bitastæður í bókstaflegum skilningi.

Listamaðurinn Alison Knowles ætlar að útbúa salat fyrir 300 manns í Túrbínusal safnsins með dyggri aðstoð fimm mötuneytisstarfsmanna og sellóleikara sem leikur tónlist eftir Mozart.

Knowles, sem er fædd árið 1933, er ein af upphaflegu meðlimum Fluxus-hreyfingarinnar sem náði hápunkti sínum á árunum 1962-1964. Á meðal annarra listamanna sem létu að sér kveða undir formerkjum Fluxus eru þau Yoko Ono, John Cage og Joseph Beuys. Listamaðurinn Knowles framdi salatgjörning í fyrsta skipti árið 1962 og hefur endurtekið hann nokkrum sinnum síðan, en þó aldrei fyrir jafn marga áhorfendur og gert er ráð fyrir í Tate Modern.



**SALAT** Bragðgóð og meinholl Fluxus-list.

Gjörningurinn mun fara þannig fram að Knowles og meðkokkar hennar verða, ásamt stærðarinnar haug af grænmeti, uppi á palli sem hengdur verður upp í nokkurri hæð í Túrbínusalnum. Sellóleikarinn hefur gjörninginn á að leika tónlist eftir Mozart, en þegar honum er lokið hefst grænmetisskurðurinn. Á gólfi salarins, undir pallinum, verður komið fyrir gríðarlega stórri skál og verður skorið grænmetið látið falla ofan af pallinum og í skálina.

Salatið verður svo mikið að notast þarf við árar til þess að hræra í því. Jafnframt verður hrífa notuð til þess að ná fram jafnri blöndun salatsins. Að lokum verður salatið bragðbætt með kryddum og sósum áður en gestum býðst að gæða sér á því.

Knowles hefur verið þekkt fyrir að einblína á hversdagslegar athafnir í list sinni og hefur skapað mörg verk sem tengjast matargerð og -neyslu á einhvern hátt. - vþ

# Listir fléttaðar í tilefni föstunnar

Listafélag Langholtskirkju stendur fyrir svokallaðri Listafléttu að kvöldi föstudagsins langa. Yfirskrift kvöldsins er „Ég bíð uns birtir yfir“.

Inntak föstunnar er efniviðurinn sem listamenn kvöldsins hafa nýtt sér til fléttugerðar. Á þann hátt fæst nýtt sjónarhorn á túlkun ýmissa listforma á efni píslarsögunnar.

Ólíkar listgreinar á borð við ritlist, upplestur, dans, tónlist og myndlist leika allar veigamikil hlutverk í fléttunni. Kór Langholtskirkju flytur verk eftir Edward Elgar, Trond Kverno, June Nixon, W. A. Mozart og J. S. Bach auk verka eftir íslenska höfunda. Rými kirkjunnar er skreytt myndverkum í eigu Listasafns Íslands sem tengjast föstunni, en það var Ólafur Ingi Jónsson, deildarstjóri forvörsludeildar safnsins, sem valdi myndverkin fyrir Listafélag Langholtskirkju. Að auki verður átta metra hár trékross hengdur upp yfir altari kirkjunnar. Aðalheiður Halldórsdóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknum, lagði sitt af mörkum og samdi kóreógrafíu fyrir kvöldið. Ekki má gleyma að minnast á hlut þeirra Hjartar Pálssonar og Gunnars Stefánssonar, en þeir velja og lesa upp ljóð sem tengjast efni dagsins. Dagskráin hefst kl. 20 á föstudagskvöld.

-vþ



**LANGHOLTSKIRKJA** Hér fer fram metnaðarfull listafléttа á föstudagskvöld.

# Tamdir hestar í þyngdarleysi sýningarsalar

**Cultus Bestiae er sýning eftir myndlistarmanninn Gunnhildi Hauksdóttur sem stendur nú yfir í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Þar má sjá myndbandsverk á tveim tjöldum sem sýnir tamda hesta leika listir sínar á hestasýningu og svo slaka á í hesthúsi.**

Gunnhildur útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2001 og stundaði framhaldsnám í myndlist við Sandberg Institude í Amsterdam 2002-2005. Hún er meðlimur í hinni alþjóðlegu Dieter Roth akademíu og hefur starfað í Berlín undanfarin ár.

„Ég tók þessar myndir á hestasýningum í Þýskalandi og úti í skóginum í kringum Berlín,“ segir Gunnhildur um vinnslu verksins. „Hestar tákna í hugum margra kraft og frelsi en hestarnir á þessum sýningum eru tamdir og láta í einu og öllu að vilja mannsins. Það er þannig með manninn að hann temur allt út í hörgul, en um leið og hann temur og nær undir sig dýrum og náttúru, til að mynda, þá tapar hann einhverju í leiðinni sem hann leitast svo við að endurskapa. Við þráum flest að sjá eitthvað villt og náttúrulegt, en við sjáum það sjaldan eða aldrei og ekki í þessum hestum; þeir eru leikarar í þessari sýningu og eru látnir spila inn á þessa þrá.“

Cultus Bestiae fangar þannig samband hests og manns og fær áhorfendur til þess að velta fyrir sér hinum ýmsu hliðum þess. D-salur Hafnarhússins er gluggalaus og í honum eru engin önnur verk. Því geta áhorfendur leyft sér að hverfa fullkomlega inn í heim glæsilegra gæðinga. Gunnhildur segir sýninguna að vissu leyti mótaða af aðstæðum í salnum. „Þegar mér bauðst að setja upp sýningu í þessum sal fór ég strax að hugsa verkið inn í hann. Veggirnir, loftið og gólfið eru öll hvít og gluggaleysið gerir það að verkum að maður upplifir sig hálfpartinn í þyngdarleysi þarna inni. Því langaði mig til þess að viðhalda þessu andrúmslofti og ýta jafnvel undir það í sýningunni; tjöldin tvö svífa í miðjum salnum og það er hægt að sjá myndirnar á þeim báðum megin frá og ganga í kringum þær. Það eru litir og ljós og mikil hreyfing í verkunum og birtan af römmunum skapar stóran sess í að ýta undir þessa stemningu. Hljóðin sem fylgja verkunum eru líka altumlykjandi í salnum. Það eru því engir fastir punktar í sýningunni sem binda upplifunina niður við rýmið.“ vigdis@frettabladid.is



**HROSS** Úr verkinu Cultus Bestiae.






# Aukið læsi og reynsla kvenna

Það verður mikið um dýrðir á Waltic-ritþinginu sem fer fram í sænsku höfuðborginni Stokkhólmi í júní næstkomandi.

Um 1000 rithöfundar og þýðendur frá mörgum löndum munu þar koma saman og funda í fjóra daga um bókmenntir og hlutverk þeirra.

Aðalræðumaður þingsins er rithöfundurinn Mia Couto frá Mósambík, en hún hefur safnað saman munnmælasögum frumbyggja og notað þær í skáldskap sínum. Þannig hefur hún sameinað frásagnaraðferðir læsra og ólæsra, en eitt af markmiðum ritþingsins er einmitt að ræða aðgerðir til að auka læsi í þróunarlöndunum.

Gabriella Håkansson, einn af talsmönnum ritþingsins, segir einnig standa til að skoða áhrif stórfelldra fólksflutninga landa á milli á bókmenntir. Haldnar verða fjöldamargar málstofur þar sem ýmis atriði sem lúta að fólkflutningum verða rædd í þaula. Ein slík stofa kemur til að mynda til með að fjalla um reynslu kvenna af flutningi milli landa. Frummælendur verða rithöfundarnir Jamaica Kincaid frá Antigúa, Ludmíla Ulitskaja frá Rússlandi, Calixthe Beyala frá Kamerún og Nawal el-Saadawi frá Egyptalandi.

Á ritþinginu verður jafnframt skoðað hvaða raddir fá að heyrast í bókmenntum nútímans. Í því samhengi verður sérlega horft til þýðinga og dreifingar, en einnig til þess hvaða bækur hljóta alþjóðlega viðurkenningu og upphefð og hvaða bækur verða útundan.

„Við höfum boðið til þingsins fulltrúm afskaplega spennandi ítalskra rithöfundasamtaka sem kallast Wu Ming,“ segir Håkansson. „Allir höfundar innan samtakanna hafa tekið sér nafnið Wu Ming, sem gerir það að verkum að ekki er hægt að rekja útgáfur þeirra til eins höfundar. Þau eru fulltrúar bókmennta sem eru sjaldséðar en vissulega þess virði að skoða betur.“ - vþ



**JAMAICA KINCAID** Einn þeirra rithöfunda sem taka þátt í Waltic-ritþinginu í Stokkhólmi í sumar.



OLYMPUS
VATNSVÖRN
HRISTIVÖRN
7.1 MILLJÓN PUNKTA
Olympus MJU790SWBL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 mp uppl., vatnsheld að 3m dýpi, höggheld úr 1.5m hæð, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 6.7 - 20.1mm linsa, 2,5" LCD skjár, hreyfim.t. með hljóði, USB og 14.7MB innra minni. Tekur xD kort.
VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ
Vatns- og höggheldar vélar
7.1 MILLJÓN PUNKTA
Þrír litir! BLEIK, SVÖRT eða SILFUR
8 MILLJÓN PUNKTA
Olympus MJU770
Digital MYNDAVÉL með 7.1 mp uppl., 3x Optical og 5x Digital Zoom, Linsa: 6.7 - 20.1mm, 2,5" LCD skjár, hreyfimyndataka með hljóði, USB. Vatnsheld að 10m dýpi. Högghelt upp í 1.5m hæð. Þolir þrýsting að 100kg. Þolir -10°C frost. 18MB innb., minni. Tekur xD kort.
TILBOÐ 32.990
FULLT VERÐ kr. 38.990
Olympus MJU850
Digital MYNDAVÉL með 8 mp uppl., 3x Optical og 5x Digital Zoom, Linsa: 6.7 - 20.1mm, 2,5" LCD skjár, Digital Image Stabilisation, Face Detection Technology, hreyfimyndataka með hljóði, USB, Tekur xD kort. Vatnsheld að 3m dýpi. Höggheld upp í 1.5m hæð.
TILBOÐ 34.990
FULLT VERÐ kr. 38.990
Nettar og fjölhæfar vélar
7.1 MILLJÓN PUNKTA
8 MILLJÓN PUNKTA
7.1 MILLJÓN PUNKTA
12 MILLJÓN PUNKTA
Olympus FE270SIL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, USB 2.0 og 6.9MB innra minni. Tekur xD kort.
TILBOÐ 13.990
FULLT VERÐ kr. 15.990
Olympus FE280SIL
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, USB 2.0 og 40MB innra minni. Tekur xD kort. 108g.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 22.990
OLYMPUS MJU780
Digital MYNDAVÉL með 7,1 mp uppl., 5x Optical og 5.6x Digital Zoom, 6.4 - 32mm linsu, 2,5" LCD skjá , hreyfimyndatöku með hljóði, USB, 15Mb innb minni. Tekur xD kort. Fæst í blá eða silfurlit.
Tveir litir! SVÖRT eða SILFUR
TILBOÐ 22.990
FULLT VERÐ kr. 34.990
Olympus FE300SV
Digital MYNDAVÉL með 12 mp uppl., 3x Optical og 4x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu, 2,5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, USB og 40Mb innra minni. Tekur xD kort. 115g.
VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ
Stafrænar myndavélar fyrir kröfuharða
OLYMPUS SP550UZ
Digital MYNDAVÉL með 7.1 mp uppl., 18x Optical og 5.6x Digital Zoom, 4,7 - 84,2mm linsu, 2,5" LCD skjá, hreyfimyndatöku með hljóði, 9 myndstærðum, 23 Scene Modes, tímarofi, 20MB innbyggðu minni og USB. Tekur xD kort.
7.1 MILLJÓN PUNKTA
TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 42.990
OLYMPUS SP560UZ
Digital MYNDAVÉL með 8 mp uppl., 18x Optical og 5.6x Digital Zoom, 4,7 - 84,2mm linsu, 2,5" LCD skjá, hreyfimyndatöku með hljóði, 10 myndstærðum, 24 Scene Modes, tímarofi, 47MB innbyggðu minni, USB ofl. Tekur xD kort.
8 MILLJÓN PUNKTA
TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 44.990
Digital SLR - bestu mögulegu myndgæði
2 LINSUR FYLGJA:
LINSA 1: 14 - 42MM
(35MM SAMB.: 28 - 84MM)
LINSA 2: 40 - 150MM
(35MM SAMB.: 80 - 300MM)
Olympus E410KIT
Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón p.uppl., Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 2,5" LCD skjár, USB 2.0. Tekur CompactFlash og xD kort. Skipta má um Digital linsur. 2 linsur fylgja.
10 MILLJÓN PUNKTA
2 LINSUR FYLGJA
TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990
EISA AWARD Best Product 2007-2008
Olympus E510KIT
Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón p.uppl., innb. hristivörn, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 2,5" LCD skjár, USB 2.0. Tekur CompactFlash og xD kort. Skipta má um Digital linsur. 2 linsur fylgja.
10 MILLJÓN PUNKTA
TILBOÐ 84.990
FULLT VERÐ kr. 89.990
SJÓNAUKAR
GOTT ÚRVAL
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Christensen hlýtur PEN/Faulkner-verðlaunin

Rithöfundurinn Kate Christensen hlaut á dögunum hin mikilsvirtu bandarísku PEN/Faulkner bókmenntaverðlaun fyrir skáldsögu sína The Great Man.



**KATE CHRISTENSEN** Hlaut nýverið PEN/Faulkner-bókmenntaverðlaunin.

Verðlaunin hafa verið veitt árlega undanfarin 28 ár, en Christensen er þó aðeins fimmta konan sem hlýtur þau.

William Faulkner stofnaði til verðlaunanna á sínum með verðlaunafénu sem fylgdi Bókmenntaverðlaunum Nóbels. Á meðal fyrri vinningshafa PEN/Faulkner verðlaunanna eru Philip Roth og John Updike.

Christensen er frá New York og er The Great Man fjórða útgefna skáldsagan hennar.

Bókin segir frá þremur konum sem takast á við dauða frægs myndlistarmanns sem hafði á einhvern hátt snert líf þeirra allra.

Christensen var að vonum ánægð með heiðurinn, en hún var að þvo þvott í íbúð sinni í Brooklyn þegar hún fékk fréttirnar. Viðbrögð hennar einkenndust þó af nokkurri vantrú: „Vinna konur í alvöru þessi verðlaun?“

- vþ



**FJÖR Á SKÍÐUM** Norðlendingar hafa löngum skemmt sér við skíðaiðkun.

# Örsýning um skíði

Minjasafnið á Akureyri hefur opnað örsýninguna Skíði, skautar, sleðar í bókaverslunni Pennanum-Eymundssyni í Hafnarstræti á Akureyri. Sýningin er sett upp í tilefni af páskunum, enda er það alkunna að yfir hátíðirnar eru vetraríþróttir iðkaðar af miklu kappi á Akureyri, bæði af heimafólki og gestum.

Akureyringar á vissum aldri muna án efa eftir því þegar Skátagilið fylltist um miðbik tuttugustu aldar af ungu fólki sem skemmti sér við að renna sér á skíðum og var þá gjarnan skautað á Pollinum líka. Andi stemningarinnar sem þá ríkti er rifjaður upp á sýningu Minjasafnsins, en henni hefur verið komið fyrir í glugga Pennans-Eymundsonar til þess að sem flestir geti notið hennar.

Á sýningunni má sjá ljósmyndir í bland við fatnað, tæki og tól, gömul og ný, sem minna á veturinn og þær íþróttir sem iðkaðar eru meðan á honum stendur. Þar má meðal annars sjá sparksleða og innkaupanet sem oft voru full af matvöru á handfangi sleðanna, kvenskíði sem Adam Magnússon smíðaði á Akureyri og karlmannsskíði smíðuð í Reykjavík ásamt skíðapressu sem nýtt var við smíði skíða.

Annars er það að frétta af Minjasafninu á Akureyri að það er opið á skírdag, laugardaginn 22. mars og annan í páskum. Í húsnæði safnsins stendur nú yfir ljósmyndasýningin Þekkir þú...fjölbreytileika mannlífsins? ásamt grunnsýningum.

- vþ



**TOGSTREITA** Frá æfingu Þjóðleikhússins á Engisprettunum.

# Kolsvartur húmor og samofin örlög ólíkra kynslóða

**Þjóðleikhúsið frumsýnir leikritið Engisprettur eftir serbneska leikskáldið Biljana Srbljanovic á Stóra sviðinu hinn 27. mars næstkomandi. Leikstjóri verksins er Þórhildur Þorleifsdóttir.**

Biljana Srbljanovic er álitin eitt athyglisverðasta unga leikskáld Evrópu í dag og hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Hún sló í gegn með fyrsta leikriti sínu fyrir ellefu árum og síðan þá hafa leikrit hennar verið þýdd á fjölda tungumála og leikin í á annað hundrað uppsetningum víða um heim. Í leikritum sínum nær hún á einstæðan hátt að sameina leiftrandi húmor, bráðskemmtilega persónusköpun, næma skoðun á manneskjunni og skarpa þjóðfélagsrýni. Engisprettur er nýjasta leikrit Srbljanovic, en verkið var frumflutt árið 2005 í Belgrad.

Sbrljanovic tekur virkan þátt í stjórnmálaumræðu í heimalandi sínu og hafa ummæli hennar í fjölmiðlum oft vakið sterk viðbrögð. Kvikmyndaleikstjórinn og Íslandsvinurinn Emir Kusturica sótti hana til saka árið 2001 fyrir ummæli sem hún lét falla í blaðaviðtali þar sem hún hélt því fram að stjórn einræðisherrans Slobodans Milosevic hefði veitt fjármagni í framleiðslu myndarinnar Neðanjarðar. Kusturica vann málið, en þrátt fyrir það hefur ekkert dregið úr yfirlýsingargleði leikskáldsins. Sbrljanovic heldur nú úti bloggi þar sem hún lætur oft hörð orð falla um fólk og málefni sem henni hugnast ekki.

En aftur að leikritinu. Engisprettur er ljúfsárt verk sem fjallar á manneskjulegan og heillandi hátt um samskipti fólks, baráttu ólíkra kynslóða og samskipti í fjölskyldum, togstreituna milli foreldra og barna, systkina og hjóna. Við kynnumst hópi persóna og fylgjumst með því hvernig örlög þeirra eru samofin á sérstæðan hátt. Kolsvartur húmor Srbljanovic, angurværð og mannleg hlýja renna saman á einstakan máta í þessu margslungna verki.

Leikarar í sýningunni eru þau Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Eggert Þorleifsson, Friðrik Friðriksson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Gunnar Eyjólfsson, Hjalti Rögnvaldsson, Pálmi Gestsson, Sólveig Arnarsdóttir, Þóra Karítas Árnadóttir og Þórunn Lárusdóttir.

Um leikmynd sýningarinnar sér Vytautas Narbutas en búninga hannar Filippía I. Elísdóttir. Ljósahönnuður er Lárus Björnsson en litháíska tónskáldið Giedrus Puskunigis skapar hljóðheim sýningarinnar. Þýðandi verksins er Davíð Þór Jónsson.

vigdis@frettabladid.is

# List fyrir alla, líka um páska

Öll hús Listasafns Reykjavíkur verða opin yfir páskana og er aðgangur að vanda ókeypis. Ásmundarsafn er opið daglega frá kl. 13-16. Fastur opnunartími Kjarvalsstaða og Hafnarhúss er frá kl. 10-17 en í því síðarnefnda er opið til kl. 22 á skírdag í tilefni heimildarmyndasýningar.

Þá verður haldið áfram samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur og Kviksögu sem hefur leitt af sér áhugaverðar heimildarmyndasýningar í fjölnotasal Hafnarhússins nú í vetur. Að þessu sinni verða sýndar tvær athyglisverðar heimildarmyndir úr rannsóknarverkefninu Ísland og ímyndir norðursins. Myndin Iceland: Wonders of the World frá árinu 1970 er eftir bandaríska kvikmyndagerðarmanninn Hal Linker. Í myndinni er lögð áhersla á vöxt, uppbyggingu og nútímavæðingu Íslands. Hin mynd kvöldsins nefnist Hard Rock and Water og er eftir kanadíska kvikmyndagerðarmanninn Barbara Doran. Í myndinni, sem er frá árinu 2005, er gerður samanburður á Íslandi og Nýfundnalandi þar sem hinu fyrrnefnda er stillt upp sem fyrirmynd í efnahagslegu og pólitísku tilliti.

- vþ



**HÚS Í FÆREYJUM** Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á verkum færeyska myndlistarmannsins Mikines.


Kringlukráin

Úlfarnir í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

GERÐUBERG



Gleðilega páska!

Sýningar hússins verða opnar á Skírdag frá kl. 13-16.
Menningarmiðstöðin Gerðubergs verður lokuð
frá 21. - 24. mars og opnar aftur þriðjudaginn 25. mars.

Starfsfólk Gerðubergs

Sími 575 7700 • www.gerduberg.is • gerduberg@reykjavik.is

# Jóhannesarpassía Bachs á Ísafirði

Sannkallaðir páskatónleikar verða haldnir í Ísafjarðarkirkju á föstudaginn langa kl. 17 undir yfirskriftinni „Heimsins ljós.“ Á tónleikunum verða fluttir valdir þættir úr Jóhannesarpassíunni eftir Johann Sebastian Bach, sem Janusz Frach hefur útsett fyrir litla kammersveit, sönghópa og upplesara.



**JOHANN SEBASTIAN BACH** Tónlist hans ómar í Ísafjarðarkirkju á föstudaginn langa.

Í Jóhannesarpassíunni er rakin píslarsaga Jesú Krists eins og hún kemur fyrir í Jóhannesarguðspjalli Nýja testamentisins. Tónskáldið fléttar inn í frásögn guðspjallsins textum sem eru hugleiðingar og útlegging á söguþræðinum og þannig eiga áheyrendur þess kost að upplifa píslarsöguna á áhrifamikinn og leikrænan hátt. Orðið passía er latneska heitið á þjáningarsögu Jesú Krists og fyrr á öldum átti samkvæmt helgisiðareglum að lesa alla píslarsöguna við guðsþjónustu á föstudaginn langa.

Tónleikarnir eru haldnir á vegum Tónlistarskóla Ísafjarðar og er aðgangur ókeypis.

# Bjarni tilnefndur til norrænu leikskáldaverðlaunanna

Tilkynnt var á blaðamannafundi á mánudag að Bjarni Jónsson hefði verið tilnefndur til Norrænu leikskáldaverðlaunanna 2008 fyrir leikrit sitt Óhapp!

Leikritið var frumflutt síðasta haust á Smíðaverkstæðinu, Þjóðleikhúsinu, í leikstjórn Stefáns Jónssonar og hlaut afar góð viðbrögð áhorfenda jafnt sem gagnrýnenda, sem lofuðu verkið og sýninguna.

Norrænu leikskáldaverðlaunin eru veitt á Norrænum leiklistardögum sem haldnir eru annað hvert ár. Að þessu sinni fer hátíðin fram í Tampere í Finnlandi í ágúst næstkomandi.



**LEIKHÚSFÓLK** Steinunn Knútsdóttir, Viðar Eggertsson, Bjarni Jónsson og Tinna Gunnlaugsdóttir á mánudag þegar tilkynnt var um tilnefningu Bjarna til Norrænu leikskáldaverðlaunanna.

Norrænu leikskáldaverðlaunin hafa verið veitt frá árinu 1992 og var Hrafnhildur Hagalín fyrst til að hljóta þau. Fékk Hrafnhildur verðlaunin fyrir leikrit sitt Ég er meistarinn, sem frumflutt hafði verið hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu og verið sýnt þar við fádæma vinsældir.

Leiklistarsamband Íslands, regnhlífarsamtök sviðslistanna á Íslandi, er aðili að Norræna leiklistarsambandinu sem heldur leiklistardagana og veitir Norrænu leikskáldaverðlaunin. Leiklistarsambandið skipaði sérstaka nefnd til að gera tillögu að því leikriti sem tilnefnt yrði að þessu sinni af Íslands hálfu. Valið stóð á milli þeirra íslensku sviðsverka sem frumflutt voru á síðustu tveimur árum, samkvæmt reglum Norræna leiklistarsambandsins. - vþ



**BRIAN PILKINGTON** Einn þeirra teiknara sem eiga verk á sýningunni í Amtsbókasafninu á Akureyri.

# Þjóðsögur í myndum

**Sýningin „Þjóðsögur – íslenskar munnmælasögur“ hefur verið sett upp í Amtsbókasafninu á Akureyri, en var áður til sýnis í Reykjavík og á Hornafirði. Um er að ræða verk tólf íslenskra teiknara, sem tóku að sér að myndskreyta þjóðsögur úr munnlegri geymd. Sýningin var unnin af Listasafni Reykjavíkur og eru sögurnar valdar úr hljóðritum í Þjóðfræðasafni Árnastofnunar. Teiknararnir eru þekktir fyrir myndskreytingar í íslenskum barnabókum, en á meðal þeirra eru Sigrún Eldjárn, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Margrét E. Laxness, Anna Cynthia Leplar og Brian Pilkington. Sýningin stendur frá 14. mars til 30. apríl 2008.** - vþ



**ASA-TRÍÓIÐ** Leikur á tónleikum djassklúbbsins Múlans í kvöld.

# ASA-tríóið á Múlanum

**Hið víðfræga ASA-tríó kemur fram á tónleikum djassklúbbsins Múlans í kvöld, en tríóið skipa þeir Andrés Þór Gunnlaugsson sem leikur á gítar, Scott McLemore á trommur og Agnar Már Magnússon sem leikur á B3 hammond orgel. Efnisskrá kvöldsins er fjölbreytt að vanda og má á henni meðal annars finna lög úr smiðju John Coltrane, Jimi Hendrix og Red Hot Chili Peppers. Það er því útlit fyrir mikið fjör og spilagleði.**

**Tónleikar Múlans fara fram á Domo-bar, Þingholtsstræti 5, og hefjast kl. 21. Miðaverð er 1.000 kr., en 500 kr. fyrir námsmenn.** - vþ




> SKOTIN Í COWELL

American Idol-dómarinn Paula Abdul segir það erfitt fyrir sig að vinna með Simon Cowell vegna þess að hún sé pínulítið skotin í honum. „Kannski er ég skotin í honum í undirmeðvitundinni," segir Paula létt á því.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Geiri Ólafs í vellystingum á Englandi

„Já, ég er núna staddur á Englandi. Nánar tiltekið í London en er á leið til Manchester," segir Geir Ólafs söngvari.

Geir kom við sögu í einu helsta fréttamáli síðustu viku, væringum milli Bubba Morthens og Bigga í Maus, og leggur á það áherslu að hann haldi ekki með Bigga fremur en Bubba. Þótt hann hafi verið settur í ímyndaða hljómsveit, Bandið hans Bigga. Það eina sem hann vill er að menn elski friðinn og séu ekki að rífast eins og krakkar.

Geir er á Englandi í boði auðkýfingsins Peter Harway sem býður Geir sérstaklega til að koma með sér á leik Manchester United og Bolton sem er í dag. „Ég er mikill áhugamaður um fótbolta. Og er Manchester United-maður," segir Geir og hlakkaði mjög til að sjá leikinn þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Vinátta tókst með þeim Geir og Peter þegar þeir hittust á Tenerife fyrir tveimur árum. Þá söng Geir fyrir hann og konu Peters „I left my heart in San Francisco" og hefur æ síðan átt stað í hjarta þeirra hjóna.

„Hann treystir engum til að syngja þetta öðrum en mér. Ég verð hérna í nokkra daga. Kem á fimmtudag heim aftur. Enda er nóg að gera hjá karlinum. Ný plata í bígerð og mikil stemning." -jbg



**GEIR ÓLAFSSON** Vinur hans, breskur auðkýfingur, bauð honum á leik Manchester United og Bolton – enda Geir ManU-maður.



**SEAN „DIDDY" COMBS** Rapparinn og tískumógúllinn segist ekki hafa staðið fyrir árás á Tupac Shakur.

## Combs neitar aðild

Rapparinn og tískumógúllinn Sean „Diddy" Combs hefur vísað til föðurhúsanna frétt á heimasíðu dagblaðsins The Los Angeles Times um að félagar hans hafi staðið fyrir skotárás á rapparann Tupac Shakur árið 1994 og að Combs hafi vitað af árásinni fyrirfram.

„Þessi frétt er lygi," sagði Combs, sem áður kallaði sig Puff Daddy. „Hún er fáránleg og algjörlega röng. Hvorki Notorious B.I.G. né ég vissum um árásina fyrirfram, meðan á henni stóð eða eftir að hún átti sér stað. Ég er mjög undrandi yfir því að The Los Angeles Times sé svo ábyrgðarlaust að birta slíkan róðburð."

Árásin, sem átti sér stað fyrir utan hljóðver í New York, leiddi til deilna á milli bandarískra austur- og vesturstrandarappara sem urðu til þess að bæði Shakur og B.I.G. voru myrtir.

# Magnúsar Scheving-æði í Mexíkó

**Magnús Scheving er nýkominn heim úr frægðarför frá Mexíkó. Latibær er nýjasta æðið hjá mexíkósku þjóðinni og forseti landsins er meðal dyggustu aðdáenda íslenska sjónvarpsþáttarins.**

„Þetta var gríðarlega stór stund fyrir okkur og Latabæjar-verkefnið," segir Magnús Scheving sem skrifaði nýverið undir samning við mexíkóska útibú WalMart-verslunarkeðjunnar um sölu á vörum tengdum íslenska sjónvarpsþættinum. WalMart í Mexíkó er stærsta fyrirtæki landsins með yfir eina og hálfa milljón starfsmanna. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra voru viðstödd undirritunina auk fulltrúa Útflutningsráðs Íslands. Samningurinn er ógnarstór og mun að öllum líkindum opna fyrir Latabæ dyr hjá bandaríska móðurfyrirtækinu sem er eitt stærsta fyrirtæki heims. Magnús staðfestir að samningaviðræður séu þegar í gangi við Bandaríkjamennina og að þeir samningar muni hugsanlega ganga í gegn áður en langt um líður. Enda hafi samningurinn við Mexíkó verið hluti af enn stærra ferli í samstarfinu við WalMart International. Samningurinn við WalMart í Mexíkó tryggir að vörumerki Latabæjar verður áberandi í verslunum þess og munu meðal annars ávextir og aðrar heilsusamlegar vörur verða tengdar Latabæ með einum eða öðrum hætti.

**Þjóðhetja í landinu**

Sannkallað Latabæjaræði ríkir í Mexíkó. Svo mikill var hamagangurinn að Magnús skyggði á sjálfan forsetann, Felipe Valderón, þegar hann snæddi með honum morgunmat ásamt forseta Íslands og fríðu föruneyti. Valderón vildi reyndar sjálfur fá eiginhandaráritun hjá Magnúsi enda börnin hans þrjú miklir aðdáendur sjónvarpsþáttanna. Jafnframt seldist hraðar upp á frumsýningu leiksýningarinnar LazyTown Live í höfuðborginni Mexiko City en á tónleika rokkhljómsveitarinnar U2. Guðjón Svansson hjá Útflutningsráði Íslands varð vitni að þessu og sagði engu líkara en að Magnús væri þjóðhetja í Mexíkó. „Þessu er eiginlega ekki hægt að lýsa með orðum, slíkar eru vinsældirnar. Allir þekktu Magnús og Latabæ, vildu komast nálægt honum og tala við hann," segir Guðjón.

Í Mexíkó voru þar að auki lögð drög að samningi við stærsta mjólkurfyrirtæki Mexíkó. Hann gerir það að verkum að andlit Magnúsar í hlutverki Sportacusar mun prýða yfir hundrað milljón mjólkurferna þar í landi á næstu árum. Ferðalagið í Mexíkó gat einnig af sér aðra samninga, svo sem við stærsta sjónvarpsfyrirtæki landsins, TeleVisa.



**FÓR Á KOSTUM** Magnús í hlutverki Sportacusar á spítala fyrir fjölfötluð börn í Mexíkó. Þótt hreyfigetan hafi hamlað þeim að leika kúnstir Magnúsar eftir þá duldist engum að krafturinn og viljinn var fyrir hendi.

**Hljóp fyrir 25 milljónir punda**

Samningurinn við TeleVisa tryggir að sjónvarpsþættirnir verða í opinni dagskrá en ekki á læstum rásum eins og hefur verið. Forsvarsmenn TeleVisa hrifust svo af Magnúsi og fyrirtækinu að þeir vildu ólmir tryggja sér víðtækara samstarf; svo sem ferðir í alla skóla landsins og heimsóknir á spítala sem fyrirtækið styrkir í gegnum góðgerðastofnun sína.

Magnús tók síðan þátt í míluhlaupi á vegum BBC til styrktar góðu málefni á sunnudaginn, og söfnuðust í kringum 25 milljónir punda, sjö milljónum meira en í fyrra. Forsvarsmenn BBC voru svo ánægðir með árangurinn að þeir hafa þegar boðið Magnúsi að leiða hlaupið aftur árið 2012 þegar það verður heimsviðburður og í tengslum við Ólympíuleikana í London. Magnús tekur þó skýrt fram að toppnum sé enn ekki náð, fyrirtækið eigi enn eftir að hasla sér völl á stórum mörkuðum á borð við Asíu, Frakkland og Ítalíu. Það sé markmið fyrirtækisins að ná hæstu hæðum árið 2012. „Menn hafa verið að hvetja mig til að fara hraðar en mér finnst Latibær vera á sínum hraða." - fgg

„Einn af mikilvægustu rithöfundum tuttugustu aldar."

Morgunblaðið

Jane Somers hefur alltaf hugsað mest um starf sitt og útlit en þegar hún horfir á eftir manni sínum og móður í gröfina verður henni ljóst að samband hennar við annað fólk er reist á sandi. Kynni hennar af aldraðri grannkonu sinni, Maudie, sem hefur frá unga aldri þurft að berjast hart fyrir tilveru sinni og réttindum, verða afdrifarík; Jane öðlast þroska til að endurskoða líf sitt og gefa því tilgang handan sýndarmennsku og sjálfumgleði.

„Sagnaþulur kvenlegrar reynslu sem með efahyggju, eldmóði og í krafti hugsjóna grannskoðar samfélag aðskilnaðar."

Nóbelsverðlaunanefndin í bókmenntum




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

NÓBELSVERÐLAUNAHAFI Í BÓKMENNTUM 2007

NÝ KILJA



**ALLS EKKERT FLIPP** Eurobandið getur sungið og er ekki með neitt flipp.

## Óvenjuhátt flipp-hlutfall

Nú þegar öll lögin 43 eru komin fram í Eurovision og búið er að draga um röð þeirra í keppninni er tímabært að líta yfir stöðuna. Mikill meirihluti laga er að vanda sunginn á ensku, 25 samtals. Fimm í viðbót eru svo bæði sungin á ensku og einhverju öðru tungumáli. Ellefu karlkyns sólósöngvarar verða í keppninni en að vanda er fjölmennasta tegund fulltrúa kvenkyns sólósöngvarar, 21 talsins. Blandaðir sönghópar eru sex með Eurobandinu og restin er hljómsveitir.

Óvenjuhátt hlutfall „flipp"-atriða verður í boði í ár. Átta atriði verða að teljast óvenjuleg og flippuð í ljósi sögunnar. Írar senda sem kunnugt er rammfalskan en eiturhressan kalkúna (eða öllu heldur leikara með kalkúnagrímu) og Bosnía og Hersegóvína sendir hálfgerðan óperurokkara sem treður upp með lifandi hænu. Eystrasaltslöndin eru í flippinu, Eistar senda grínhópinn Kreisiraadio sem syngur fíflalegt lag á serbnesku, ensku og þýsku og Lettar senda eiturpoppaða sjóræningja. Búlgarar senda nokkuð töff lag með Deep Zone og Balthazar, þar er „skratsað" vilt og gallið á plötuspilara, og hinn spænski Rodolfo Chikilicuatre er einskonar Eiríkur Fjalar með sniðugt lag. Finnar veðja enn á þungarokkið og senda hina ógnvekjandi Terásbetoni og í flippdeildina má líka setja belgísku þjóðlagasöngkonuna Ishtar sem syngur á bullmáli.

EUROVISION

66 DAGAR TIL STEFNU

# Bók

## *er fermingargjöf sem endist …*




| Ljóðasafn Hannesar Péturssonar | Saga daganna | Ísland í aldanna rás 1900–2000 | Vefbækur – áskrift í 2 ár | Mergur málsins | Íslendingasögur I–III |
|---|---|---|---|---|---|
| Verð: 3.690,- | Verð: 5.980,- | Verð: 9.980,- | Verð: 5.990,- | Verð: 9.990,- | Verð: 11.990,- |

## Þessar bækur og margar fleiri færðu á fermingartilboði í næstu bókabúð:

**Spænsk-íslensk orðabók / Stafsetningarorðabókin / Dönsk-íslensk orðabók / Ensk-íslenska orðabókin / Stóra orðabókin / Erró í tímaröð / Íslandssagan í máli og myndum / Íslensk tunga I–III / Íslenski hesturinn / Jörðin / Stóra myndorðabókin / Af hverju er himinninn blár? / Don Kíkóti / Edda – með málverkum / Einar Már: Ljóð 1980–1995 / Eldgos / Frankenstein / Halldór Laxness / Goðheimar bernskunnar / Hamingja í lífi og starfi / Ísland í hers höndum / Íslensk fjöll: Gönguleiðir á 101 tind / Íslenska bílaöldin / Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945 / Tryggvi Ólafsson: Málverk í 20 ár / Merkisdagar á mannsævinni / Mynd á þili / Opinberun Jóhannesar / Skáldalíf / Snert hörpu mína / Snorri Hjartarson: Kvæðasafn / Veður og umhverfi / Völuspá / Þorsteinn frá Hamri: Ritsafn / Stiklað á stóru um næstum allt / Íslensk orðabók 2007 / Íslandsatlas / Íslenskir hellar / Biblían / Maðurinn**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is



**D. RAMIREZ** D. Ramirez þeytir skífum á þriggja ára afmæli Flex Music.

# D. Ramirez í afmæli

Flex Music heldur upp á þriggja ára afmæli sitt í kvöld með tónleikum breska plötusnúðarins D. Ramirez. Hann er á mála hjá útgáfufyrirtækinu Ministry of Sound og var valinn besti danstónlistarmaður Bretlands árið 2007 af tímaritinu DJ Magazine. „Það verður mikið lagt í kvöldið og við verðum með aukakerfi og aukaljós,“ segir Kiddi hjá Flex Music, sem hvetur alla þá sem hafa gaman af danstónlist til að mæta og skemmta sér.

Flex Music ætlar einnig að flytja inn plötusnúðinn Eric Pritz á næstunni. Hann er goðsögn innan danstónlistargeirans, enda er hann sá eini í heiminum sem hefur fengið að endurhljóðblanda lög Pink Floyd.

# 20 ára farsæll ferill í tveimur kössum

Eins og kunnugt er fagnaði Sálin hans Jóns míns tuttugu ára starfsafmæli hinn 10. mars síðastliðinn. Af því tilefni voru haldnir stórtónleikar í Laugardalshöllinni og heildarverk sveitarinnar fram að þessu kom út í tveimur kössum sem hér eru til umfjöllunar. Kassi 1 hefur að geyma sex plötur: Syngjandi sveittir sem kom upphaflega út árið 1988, Hvar er draumurinn (1989), Sálin hans Jóns míns (1991), Garg (1992), Þessi þungu högg (1992) og Sól um nótt (1995). Í kassa 2 eru sjö plötur: 12. ágúst 1999 fá því ári, Annar máni (2000), Logandi ljós (2001), Vatnið (2003), Undir þínum áhrifum (2005) og Lifandi í Laugardalshöll (2006). Og ein ný plata, Arg, en á hana hefur verið safnað þeim Sálarlögum af safnplötum sem ekki voru á Garg-inu.

Sálin var stofnuð til að spila soul-tónlist að undirlagi þeirra Jóns Ólafssonar píanóleikara og Rafns Jónssonar trommuleikara úr Bítlavinafélaginu. Þeir fengu til liðs við sig þá Guðmund Jónsson gítarleikara, Harald Þorsteinsson bassaleikara og Stefán Hilmarsson söngvara. Sveitin hóf ferilinn með því að flytja þekkta soul-slagara í bland við frumsamin soul-skotin popplög, en eftir að þeir Jón og Rafn höfðu sagt skilið við hana þróaðist Sálin yfir í poppsveit sem gerði út á dansleikja- og sveitaballamarkaðinn og spilaði frumsamda tónlist, aðallega eftir Guðmund. Á svipuðum tíma komu fram fleiri metnaðarfull dansleikjabönd sem lögðu mesta áherslu á frumsamið efni, þeirra fremst SSSól og Nýdönsk.

**Þróun og metnaður**

Sálin varð fljótlega ein vinsælasta hljómsveit landsins og sendi frá sér hvern smellinn á fætur öðrum. Hún hefur starfað með hléum og nokkrum mannabreytingum í þessi tuttugu ár sem eru liðin frá því að hún steig á svið í fyrsta sinn og á þeim tíma hefur henni tekist að halda sér á meðal vinsælustu hljómsveita landsins. Tónlistin hefur þróast mikið eins og maður heyrir



**TVÍTUG STÓRSVEIT** Stefán Hilmarsson og Jens Hansson í Laugardalshöll um liðna helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

þegar maður hlustar á plöturnar í kössunum tveimur í tímaröð. Sálin í kassa 1 er ofur hresst stuðband á meðan Sálin í kassa 2 er orðin yfirvegaðri, fágaðri og fullorðinslegri. Þessi þróun og sá metnaður sem hefur einkennt þau verkefni sem Sálin hefur tekið sér fyrir hendur skýrir óslitnar vinsældir hljómsveitarinnar ásamt þeirri staðreynd að Guðmundur Jónsson er einn af bestu lagahöfundum íslenskrar poppsögu og Stefán Hilmarsson hefur vaxið stöðugt bæði sem söngvari og textasmiður.

Það er erfitt að gera upp á milli kassanna tveggja. Í báðum þeirra eru frábærar plötur þó að meðalgæðin séu sennilega hærri í seinni kassanum. Fyrsta platan Syngjandi sveittir er ekki upp á marga fiska í heildina. Útgáfurnar af gömlu soul-slögurunum sem eru á henni eru til dæmis afleitar, en frumsömdu lögin, sérstaklega Á tjá og tundri eru fyrirboði um það sem koma skal. Strax á annarri plötunni Hvar er draumurinn er sveitin orðin mjög góð og þriðja platan sem heitir einfaldlega Sálin hans Jóns míns er afbragð. Á næstu plötu, hinni rokkuðu Þessi þungu högg samdi hljómsveitin öll lögin í sameiningu. Mér finnst hún nú aldrei hafa





**TÓNLIST**

**Vatnaskil 1988-2008**

Sálin hans Jóns míns

★★★★

Vatnaskil 1988 – 2008 er vel heppnað heildarsafn af útgefnu efni Sálarinnar hans Jóns míns. Vel unnið og glæsilegt.

virkað almennilega þrátt fyrir ágæta spretti. Safnplatan Garg er svo hrein snilld, enda eru Sódóma, Ábyggilega, Neistinn og Krókurinn öll á henni. Sól um nótt er svo alveg þokkaleg.

Í seinni kassanum eru þrjár stúdíóplötur, Annar máni, Logandi ljós og Undir þínum áhrifum sem allar standa vel fyrir sínu og svo þrjá tónleikaplötur. 12. ágúst 1999 er órafmögnuð, Vatnið er tónleikar með Sinfóníuhljómsveitinni og Lifandi í Laugardalshöll hefur að geyma mjög vel heppnaða tónleika Sálarinnar með Gospelkór Reykjavíkur.

**Hvar er óútgefna efnið?**

Það er greinilegt að hinn afar vel heppnaði plötukassi Þursanna hefur verið hafður til hliðsjónar þegar Sálarsafnið var sett saman. Eins og hjá Þursum eru kassarnir sjálfir mjög veglegir og hönnun og frágangur er til fyrirmyndar. Stefán Hilmarsson rekur sögu sveitarinnar í textum sem prentaðir eru innan í umslag hverrar plötu fyrir sig og gerir vel. Fínn texti og skemmtilegur. Hljóðvinnsla hefur líka heppnast ágætlega.

Það er samt eitt sem ég sakna. Þó að það sé ein áður óútgefin plata í kassa 2 þá eru á henni eintóm áður útgefin lög. Það hefði verið sterkur leikur að hafa eitthvað óútgefið efni með og bæta til dæmis aftan við hverja plötu fyrir sig. Þetta hefðu getað verið útvarpseða sjónvarpsupptökur, ónotuð lög, demóupptökur eða tónleikaupptökur. Það eru þrír tónleikar í kassa 2, en þeir eru allir sérstök verkefni. Hvað með ekta Sálartónleika? Það hefði mátt finna til einhverjar vel heppnaðar upptökur frá þessum dæmigerðu Sálarböllum og skella tveimur eða þremur lögum aftan við einhverjar af stúdíóplötunum. Áður óútgefið efni hefði gefið kössunum meira gildi fyrir þá aðdáendur sem eiga allar plöturnar fyrir.

Því verður samt ekki neitað að Vatnaskil 1988 – 2008 er mjög vel heppnað heildarsafn af útgefnu efni Sálarinnar. Glæsilegt og vel unnið. **Trausti Júlíusson**




# NÝTT í Hagkaupum!










Sálin hans Jóns míns - Vatnaskil 6CD

KR. 5.499

Sálin hans Jóns míns - Vatnaskil 7CD

KR. 5.999







Hinn íslenzki Þursaflokkur

KR. 4.799

Haribo hlauppoki fylgir hverri mynd!
*meðan birgðir endast




KR. 2.199




Laugardagslögin

KR. 1.999




Femin

KR. 1.999




Skuggasveinar - Minni Karla

KR. 1.999




Van Morrison - Keep It Simple

KR. 1.999

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 4 - 6 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |
| THE BUCKET LIST | kl. 3:40 - 5:50 | VIP |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | L |
| STEP UP 2 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | 7 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 10 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| JUNO | kl. 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| ÁSTRÍKUR ÍSL TAL | kl. 5:45 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 6 - 8 | 12 |
| SHUTTER | kl. 10 | |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| AUGUST RUSH | kl. 10 | L |
| UNDERDOG M/ÍSL TALI | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN ERU OPIN ALLA PÁSKANA




| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SPIDERWICK | kl. 2, 4, 6 og 8 | 7 |
| 10.000 BC - POWER | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 4 og 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 4, 8 og 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 1.45 | L |




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| SHUTTER LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 1 - 3.15 - 5.30 - 8 - 10.15 | 7 |
| HORTON | kl. 2 - 4 - 6 - 8 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 3.30 - 8 - 10.10 | 12 |
| BE KIND REWIND | kl. 10 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.40 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 1 | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| IN BRUGES | kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 3 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.30 | |
| 27 DRESSES | kl. 3 - 5.30 - 8 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| INTO THE WILD | kl. 10 | 10 |
| ATONEMENT | kl. 3.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíó merktar með rauðu

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| HORTON | kl. 6 - 8 ÍSLENSKT TAL | 12 |
| SEMI PRO | kl. 10 | |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!
AUKAKRÓNUR


# Mugison með flest verðlaun

**Tónlistarmaðurinn Mugison hlaut þrenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum sem voru afhent í fjórtánda sinn í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi.**



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison hlaut þrenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum í gærkvöldi.

Mugison hlaut verðlaun fyrir bestu plötuna í Rokk- og jaðartónlistarflokki, fyrir besta plötumslagið og fyrir besta myndbandið, sem þeir Gísli Darri og Bjarki Rafn gerðu við lagið The Great Unrest af plötunni Mugiboogie. Þetta er í annað sinn sem Mugison hlýtur Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir bestu plötuna. Síðast vann hann árið 2004 fyrir Mugimama is this Monkeymusic?

**Þrjú með tvenn verðlaun**

Björk Guðmundsdóttir, Sprengjuhöllin og Hjaltalín hlutu tvenn verðlaun hver en síðarnefndu sveitirnar gáfu báðar út sínar fyrstu plötur í fyrra.

Björk var kjörin tónlistarflytjandi ársins og besta söngkonan, Sprengjuhöllinn fékk verðlaun fyrir lag ársins, hið geysivinsæla Verum í sambandi, og Bergur Ebbi Benediktsson var kjörinn textahöfundur ársins. Hjaltalín var valin bjartasta vonin, auk þess sem Högni Egilsson, forsprakki sveitarinnar, var lagahöfundur ársins.

**Megas og Ólöf unnu**

Plötutvenna Megasar og Senuþjófanna, Frágangur og Hold er mold, var kjörin best í flokknum Popp- og dægurtónlist á meðan Ólöf Arnalds vann í flokknum Ýmis tónlist fyrir sína fyrstu plötu, Við og við. Einnig var Páll Óskar Hjálmtýsson, sem átti gott ár í fyrra, kjörinn söngvari ársins og Pétur Ben vann fyrir tónlist sína við kvikmyndina Foreldrar.



**SPRENGJUHÖLLIN** Hljómsveitin Sprengjuhöllin, sem gaf út sína fyrstu plötu á síðasta ári, hlaut tvenn verðlaun.

**Einar með bestu plötuna**

Í djassflokki átti trommuleikarinn Einar Scheving bestu plötuna, Cycles, og Sigurður Flosason var valinn flytjandi ársins. Lag ársins var aftur á móti Láð eftir Agnar Má Magnússon.

Í sígildri- og samtímatónlist var Melódía eftir Kammerkórinn Carmina kjörin besta platan, Kammersveitin Ísafold var flytjandi ársins og Apokrýfa eftir Huga Guðmundsson var valið tónverk ársins.

Rúnar Júlíusson fékk afhent heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir framlag sitt til íslensks tónlistarlífs auk þess sem Björgólfur Guðmundsson fékk hvatningarverðlaun Samtóns.

## VERÐLAUNAHAFARNIR

**Popp-/dægurplata ársins:** Megas - Frágangur/Hold er mold
**Rokk-/jaðarplata ársins:** Mugison - Mugiboogie
**Ýmis tónlist - plata ársins:** Ólöf Arnalds - Við og við
**Tónlistarflytjandi ársins:** Björk
**Lag ársins:** Snorri Helgason og Bergur Ebbi Benediktsson - Verum í sambandi
**Lagahöfundur ársins:** Högni Egilsson
**Textahöfundur ársins:** Bergur Ebbi Benediktsson
**Söngkona ársins:** Björk
**Söngvari ársins:** Páll Óskar
**Bjartasta vonin:** Hjaltalín
**Kvikmynda-/sjónvarpstónlist ársins:** Pétur Ben - Foreldrar
**Myndband ársins:** Mugison - The Great Unrest
**Plötuumslag ársins:** Mugison - Mugiboogie
**Djassplata ársins:** Einar Scheving - Cycles
**Djassflytjandi ársins:** Sigurður Flosason
**Djasslag ársins:** Agnar Már Magnússon - Láð
**Sígild/samtímaplata ársins:** Kammerkórinn Carmina - Melódía
**Sígild/samtímatónlist-Flytjandi:** Kammersveitin Ísafold
**Sígild/samtímatónlist: Lag ársins:** Hugi Guðmundsson - Akoprýfa
**Heiðursverðlaun:** Rúnar Júlíusson
**Hvatningarverðlaun:** Björgólfur Guðmundsson

# Upprisa kvikmyndanördanna

Leikstjórinn Michel Gondry hefur sýnt að hann er einn hugmyndaríkasti kvikmyndagerðarmaður samtímans og nýtt verk eftir hann vekur því ávallt áhuga. Eftir „Eternal Sunshine of the Spotless Mind“ gerði hann tónleikamyndina „Dave Chappelle's Block Party“ og „The Science of Sleep“, en síðarnefnda myndin lýsir vel ríkulegu ímyndunarafli hans. Með „Be Kind Rewind“ hefur hann smíðað fremur hefðbundna gamanmynd sem byggir á sniðugri grunnhugmynd.

„Be Kind Rewind“ fjallar um tvo félaga sem komast í hann krappan þegar annar þeirra þurrkar út, fyrir slysni, efni af öllum myndbandaspólum á vídeóleigu sem hinn vinnur á. Til þess að bjarga því sem bjargað verður taka þeir til sinna ráða og gera sjálfir stuttar útgáfur af þekktum myndum eins og Ghostbusters, Rush Hour, Driving Miss Daisy og leigja þær út.

Félagarnir, Jack Black og Mos Def, endurgera fjölda vinsælla bíómynda með stórskemmtilegum hætti og er endurgerð þeirra á Ghostbusters til dæmis bráðskemmtileg. Við gerð stuttmyndanna reynir mjög á uppfinningasemi Gondry's og tekst honum víða mjög vel upp. Lýsing hans á því hvernig við sem áhorfendur höldum upp á kvikmyndir og gleðjumst yfir þeim er hrífandi, en það er einmitt aðal umfjöllunarefni myndarinnar.

Vandamál myndarinnar eru hinsvegar mörg og endurspegla flest þá staðreynd að Gondry er fremur slakur handritshöfundur, en við gerð myndanna „Eternal Sunshine...“ og „Human Nature“, sem voru vel heppnaðar, naut hann hæfileika Charlie Kaufmans við handritsgerðina. Söguþráður „Be Kind Rewind“ gengur illa upp, er klisjukenndur og óþarflega væminn í endann, og persónur, þá sérstaklega aukapersónur, eru ekki vel skilgreindar. Það er einnig galli að myndin er einfaldlega ekki nægilega fyndin.

Þeir kumpánar Jack Black og Mos Def gefa myndinni ærslakennt yfirbragð en virðast nokkuð frá sínu besta. Frammistaða Danny Glover og Miu Farrow er undir væntingum en gaman er að Sigorney Weaver sem kemur fram í hálfgerðu gestahlutverki.

**Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**



**KVIKMYNDIR**

**Be Kind Rewind**

Leikstjóri: Michel Gondry. Aðalhlutverk: Jack Black, Mos Def.

★★★

Ágætis skemmtun, sérstaklega fyrir kvikmyndanörda, en mun áreiðanlega gleymast fljótt.




# Plata í næstu viku

Hljómsveitin The Raconteurs, með Jack White úr The White Stripes í broddi fylkingar, gefur út sína aðra plötu 25. mars. Tilkynnt var um plötuna á heimasíðu sveitarinnar á mánudag og því er fyrirvarinn í meira lagi skammur.

Platan nefnist Consolers of the Lonely og kemur út á sama tíma í búðum og á netinu. „Við vildum prófa að gefa út plötu sem kæmi út alls staðar á sama tíma og reyna eftir það að markaðssetja hana og kynna. Við viljum ekki að þessi plata verði dæmd eftir því hvernig hún selst fyrstu vikuna eða hvernig dóma hún fær áður en fólk nær að hlusta á hana," sagði á heimasíðu sveitarinnar. „Við viljum líka að fólk geti ráðið því strax hvernig það hlusti á plötuna í stað þess að það þurfi að bíða eftir því að hún komi út í sínu uppáhalds formi."

The Raconteurs ætlar í tónleikaferð um Bandaríkin í vor til að fylgja plötunni eftir, auk þess sem hún spilar á tónlistarhátíðum í Bretlandi og í Noregi í sumar.



**THE RACONTEURS** Hljómsveitin The Raconteurs gefur á næstunni út sína aðra plötu.

# Leikstjóri fer til Níkaragva

Kvikmyndaleikstjórinn Einar Þór Gunnlaugsson frumsýndi í síðustu viku kvikmyndina Heiðina en ætlar sér að staldra stutt við á Íslandi. Hann er á leiðinni til Mið-Ameríkuríkisins Níkaragva þar sem hann vann í byggingarvinnu þegar Daniel Ortega og svokallaðir Contra-skæruliðar börðust um völdin í landinu í blóðugri styrjöld fyrir tuttugu árum.

Einar hefur eiginlega búið í hálfgerðri ferðatösku að undanförnu, lagði lokahönd á myndvinnslu Heiðarinnar í Wales og Danmörku og var þar áður í Níkaragva þegar hann endurnýjaði kynnin við land og þjóð eftir tuttugu ára fjarveru. „Ég fór þangað ásamt félaga mínum og við nýttum ferðina til að keyra um sveitirnar sem við máttum ekki á sínum tíma vegna stríðsástandsins," segir Einar sem ætlar engu síður að fara aftur í apríl. „Mér fannst ég ekki alveg ná að kveða niður gamla drauga," segir Einar og hlær, bætir því síðan við að húsið sem þeir byggðu fyrir tveimur áratugum hafi verið komið í eigu vellauðugs Kínverja.



**HUGSJÓNIR** Einar Þór frumsýndi kvikmynd í síðustu viku en er á leiðinni til Níkaragva til að kveða niður gamla drauga.

Sem segi sitthvað um þróunina þar. „Þegar við vorum þarna voru búðirnar hálftómar, hægt að fá grófan klósettpappír og hrísgrjón í pokum. Í dag er þarna allt til alls og meira að segja hægt að kaupa Snickers í stórmörkuðum," segir Einar.

Íslendingar hafa undanfarin ár sinnt miklu þróunarstarfi í Níkaragva og Einar útilokar ekki að hann vilji taka þátt í því með einhverjum hætti. „Við fórum þangað á sínum tíma til að bjarga heiminum en ég get ekki betur séð en að okkur hafi mistekist þannig að það má alltaf gera betur," segir Einar en hann er nú að klára heimildarmynd um byggð á Vestfjörðum sem ætti að koma fyrir augu almennings á næstu misserum. - fgg



**LEIGUMORÐINGI** Colin Farrell leikur leigumorðingja í kvikmyndinni IN Bruges.

# Hátíð í kvikmyndahúsum

Fjórar kvikmyndir verða frumsýndar í kvikmyndahúsum borgarinnar yfir páskana. Þar ber hæst spennumyndin In Bruges sem skartar Colin Farrell og Ralph Fiennes í aðalhlutverkum. Myndin segir frá tveimur leigumorðingjum sem er falið smá verkefni í Brussel. Ferðin snýst hins vegar upp í smá frí þegar verkið dregst aðeins á langinn en sá tími sem félagarnir eyða með hvor öðrum verður alltaf eldfimari og eldfimari.

Af öðrum kvikmyndum sem verða frumsýndar um helgina má nefna spennutryllinn Shutter með Joshua Jackson úr Dawsons Creek í aðalhlutverki og Spiderwick Chronicles. Þar að auki verður kvikmyndin Hannah Montana sem skartar bandarísku unglingastjörnunni Miley Cyrus í aðalhlutverki.



**DUFFY** Breska söngkonan Duffy gefur á næstunni út sína fyrstu plötu.

# Fyrsta platan frá Duffy

Fyrsta plata bresku söngkonunnar Duffy, Rockferry, kemur út hérlendis 7. apríl. Platan kom út í Bretlandi fyrir stuttu og fór beint á toppinn. Seldist hún sex sinnum meira en platan sem varð í öðru sæti. Hefur fyrsta smáskífulagið Mercy jafnframt setið í fjórar vikur á toppi breska vinsældalistans.

Duffy var uppgötvuð árið 2004 af Jeannette Lee, sem í dag er umboðsmaður hennar. Jeannette kom fljótlega á sambandi við Bernard Butler, fyrrum gítarleikara Suede, og stjórnaði hann upptökum á Rockferry ásamt því að semja fjögur lög á plötunni með Duffy.




## > Örn og Jakob úr leik

Örn Arnarson og Jakob Jóhann Sveinsson komust ekki áfram í sínum greinum á fyrsta degi Evrópumótsins í sundi sem hófst í Hollandi í gær. Örn keppti í tveimur greinum, varð í 20. sæti í 100 metra baksundi á 56,14 sekúndum (1/10 úr sek. frá sínum besta) og í 24. sæti í 50 metra flugsundi á 24,78 sekúndum en Íslandsmet hans í þeirri grein er 24,02 sekúndur. Örn var aðeins 24/100 úr sek. frá því að komast áfram í undanúrslitin í baksundinu. Jakob Jóhann endaði í 30. sæti í 100 metra bringusundi á 1.02,86 mínútu, eða 3/10 úr sekúndu frá sínum besta tíma. Jakob Jóhann var 2,75 sekúndum á eftir fyrsta manni í sundinu.



**sport**

sport@frettabladid.is

**STEFÁN ARNARSON ÞJÁLFARI:** TELUR MÖGULEIKA U-20 ÁRA LANDSLIÐS KVENNA ÁGÆTA Í FORKEPPNI HM

# *Mikilvægt að skapa stelpunum góðan heimavöll*

U-20 ára kvennalandslið Íslands hefur leik í riðli sínum í forkeppni fyrir HM 20 ára landsliða í kvöld kl. 20.00 þegar Ísland mætir Ungverjalandi. Ísland leikur í riðli með Ungverjalandi, Írlandi, Serbíu og Búlgaríu og fara leikirnir allir fram í Digranesi dagana 19.-23. mars. Sigurlið riðilsins vinnur sér svo þátttökurétt á lokakeppni HM 20 ára landsliða sem fram fer í Makedóníu í ágúst.

Stefán Arnarson, þjálfari liðsins, kvað lið sitt eiga erfitt verkefni fyrir höndum en var bjartsýnn á gott gengi liðsins þegar Fréttablaðið tók stöðuna á honum í gær.

„Það fer náttúrulega bara eitt lið áfram og við erum að fara að mæta mjög sterkum og rótgrónum handboltaþjóðum eins og Ungverjalandi og Serbíu, þannig að þetta verður mjög erfitt og krefjandi verkefni en við erum með gott lið og stelpurnar eru ákveðnar að standa sig,“ sagði Stefán sem sér ákveðna möguleika í stöðunni fyrir íslenska liðið.



„Bæði Ungverjaland og Serbía eru með líkamlega sterkari og hávaxnari lið en við og ég er búinn að sjá nokkra leiki með þessum þjóðum, en á móti kemur þá tel ég að við séum með sprækara og hraðara lið og við munum reyna að keyra upp hraðann í leikjunum,“ sagði Stefán sem er ánægður með breiddina hjá íslenska liðinu.

„Við erum með átta leikmenn sem voru valdir í A-landsliðið á dögunum og þær hefðu jafnvel getað verið fleiri. Flestar stelpurnar í U-20 hópnum eru þegar orðnar burðarásar í sínum liðum í N1-deildinni og það er auðvitað jákvætt en í hópnum erum við líka með fimm stelpur sem eru líka löglegar með U-18 ára landsliðinu þannig að framtíðin er vissulega björt í kvennahandboltanum,“ sagði Stefán sem telur að stuðningur áhorfenda geti skipt sköpum um gengi liðsins.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að stelpurnar fái góðan stuðning áhorfenda og að Digranesið verði álvöru heimavöllur fyrir liðið og þetta verður vonandi flott umgjörð og skemmtilegur handbolti sem allir handboltaunnendur og aðrir ættu ekki að láta framhjá sér fara,“ sagði Stefán.



**AFTUR MEISTARI?** Ólafur Stefánsson vann Meistaradeildina með Ciudad Real árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dregið í handboltanum:

## Ciudad Real mætir HSV

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í undanúrslit Evrópukeppnanna í handbolta.

Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real mæta þýska liðinu Hamborg í undanúrslitum en í hinni viðureigninni mætast núverandi meistarar í Kiel og Barcelona. Ólafur og félagar unnu keppnina árið 2006 og flestir búast við því að þeir komist í úrslit nú gegn þýska liðinu Kiel.

Arnór Atlason og félagar í FCK eru í undanúrslitum í Evrópukeppni félagsliða en þar mun FCK mæta slóvenska liðinu Cimos Koper. Í hinni viðureigninni mætast spænska liðið Aragon og þýska liðið Nordhorn.

Í undanúrslitum Evrópukeppni bikarhafa eigast síðan við þýska liðið Rhein-Neckar Löwen, sem Guðjón Valur Sigurðsson hefur samið við, og spænska liðið Valladolid annars vegar og svissneska liðið Kadetten Schaffhausen og ungverska liðið Fotex Veszprém hins vegar.

- hbg

# Fjölnir og Þróttur verða klár með stúku í sumar

**Forráðamenn Fjölnis og Þróttar búast við því að geta tekið á móti áhorfendum í nýjum og endurbættum stúkum í sumar. Reykjavíkurborg hefur gefið grænt ljós á framkvæmdir sem eiga að vera klárar fyrir Íslandsmótið.**

**FÓTBOLTI** Vandamál Landsbankadeildarliðanna Fjölnis og Þróttar eru að leysast. Reykjavíkurborg hefur gefið grænt á ljós á framkvæmdir við stúkur félaganna og hefur lofað því að stúkurnar verði klárar fyrir sumarið. Reykjavíkurborg mun þess utan sjá um framkvæmdirnar.

Engin áhorfendaaðstaða er til staðar í Grafarvoginum, aðeins grasbrekka. Á þeim stað verður komið fyrir stúku með 500 sætum. Jón Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Fjölnis, sagði að grænt ljós hefði komið frá Reykjavíkurborg síðastliðinn föstudag sem og vilyrði fyrir því að stúkan yrði klár fyrir 15. maí þegar Fjölnir tekur á móti KR í fyrsta heimaleik sínum í Landsbankadeildinni.

Aðspurður áætlaði Jón að framkvæmdin kostaði á milli 20-25 milljónir króna. Hann sagði það einnig létti að Reykjavíkurborg myndi sjá um framkvæmdina í stað þeirra. Forsteyptum einingum verður komið fyrir í brekkunni og sæti skrúfuð ofan á það.

Ásmundur Vilhelmsson, framkvæmdastjóri Þróttar, segir mál Þróttara einnig vera í jákvæðum farvegi og allt bendi til þess að Valbjarnarvöllur geti tekið á móti áhorfendum 10. maí þegar Fjölnir kemur einmitt í heimsókn. Koma á fyrir um 600 sætum í stúkunni á Valbjarnarvelli sem og við hlið hennar.



**GRASIÐ VÍKUR FYRIR STEYPU** Á þessu svæði Fjölnismanna mun koma 500 manna stúka með sætum fyrir sumarið. Hún mun þó eflaust hrökkva skammt í fyrsta leik er KR mætir með alla sína stuðningsmenn í Grafarvoginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Völlurinn hefur verið í talsverðri niðurníðslu undanfarin ár og vallarsvæðið ekki huggulegt. Varamannaskýlin löngu úr sér gengin til að mynda en gömlu skýlin á Laugardalsvellinum munu flytjast upp á Valbjarnarvöll. Veitingaaðstaða hefur einnig verið bágborinn og Ásmundur segir að unnið verði í endurbótum á öllum þessum málum fyrir 10. maí.

Völlurinn sjálfur var tekinn upp að stórum hluta eftir síðasta sumar enda ansi illa farinn. Ásmundur sagði of snemmt að tjá sig um í hvaða ásigkomulagi völlurinn yrði 10. maí en sagðist vonast það besta.

henry@frettabladid.is



**BJARGVÆTTURINN** Kevin Keegan bindur miklar vonir við Michael Owen í harðri fallbaráttu Newcastle. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kevin Keegan, Newcastle:

## Owen enn frábær leikmaður

**FÓTBOLTI** Kevin Keegan, knattspyrnustjóri Newcastle, telur að Michael Owen sé enn þá sóknarmaður á heimsmælikvarða sem sé liði sínu mjög mikilvægur, sér í lagi á þessum síðustu og verstu tímum hjá Newcastle.

„Ég er gríðarlega ánægður með að vera með mann eins og Michael Owen í liði mínu og leiðtogahæfileikar hans og vinnusemi hafa verið fyrsta flokks síðan ég tók við liðinu. Fólk hefur verið að gagnrýna hann þar sem hann er stórt nafn í boltanum en hann hættir ekki að skora og er mjög sniðugur leikmaður sem er klárlega enn á heimsmælikvarða,“ sagði Keegan í viðtali á blaðamannafundi eftir 1-1 jafnteflisleik Newcastle gegn Birmingham í fyrrakvöld.

Hinn 28 ára gamli Owen hefur skorað sjö mörk í ensku úrvalsdeildinni til þessa en hann hefur, eins og oft áður, átt við meiðsli að stríða á tímabilinu.

- óþ






Úthlutað úr ferðasjóði íþróttafélaga í fyrsta skipti:

## Akureyringar fengu átta milljónir króna

**ÍÞRÓTTIR** Það var söguleg stund í Laugardalnum í gær þegar úthlutað var í fyrsta skipti úr ferðasjóði íþróttafélaga. ÍSÍ var um leið falin umsjón og umsýsla með sjóðnum.

Ríkið hefur þegar samþykkt að setja 180 milljónir króna í sjóðinn á þriggja ára tímabili. 30 milljónum er úthlutað fyrir árið 2007, 60 milljónir árið 2009 og loks 90 milljónir árið 2009.

Alls bárust 138 umsóknir í sjóðinn að þessu sinni. Heildarkostnaður umsókna var um 260 milljónir en heildarkostnaður styrkhæfra umsókna var ríflega 223 milljónir króna. Þess má geta að einungis ferðir sem töldu 150 km eða lengra, aðra leið, töldust styrkhæfar.

Íþróttabandalag Akureyrar fékk hæsta styrkinn að þessu sinni eða rúmlega átta milljónir króna, Vestmannaeyingar komu næstir með 3,7 milljónir. Lægsta styrkinn fékk Ungmenna- og íþróttasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga en þeir fengu í sinn hlut 7.613 krónur og fara eflaust ekki langt á því miðað við bensínverðið þessa dagana.



**SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, skrifa undir samning um ferðasjóðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

- hbg




# ÖFLUG NÝ FARTÖLVA SEM SAMEINAR GLÆSILEGA HÖNNUN OG NÝJUSTU TÆKNI

**Intel Core 2 Duo**
Nýjasti og einn öflugasti Santa Rosa Core 2 Duo örgjörvinn frá Intel með enn meiri hraða!

**LIMITED EDITION**
Margverðlaunuð fartölva hlaðin nýungum og einstakri hönnun í fáguðum tindrandi hvítum lit

**512MB 8600GT**
Nýjasta og öflugasta skjákortið í dag með 512MB sjálfstætt minni og 1.28GB Turbo Cache

**SJÓNVARPSKORT**
Innbyggt Digital sjónvarpskort með Media Center fjarstýringu sem geymist í rauf í tölvunni

**AÐEINS 2.6KG**
Fislétt og hlaðin tengjum eins og BlueTooth2.0, FireWire, HDMI, DVI, eSATA, kortalesara ofl.

**300Mbps DRAFT-N**
Nýjasti staðallinn í þráðlausu neti með 6x meiri hraða, 3x meiri drægni og áreiðanleika

- Intel Core 2 Duo T5750 2.0GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA Diamond View 8ms skjár
- 512MB GeForce 8600GT skjákort MEÐ HDMI
- 2.1 hátalarakerfi með innbyggðu bassaboxi
- 1.3MP hágæða vefmyndavél innbyggð
- Digital sjónvarpskort með MCE fjarstýringu
- Windows VISTA Home Premium

**139.900** VE36 **5.385** VE lán í 36 mánuði

ATHUGIÐ! RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁNAÐA

**OPIÐ TIL PÁSKA**
Í DAG 10:00 - 18:30
SKÍRDAGUR LOKAÐ
FÖSTUD. LANGI LOKAÐ
LAUGARD. 11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með 18.4% vöxtum, stimpil og lántökugjaldi innifaldu. Birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl



**UPP Í FYRRA** Stjörnumenn fögnuðu eftir úrslitakeppnina 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úrslitakeppni 1. deildar karla:

## Fjögur lið berjast um eitt sæti

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni 1. deildar karla hefst í kvöld en liðin í 2. til 5. sæti deildarkeppninnar keppa þar um að fylgja Breiðablik upp í Iceland Express-deildina. FSu og Haukar mætast í öðru einvíginu en Valur og Ármann/Þróttur í hinu.

FSu er sigurstranglegra gegn Haukum en FSu hefur unnið fjóra síðustu leiki sína með 27 stigum að meðaltali eða eftir að liðið fékk til sín Sævar Sigurmundsson.

Það er meiri spenna í hinu einvíginu þar sem miklar breytingar hafa orðið á liði Ármanns/Þróttar á síðustu vikum. Liðið hefur fengið Pétur Ingvarsson inn sem þjálfara og þá verður George Byrd með því í úrslitakeppninni sem er mikill liðstyrkur. Pétur hefur stjórnað liðinu í tveimur leikjum og byrjunin lofar góðu en liðið hefur unnið þá með samtals 66 stigum og skorað í þeim 109 stig að meðaltali í leik.

Valsmenn eru í úrslitakeppninni fimmta árið í röð og því ljóst að menn á Hlíðarenda eru orðnir þreyttir á að bíða eftir því að liðið komist aftur upp í úrvalsdeild. Valur vann báða leiki liðanna með einu stigi og það stefnir því í æsispennandi einvígi milli þessara liða.

- óój

# Aðeins eitt lið hefur komið til baka

**Haukar og Grindavík eru 13. og 14. liðið sem lendir 0-2 undir í úrslitakeppni í körfubolta og aðeins eitt af tólf liðum í þessari stöðu hefur komið til baka í sögunni. Þriðji leikur beggja einvíga fer fram í kvöld.**

**KÖRFUBOLTI** Deildarmeistarar Keflavíkur og nýliðar KR eru bæði aðeins einum sigri frá því að tryggja sér sæti í lokaúrslitum Iceland Express-deildar kvenna en þriðji leikurinn í undanúrslitaeinvígjunum fer fram í kvöld.

Keflavík tekur þá á móti Haukum á sama tíma og Grindavík heimsækir KR. Keflavík getur komist í lokaúrslitin sjötta árið í röð en KR-konur geta orðið fyrstu nýliðarnir í þrettán ár til þess að leika um Íslandsmeistaratitilinn, eða síðan að Breiðablik fór alla leið og varð meistari á sínu fyrsta ári vorið 1995.

Bæði lið Hauka og Grindavíkur þurfa að gera það sem hefur ekki gerst áður í vetur, Haukar þurfa að verða fyrsta liðið sem vinnur Keflavík á þeirra heimavelli í vetur (15 heimasigrar í röð) og Grindavík þarf að vinna sinn fyrsta sigur í DHL-Höllinni þar sem liðið hefur tapað öllum þremur leikjum sínum í vetur með átta stigum eða meira.

Ef litið er á söguna þá er útlitið ekki bjart fyrir lið Hauka og Grindavíkur því aðeins einu sinni í sextán ára sögu úrslitakeppni kvenna hefur lið unnið einvígi eftir að hafa lent 0-2 undir. Það var lið KR í úrslitaeinvíginu vorið 2002. KR tapaði þá fyrstu tveimur leikjunum í framlengingu en vann síðan þrjá leiki í röð. Í þessu liði KR var einmitt Hildur Sigurðardóttir sem er í ólíkri stöðu nú 2-0 yfir á móti bikarmeisturum Grindavíkur. Þetta er í 13. og 14. sinn sem lið komast í þessa slæmu stöðu og níu af 12 liðum hafa tapað þriðja leiknum í röð og dottið úr keppni. Tvö lið hafa unnið þriðja leikinn en tapað síðan þeim fjórða og umrætt KR-lið er síðan eina liðið sem hefur komið til baka og unnið þrjá leiki í röð.

Kesha Watson hefur verið frábær í fyrstu tveimur leikjum Keflavíkur og Hauka en hún hefur skorað 32 stig og gefið 8,5 stoðsendingar að meðaltali auk þess að setja niður tíu af 16 þriggja stiga skotum sínum. Keflavík er búið að skora 60 fleiri stig úr þriggja stiga skotum en Haukar, þar af setti liðið niður 51,9 prósent af 27 þriggja stiga skotum sínum í síðasta leik.

Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR, hefur verið frábær í fyrstu tveimur leikjum KR og Grindavíkur en hún hefur skorað 23,0 stig, tekið 13,0 fráköst og gefið 8,5 stoðsendingar að meðaltali í þeim.

Það er mikill munur á leikstjórnendum liðanna því á sama tíma hefur Joanna Skiba aðeins skorað 9,5 stig að meðaltali og bara hitt úr sjö af 30 skotum sínum. Grindavíkurliðið er með betri skotnýtingu en KR í þessum leikjum en hefur engu síður átt litla möguleika í báðum leikjum þar sem KR er búið að taka 32 fleiri fráköst en Grindavík, þar af 24 fleiri í sókn.

ooj@frettabladid.is



**FRÁBÆR** Hildur Sigurðardóttir hefur leikið frábærlega með KR gegn Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Í STUÐI** Kesha Watson hefur verið í miklu stuði með Keflavík gegn Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### HÆSTA FRAMLAGIÐ:

**Leikir Hauka og Keflavíkur:**

| | |
|---|---|
| TaKesha Watson, Keflavík | 37,0 |
| Telma Björk Fjalarsdóttir, Haukar | 27,5 |
| Susanne Biemer, Keflavík | 24,0 |
| Victoria Crawford, Haukar | 23,5 |
| Birna Valgarðsdóttir, Keflavík | 19,0 |
| Unnur Tara Jónsdóttir, Haukar | 16,0 |
| Kristrún Sigurjónsdóttir, Haukar | 15,5 |
| Hanna Hálfdanardóttir, Haukar | 11,0 |
| Margrét Kara Sturludóttir, Keflavík | 9,0 |
| Ragna Margrét Brynjarsd., Haukar | 9,0 |

**Leikir KR og Grindavíkur:**

| | |
|---|---|
| Tiffany Roberson, Grindavík | 28,0 |
| Hildur Sigurðardóttir, KR | 24,0 |
| Candace Futrell, KR | 22,0 |
| Sigrún Ámundadóttir, KR | 14,5 |
| Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, KR | 14,0 |
| Petrúnella Skúladóttir, Grindavík | 12,0 |
| Guðrún Ósk Ámundadóttir, KR | 10,0 |
| Helga Einarsdóttir, KR | 10,0 |
| Íris Sverrisdóttir, Grindavík | 9,0 |
| Jovana Lilja Stefánsd., Grindavík | 9,0 |
| Joanna Skiba, Grindavík | 9,0 |

LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**LAND ROVER FREELANDER diesel**
Nýskr: 04/2007, 2200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 12.000.
**Verð: 5.500.000**



**BMW M5**
Nýskr: 08/2005, 5000cc, 507 hestöfl, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 4.500.
**Verð: 10.350.000**



**L.R RANGE ROVER SPORT Supercharged**
Nýskr: 06/2006, 4200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 21.000.
**Verð: 10.100.000**



**BMW 320I Coupe**
Nýskr: 09/2007, 2000cc, 2 dyra, beinskiptur, svartur, ekinn 1.200.
**Verð: 4.900.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230



NORDIC PHOTOS/GETTY

**BJARTSÝNN** Rafa Benitez telur að lið sitt geti enn minnkað forskot toppliða ensku úrvalsdeildarinnar.

Rafa Benitez, stjóri Liverpool:

# Titilbaráttan ekki úr sögunni

**FÓTBOLTI** Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, er bjartsýnn á að lið sitt geti enn blandað sér í titilbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar eftir að hafa unnið fimm deildarleiki í röð.

„Það verður áhugavert að sjá hversu nálægt toppnum við eigum eftir að enda eftir alla gagnrýnina sem liðið hefur fengið á tímabilinu. Næstu þrjár til fjórar vikur eiga eftir að ráða miklu þar sem við spilum gegn Manchester United, Everton og Arsenal í deildinni. Ef til vill verður við komnir enn nær toppinum eftir þá leiki. Annars er best að vera ekkert að tjá sig of mikið um hlutina í þessu samhengi,“ sagði Benitez í viðtali við opinbera heimasíðu Liverpool í gær.

Liverpool er sem stendur átta stigum á eftir United og Arsenal þegar liðið á átta leiki eftir í deildinni. - óþ

Blindur Breti safnar peningum fyrir blindrahunda á sérstakan hátt í eina ótrúlega viku í komandi aprílmánuði:

# Sjö maraþon í sjö heimsálfum á sjö dögum

**FRJÁLSAR** Bretinn Dave Heeley er 50 ára gamall og hefur verið blindur frá 16 ára aldri eftir að hafa fæðst með augnsjúkdóm. Hann á örugglega eftir að komast í heimsfréttirnar á næstunni því kappinn ætlar að beita óvenjulegri aðferð til þess að safna peningum fyrir blindrahundum í Bretlandi.

Heeley hóf að hlaupa þegar hann var fertugur og hefur þegar safnað 200 þúsundum pundum með því að hlaupa maraþon. Nú ætlar þessi snaggaralegi Breti að gera enn betur því hann hefur safnað áheitum fyrir meira en milljón pund fyrir það sem hann ætlar að taka sér fyrir hendur í eina ótrúlega viku í byrjun apríl.

Heeley ætlar þá að hlaupa sjö maraþonhlaup á sjö dögum í sjö heimsálfum.

„Ég veit að ég verð alveg úrvinda eftir sjöunda maraþonið en ég ætla mér að klára London-maraþonið því það hefur sérstaka þýðingu þetta árið,“ segir Heeley sem byrjar á því að hlaupa á Falklandseyjum (Suðurskautið/Suður-atlantshafið) eina mínútu yfir miðnætti mánudaginn 7. apríl.

Hann mun síðan fljúga til Rio de Janeiro í Brasilíu (Suður-Ameríka) þar sem hann hleypur annað maraþon á sama degi. Næstu daga mun hann síðan hlaupa maraþonhlaup í Los Angeles (Norður-Ameríka), Sydney (Eyjaálfa), Dubai (Asía) og Túnis (Afríka) og endar síðan þessa ótrúlegu heimsferð sína með því að hlaupa Lundúnamaraþonið (Evrópa) 13. apríl.

„Vonandi þurfum við ekki að hafa áhyggjur af peningum næstu árin en það er mjög góð tilfinning að vita af því að peningarnir munu koma inn jafnóðum meðan ég hleyp,“ segir Heeley sem ætlar þó að skilja sinn blindrahund, þriggja ára blandaða þýska smalahundinn Wicksie, eftir heima. Þess í stað mun fylgja honum Malcolm Carr sem hleypur með honum allan tímann auk þess sem fjögurra manna stuðningslið fylgir þeim.

Heeley hefur samt ekki mestar áhyggjur af erfiðinu fram undan því hann óttast mest ferðalögin á milli keppnisstaðanna.

„Ég er ekki mikið fyrir að fljúga og hef mestar áhyggjur af þeim hluta. Ég er aldrei ánægðari en þegar flugvélin er komin með bæði hjólin á jörðina,“ sagði Heeley í léttum tón. - óój




**HRESS OG SKEMMTILEGUR** Dave Heeley sést hér í góðu skapi en fyrir aftan hann má sjá heimsferð hans á korti. NORDICPHOTOS/AFP

Argentínska goðsögnin ekki dauð úr öllum æðum:

# Maradona úthúðar tenniskappa

**ÍÞRÓTTIR** Argentínska goðsögnin Diego Armando Maradona hefur haft hægt um sig upp á síðkastið en hann lét heldur betur til sín taka á tennisleik í Argentínu í síðasta mánuði.

Þá gjörsamlega missti hann sig í stúkunni og hagaði sér eins og versta bulla á leik Ítalans Potito Starace og Argentínumannsins David Nalbandian. Maradona úthúðaði hinum ítalska Starace hvað eftir annað úr stúkunni með þeim afleiðingum að sá ítalski varð brjálaður og hótaði að brjóta tennurnar í Maradona með tennisspaðanum.

Starace þessi ólst upp í Napoli og var Maradona átrúnaðargoð hans á yngri árum. Hann hefur tekið goðið aftur í sátt eftir að Maradona sendi honum áritaða treyju og baðst afsökunar á hegðun sinni á leiknum. - hbg



**HRESS Í STÚKUNNI** Maradona sést hér kátur í stúkunni á leik Nalbandian og Starace sem hann úthúðaði. NORDIC PHOTOS/AFP



## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Stjarnan-Tindastóll 85-83**
**Stig Stjörnunnar:** Dimitar Karadzovski 21, Jovan Zdravevski 20 (10 frák.), Jarrett Stephens 13 (12 frák.), Kjartan Atli Kjartansson 13, Fannar Helgason 8, Sævar Haraldsson 8 (8 stoðs.), Ottó Þórsson 2.
**Stig Tindastóls:** Joshua Buettner 23 (12 frák.), Philip Perre 18 (8 frák., 8 stoð.), Ísak Einarsson 15, Svavar Birgisson 14, Samir Shaptahovic 13.

**KR-Skallagrímur 103-75**
**Stig KR:** JJ Sola 20, Joshua Helm 19, Brynjar Þór Björnsson 17, Avi Fogel 11, Helgi Már Magnússon 10, Darri Hilmarsson 8, Fannar Ólafsson 6, Skarphéðinn Ingason 6, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 5, Guðmundur Magnússon 1.
**Stig Skallagríms:** Darrell Flake 31, Florian Miftari 17, Milojica Zekovic 12, Allan Fall 7, Pétur Sigurðsson 6, Axel Kárason 2.

**Njarðvík-Grindavík 102-92**
**Stig Njarðvíkur:** Damon Bailey 25 (12 frák.), Hörður Axel Vilhjálmsson 21, Brenton Birmingham 18, Guðmundur Jónsson 13, Jóhann Árni Ólafsson 9, Sverrir Sverrisson 9, Friðrik Stefánsson 4, Egill Jónasson 3.
**Stig Grindavíkur:** Jamaal Williams 23, Adama Darboe 20, Páll Axel Vilbergsson 19, Helgí Jónas Guðfinnsson 7, Þorleifur Ólafsson 7, Páll Kristinsson 5, Davíð Hermannsson 2.

**Þór-Snæfell 88-78**
**Stig Þórs:** Cedric Isom 35, Luka Marolt 23, Óðinn Ásgeirsson 14, Robert Reed 7, Magnús Helgason 5, Hrafn Jóhannsson 2, Jón Orri Kristjánsson 2.
**Stig Snæfells:** Justin Shouse 19, Hlynur Bæringsson 16, Sigurður Þorvaldsson 13, Slobodan Subasic 11, Magni Hafsteinsson 11, Jón Jónsson 5, Árni Ásgeirsson 3.

**ÍR-Hamar 102-74**

**Keflavík-Fjölnir 93-58**
**Stig Keflavíkur:** Bobby Walker 22, Tommy Johnson 21, Anthony Susnjara 12 (11 frák.), Gunnar Einarsson 9, Arnar Freyr Jónsson 8, Magnús Gunnarsson 8, Sigurður Þorsteinsson 4, Vilhjálmur Steinarsson 4, Axel Margeirsson 3 Jón Nordal Hafsteinsson 2.
**Stig Fjölnis:** Anthony Drejaj 15, Þorsteinn Sverrisson 8, Níels Dungal 6, Valur Sigurðsson 6, Árni Jónsson 6, Sindri Kárason 5, Tryggvi Pálsson 5, Haukur Pálsson 4, Arnþór Guðmundsson 2.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Keflavík | 22 | 18 | 4 | 2014:1787 | 36 |
| **2. KR** | **22** | **17** | **5** | **2022:1858** | **34** |
| 3. Grindavík | 22 | 15 | 7 | 2040:1940 | 30 |
| **4. Njarðvík** | **22** | **14** | **8** | **2024:1810** | **28** |
| 5. Snæfell | 22 | 13 | 9 | 1916:1795 | 26 |
| **6. Skallagrímur** | **22** | **10** | **12** | **1824:1877** | **20** |
| 7. ÍR | 22 | 10 | 12 | 1924:1889 | 20 |
| **8. Þór A.** | **22** | **10** | **12** | **1940:2065** | **20** |
| 9. Stjarnan | 22 | 9 | 13 | 1840:1905 | 18 |
| **10. Tindastóll** | **22** | **8** | **14** | **1906:2035** | **16** |
| 11. Hamar | 22 | 4 | 18 | 1685:1877 | 8 |
| **12. Fjölnir** | **22** | **4** | **18** | **1694:1991** | **8** |



**Í KRÖPPUM DANSI** Sverrir Þór átti fínan leik gegn Grindavík. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Suðurnesjaslagur:

## Njarðvík tók fjórða sætið

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík tryggði sér fjórða sætið í Iceland Express-deild karla í körfuknattleik í kvöld er liðið sigraði nágranna sína úr Grindavík 102-92.

Grindvíkingar voru með forystuna, 19-23, eftir fyrsta leikhluta og staðan í leikhléi var 43-44. Njarðvíkingar byrjuðu seinni hálfleikinn gríðarlega vel og náðu sjö stiga forskoti, 55-48, áður. Njarðvík var ávallt með yfirhöndina, þökk sé Herði Axel Vilhjálmssyni og Sverri Þór sem sannaði enn og aftur að þar er á ferð einn albesti varnarmaður landsins.

Njarðvík leiddi fyrir síðasta leikhlutann 73-66. Fjórði leikhluti var lítt spennandi því Njarðvík var með öruggt forskot allan tímann.

Sverrir Þór Sverrisson, leikmaður Njarðvíkur, var nokkuð sáttur í leikslok. „Þetta var nokkuð gott á köflum. Seinni hálfleikurinn var mun betri heldur en sá fyrri og ég er ánægður með að ná fjórða sætinu úr því sem komið var. Annars finnst mér verst hvað er langt í úrslitakeppnina.“ - höþ

Stjörnumenn gerðu sitt en sátu eftir með sárt ennið þrátt fyrir sigur:

# Mjög hissa á því að Þór hafi unnið

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan vann 85-83 sigur á Tindastól í jöfnum og spennandi leik í Ásgarði en mesta spennan var þó eftir leikinn þegar Stjörnumenn biðu eftir fréttum af Akureyri. Þegar kom í ljós að Þórsarar hefðu unnið og komist í úrslitakeppnina mátti sjá vonbrigðin skína úr hverju andliti.

Nýliðarnir úr Garðabæ voru ótrúlega nálægt því að komast í úrslitakeppnina á sínu fyrsta tímabili en eru engu síður búnir að stimpla sig vel inn í deildina.

Fannar Freyr Helgason, fyrirliði Stjörnunnar, vildi líta á björtu hliðarnar eftir leik.

„Við erum klárlega nógu gott lið til þess að vera í úrslitakeppninni. Við erum búnir að vera í útlendingaveseni allt tímabilið og núna þegar við erum loksins komnir með almennilegan kana þá var það bara of seint. Ef að Jarrett og Jovan hefðu komið fyrr þá værum við meðal efstu fimm í deildinni,“ sagði Fannar Freyr eftir leikinn og bætti við. „Framhaldið verður fínt hjá Stjörnunni og þetta er komandi stórveldi,“ sagði Fannar.

Þjálfari hans, Bragi Magnússon, bjóst ekki við að Þór myndi vinna Snæfell. „Það er sorglegt fyrir okkur að hafa gert okkar og ég er mjög hissa á því að Þór skyldi hafa unnið. Ég bjóst við að Snæfellingar myndu fylgja eftir sínum góða árangri en það verður ekki tekið af Þór, þeir eru búnir að vinna marga leiki upp á síðkastið og eru vel að þessu komnir. Ég vona að þeir klári Keflavík og taki þetta bara af krafti fyrst að þeir fóru en ekki við,“ sagði Bragi Magnússon, þjálfari Stjörnunnar, eftir leik.

„Við erum enn þá að læra, bæði liðið og ég sem þjálfari. Þetta er okkar fyrsta tímabil og ég er klár á því að við getum orðið sterkari. Það var markmiðið frá upphafi að fara í úrslitakeppnina og við vorum bara hársbreidd frá því,“ sagði Bragi Magnússon. - óój



**SIGUR DUGÐI EKKI** Jovan Zdravevski og félagar lögðu Stólana í Garðabænum en það dugði ekki til þar sem Þór skellti Snæfelli óvænt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Guð hjálpaði Þórsurum

**Cedric Isom bað æðri máttarvöld um aðstoð við að leggja Snæfell og koma Þórsurum í úrslitakeppnina. Isom var bænheyrður. Sjálfur átti hann stórleik og Þór mun mæta deildarmeisturum Keflavíkur í úrslitakeppninni.**

**KÖRFUBOLTI** Þór frá Akureyri tryggði sér síðasta sætið í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í körfubolta eftir frækinn tíu stiga sigur á Snæfelli í gær, 88-78. Fyrir leikinn hafði Snæfell unnið níu leiki í röð auk þess sem þeir höfðu unnið Þór þrisvar í vetur, örugglega í öll skiptin.

Heimamenn voru ákveðnir í að selja sig dýrt fyrir framan troðfullan Síðuskóla í gær. Baráttan í upphafi leiks var mikil en hvorugt liðið spilaði vel. Þór tapaði mörgum boltum en léleg skotnýting einkenndi leik Snæfellinga. Sóknarleikur liðanna var ekki til útflutnings.

Þórsarar höfðu yfir framan af leiknum og leiddu með tíu stigum í hálfleik, 44-34. Spennustigið í leiknum var hátt enda var mikið undir fyrir heimamenn sem höfðu ekki komist í úrslitakeppnina í átta ár. Með sigri gátu þeir breytt því en það vottaði fyrir stressi í leikmönnum liðsins í síðari hálfleik.

Hálfleikurinn var eign eins manns, Þórsarans Cedric Isom. Hann skoraði átta stig í fyrri hálfleik en alls 27 í þeim seinni. Hann fór fyrir Þórsurum og var hreinlega allt í öllu hjá liðinu. Á ögurstundum reis hann upp og barði félaga sína áfram. Hann varði skot, náði fráköstum í vörn og sókn, gaf stoðsendingar og skoraði stigin.

Snæfellingar náðu að jafna leikinn og raunar komast yfir. Spennan var magnþrungin í lokaleikhlutanum en um miðbik hans var ljóst í hvað stefndi. Baráttuglampinn í augum Þórsara sást langar leiðir og svo fór að þeir tryggðu sér verðskuldaðan tíu stiga sigur, 88-78.



**BARÁTTA** Þórsarar fórnuðu sér í alla bolta í gær og uppskáru eins og þeir sáðu. PEDROMYNDIR.IS/ÞÓRIR TRYGGVASON

„Playoffs baby,“ öskraði Isom eftir að Þórsarar stigu villtan stríðsdans í leikslok. Hann var yfirburðamaður á vellinum en Robert Reed lék einnig vel. Hann hefur spilað sjö leiki fyrir Þór og hefur liðið unnið fimm þeirra. Isom viðurkenndi síðan að hafa beðið æðri máttarvöld um aðstoð fyrir leikinn.

„Ég hafði allan tímann trú á því að við myndum klára þetta. Ég bið til Guðs á hverjum degi og ég bað hann um að blessa okkur og hjálpa okkur að klára þetta. Við gerðum það. Við vorum með bakið uppvið vegg og við ætluðum svo sannarlega ekki að tapa fyrir þeim fjórða leiknum í röð svo við börðumst fyrir sigrinum,“ sagði Isom, sem var frábær. En hvað dreif hann áfram?

„Ég vildi ekki tapa þessum leik,“ sagði Isom og lagði áherslu á orð sín. „Þá hefði tímabilið verið búið. Þetta snýst um að komast í úrslitakeppnina og við getum unnið öll lið í deildinni. Við sýndum það hér. Persónulega þá er markmið mitt að vinna meistaratitilinn, það hefur verið markmið mitt síðan ég kom hingað,“ sagði Isom og undirstrikaði svo orð sín. „Það er ekki vafi að við getum orðið meistarar.“ - hþh



**MEISTARAR** Magnús Gunnarsson tekur hér á móti deildarbikarnum í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Iceland Express-deild karla:

## Keflavík fékk bikarinn

**KÖRFUBOLTI** Keflavík fékk í gær afhentan bikarinn fyrir að vera deildarmeistari í Iceland Express-deildinni. Keflavík vann Fjölni örugglega í lokaleik sínum.

Í gær varð einnig ljóst hvaða lið mætast í úrslitakeppninni. Keflavík mætir Þór sem tryggði sér óvænt sæti í úrslitakeppninni í gær með frábærum sigri á Snæfelli.

Það verður Reykjavíkurslagur hjá Íslandsmeistrum KR og ÍR. Rimma Grindavíkur og Skallagríms verður einnig áhugaverð.

Svo er svakaslagur í uppsiglingu á milli Njarðvíkur og Snæfells þar sem Njarðvík hefur heimavallarréttindi. - hbg

KR lagði Skallagrím að velli 103-75 í lokaumferð deildarkeppni Iceland Express-deildar karla í gærkvöld:

# Sigur Íslandsmeistara KR aldrei í hættu

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar KR sigruðu Skallagrím örugglega 103-75 í DHL-höllinni í gærkvöld og tryggðu sér þar með annað sæti deildarinnar.

KR-ingar lögðu grunninn að sigri sínum í gær með frábærum fyrsta leikhluta en liðið komst fljótlega í 14-2 á upphafsmínútunum og staðan var 34-17 eftir fyrsta leikhlutann. Sóknarleikur KR gekk eins og tölurnar gefa til kynna mjög vel og var þar liðsheildin sterk og margir til kallaðir. Skallagrímur kom aðeins til baka í öðrum leikhluta og staðan var orðin 53-38 þegar hálfleiksflautan gall, en Darrel Flake var allt í öllu hjá gestunum og skoraði 25 stig í fyrri hálfleik.

Íslandsmeistararnir stigu aftur upp í þriðja leikhluta og héldu gestunum alltaf í góðri fjarlægð og náðu mestum mun í stöðunni 91-61 um miðjan leikhlutann en staðan var 76-56 að honum loknum.

Í fjórða leikhluta var spurningin aðeins hversu stór sigur KR yrði en lokatölur urðu 103-75 og Skallagrímur átti í raun aldrei möguleika gegn sterkri liðsheild KR-inga en fimm leikmenn liðsins skoruðu meira en tíu stig og fóru þar Jeremiah Sola og Joshua Helm fremstir í flokki með 20 og 19 stig. Áðurnefndur Flake var yfirburðamaður hjá Skallagrím með 31 stig.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, var hæstánægður með leik sinna manna en að sama skapi var um sig með fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

„Þetta var sannfærandi sigur hjá okkur og mér fannst við hafa yfirburði nær allan tímann. Ég vildi í raun ekki að við myndum vinna of stórt því við erum stundum dálítið fljótir að gleyma okkur. Nú hefst úrslitakeppnin og við mætum stórhættulegu liði ÍR og menn verða að leggja sig alla fram í þeirri seríu, það er alveg á hreinu. Við höfum ekki átt okkar bestu leiki gegn liðum um miðja deild því menn leyfa sér að slaka aðeins á og það má ekki gerast,“ sagði Benedikt ákveðinn.

Kenneth Webb, þjálfari Skallagríms, tók hatt sinn ofan fyrir KR en varaði Grindavík við að nú byrjaði nýtt tímabil.

„Ég verð að játa það að það var greinilegur stigsmunur á okkar liði og KR í þessum leik en nú byrjar nýtt tímabil með úrslitakeppninni og við ætlum að mæta klárir í leikina gegn Grindavík,“ sagði Webb. - óþ



**TVEIR GÓÐIR** Jeremiah Sola og Joshua Helm voru atkvæðamestir KR-inga í gær og eru tilbúnir í úrslitakeppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR




KLIPPIÐ HÉR!

**Gullnu reglur Græna ljóssins**

**1 Ekkert hlé** Myndin sýnd í einum rykk

**2 Minna af auglýsingum** Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3 Engin truflun** Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bíóklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga

## > Pamela Anderson

Pamela var fyrst „uppgötvuð“ þegar hún var áhorfandi á leik BC Lions í kanadísku ruðningsdeildinni og birtist þar á risaskjá vallarins. Síðan þá eru hins vegar liðnar þó nokkuð margar lýtaaðgerðir. Pamela leikur í hinni hryllilegu Scary Movie 3 sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON HEFUR ALLT Á HORNUM SÉR

# *Hvað varð um sjónvarpsdagskrána?!*

„Engar íþróttir í kvöld, nú horfum við á eitthvað skemmtilegt, einhvern skemmtilegan þátt,“ sagði húsfreyjan. Öskrin frá íþróttaþulnum höfðu gnæft yfir símtalið um landsins gagn og nauðsynjar og húsfreyjan, af sinni alkunnu stóísku ró, taldi nóg komið. Sjálfsagt, föstudags- og laugardagskvöldum á ekki að eyða í að horfa á framandi fótboltakappa keppa sín á milli.

En viti menn. Eftir að hafa flakkað á milli stöðva eins og óður maður, leitað logandi ljósi að einhverju vitrænu, skemmtilegu, hasarkenndu eða fyndnu, þá gafst húsbóndinn upp. Ekkert í sjónvarpinu, var niðurstaðan. Nema þá íþróttir, upptökur frá gömlum leikjum, golf, póker og þaðan af verra. Húsfreyjan gaf sig ekki, taldi sig nú hafa lesið að það væri eitthvað afskaplega spennandi á einni einkareknu stöðinni. Því miður reyndist það vera afar slæm, hreinlega vond, kvikmynd. Hið svokallaða hlaðborð annarra sjónvarpsstöðva minnti einna helst á misheppnað fermingarboð þar sem gestgjafinn gerði ráð fyrir að allir gestir fengju sér einu sinni á diskinn og hypjuðu sér síðan í aðra fermingarveislu. Eitthvað sem enginn vill lenda í en allir kannast við.

Og að lokum gafst húsfreyjan upp. Íþróttaþulurinn tók gleði sína á ný og jók ef eitthvað er á kraftinn í röddinni. Inni á baðherberginu heyrðist renna í bað, andvarp og loks uppgjöf en einhvers staðar í fjarska mátti heyra bölvað: „HVAÐ VARÐ AF SJÓNVARPSDAGSKRÁNNI?!“



**VONT** Kannski væri sniðugt hjá íslenskum sjónvarpsstöðvum að kvelja áhorfendur sína með frammistöðu Paris Hilton á hvíta tjaldinu.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30** Racing-Getafe
STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.55** Tottenham-Chelsea
STÖÐ 2 SPORT 3



▶ **20.10** Less Than Perfect
SKJÁR EINN



▶ **21.05** The Closer STÖÐ 2



▶ **23.25** Intolerable Cruelty
SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Kappflugið í himingeimnum** e.

**17.55 Alda og Bára**

**18.00 Disneystundin**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Ljóta Betty** Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.

**21.10 Martin læknir** Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Maríumyndir** (Picturing Mary) Bandarísk heimildamynd um Maríu mey í myndlistarsögunni.

▶**23.25 Óbærileg grimmd** (Intolerable Cruelty) Bandarísk bíómynd frá 2003. Kona giftist kvensömum lögfræðingi í Beverly Hills og ætlar sér að græða fúlgur fjár á því að skilja við hann. Leikstjóri er Joel Coen og meðal leikenda eru George Clooney, Catherine Zeta-Jones, Geoffrey Rush og Billy Bob Thornton. e.

**01.00 Kastljós**

**01.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Scary Movie 3**

**08.00 Charlie and the Chocolate Factory**

**10.00 To Walk with Lions**

**12.00 The Family Stone**

**14.00 Charlie and the Chocolate Factory**

**16.00 To Walk with Lions**

**18.00 The Family Stone**

**20.00 Scary Movie 3**

**22.00 Die Hard** Fyrsta myndin í þessum sígilda spennumyndaflokki.

**00.10 Spartan**

**02.00 Hellraiser. Inferno**

**04.00 Die Hard**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Litlu Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

**08.10 Oprah** (64-Year-Old Grandma Who Posed Nude)

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Studio 60** (17:22)

**11.15 60 minutes**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Sisters** (6:24)

**13.55 Tískulöggurnar** (4:6)

**14.45 ´Til Death** (17:22)

**15.10 Grey´s Anatomy** (9:9)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Skrímslaspilið, Batman, Könnuðurinn Dóra, Refurinn Pablo, Tracey McBean Leyfð öllum aldurshópum.

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag og íþróttir**

**19.30 The Simpsons** (10:22)

**19.55 Friends** (6:24) (Vinir 8)

**20.20 Gossip Girl** (11:13) Einn heitasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York, gerður af hinum sömu og gerðu The O.C. 2007.

▶**21.05 The Closer** (15:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum.

**21.50 Nip/Tuck** (9:14) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**22.35 Oprah** (America´s Toughest Matchmaker Plus Katherine Heigl)

**23.20 Grey´s Anatomy** (10:36)

**00.05 Kompás**

**00.40 Sleeping with The Enemy**

**02.15 Consequence**

**03.50 Tremors 4. The Legend Begins**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**17.20 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

**17.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**18.45 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

▶**19.30 Spænska bikarkeppnin** Bein útsending frá leik Racing og Getafe í spænsku bikarkeppninni.

**21.30 Nation on Film - Sir Bobby Remembers Munich** Seinni heimildarmyndin um Munich slysið hræðilega en í ár eru 50 ár liðin frá hinu hörmulega slysi. Í þessari mynd ræðir Sir Bobby Charlton slysið frá sínu sjónarhorni og ræðir meðal annars um þá leikmenn sem létust í slysinu.

**22.00 Formúla 1** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

**22.40 Spænska bikarkeppnin** Útsending frá leik Racing og Getafe í spænsku bikarkeppninni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.10 West Ham - Blackburn**

**17.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**18.20 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**18.50 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**19.50 Man. Utd. - Bolton** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Tottenham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

**21.50 4 4 2**

**23.10 Tottenham - Chelsea**

**00.50 Man. Utd. - Bolton**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**15.25 Vörutorg**

**16.25 All of Us**

**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)

**17.45 Rachael Ray**

**18.30 Jay Leno** (e)

**19.15 Spice Girls. Giving you Everything** (e)

▶**20.10 Less Than Perfect** (1:13) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Hún er orðin vön því að fást við snobbaða samstarfsmenn sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við hana. Aðalhlutverkin leika Sara Rue, Andrea Parker, Andy Dick, Eric Roberts og Patrick Warburton.

**20.35 Fyrstu skrefin** (7:12) Frábær þáttaröð um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverkum foreldra og annarra aðstandenda. Að þessu sinni verður fjalalð um einstæða foreldra. Hvernig er að ala upp barnið sitt einn? Annars vegar er rætt við móður sem býr í sama húsi og afinn og amman og hins vegar við móður sem býr erlendis og fjarri ættingjum. Þá verður einnig litið í heimsókn til íslenskrar fjölskyldu í Lúxemborg.

**21.00 America's Next Top Model** (4:13)

**21.50 The Dead Zone (11.11) - Lokaþáttur** Fjórða þáttaröðin um Johnny Smith, kennarann sem lá í dái í sex ár og vaknaði með ótrúlega hæfileika. Hann sér framtíð þeirra sem hann snertir og þarf oftar en ekki að grípa í taumana og bjarga lífi og limum viðkomandi.

**22.40 Jay Leno**

**23.25 Boston Legal** (e)

**00.15 Life** (e)

**01.05 Vörutorg**

**02.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 3 KL. 19.40

### Barcelona - Valencia

Bein útsending frá leik Valencia og Barcelona í spænsku bikarkeppninni en hlutskipti þessara liða í spænsku deildinni er afar ólíkt. Það hefur hvorki gengið né rekið hjá Valencia og ástandið hefur varla batnað síðan Ronald Koeman tók við liðinu. Aftur á móti hefur Barcelona verið að hressast og náð að saxa á forystu Real Madrid í deildinni á undanförnum vikum. Liðið er einnig komið í 8 liða úrslit Meistaradeildarinnar þannig að liðið á möguleika á öllum þremur titlunum á leiktíðinni.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Man. Utd. - Bolton

**Stöð 2 Sport kl. 19.50**

Mikil boltaveisla fer fram á öllum rásum Stöð 2 Sports í kvöld. Þessi leikur er líklegast einn af þeim mikilvægustu en með sigri í kvöld nær Manchester United þriggja stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Dýrð í hæstum hæðum
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Í lestarferð um japanskar bókmenntir
**23.00** Gárur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**17.25 Comedy Inc.** (7:22)
**17.50 American Dad** (4:23)
**18.10 Young, Sexy and...**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 The War at Home**
**20.25 Comedy Inc.** (7:22)
**20.50 American Dad** (4:23) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur
**21.10 Young, Sexy and...**
**22.00 Shark** (2:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma.
**22.45 Wildfire** (13:13)
**23.30 Totally Frank** (25:26)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall í anda samræðna kvenna á kvennaklósetti. Björk Jakobsdóttir og Sólveig Eiríksdóttir kíkja við ásamt leynigesti.
**21.00 Mörður** Umsjónarmaður er Mörður Árnasson. Hann fær til sín gesti, ræðir stjórnmál og önnur hugðarefni.
**21.30 Hvernig er heilsan?** Guðjón Bergmann ræðir við gest sinn um heilsu, heilbrigði og lífsviðhorf.

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Ha' det godt **11.35** Diagnose s¢ges **12.00** Kender du typen? **12.30** Det lille hus på prærien **13.20** Med andre ¢jne **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** Kim Possible **16.30** Shanes verden **16.55** Tjulahop - Jessica **17.00** Pippi Langstr¢mpe **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Rig ved et tilfælde **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Diagnose s¢ges **19.30** Og det var Danmark... **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Jorden rundt i 80 dage **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Dommer under anklage **23.50** Godt arbejde **0.20** Lær - på livet l¢s

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Eksistens **11.40** Ti år med Tony Blair **12.40** Vi redder verden - etter kaffen **13.10** Presidenten **13.50** Tom og Jerry **14.00** Utfordringen **14.30** Ping-pong **14.55** Biomangfold **15.05** H2O **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Skispor fra fortiden 16.55 Nyheter på tegnspråk **17.00** Barne-tv **17.15** Naturbarna **17.25** Doktor De Soto **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Påsken¢tter **18.45** Antarktis - en eventyrlig reise **19.15** H.K.H. Kronprinsesse Mette-Marits salmer til styrke og **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.25** Hva skjedde med ekteparet Delany? **21.55** L¢sning påsken¢tter **22.00** Kveldsnytt **22.15** Hva skjedde med ekteparet Delany? **23.05** The Wire **0.00** Ruiner og limousiner **0.30** Du skal h¢re mye jukeboks

## SVT 1

**12.50** En dans med dej **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Packat & klart **16.30** Krokodill **17.00** Bolibompa **17.10** Livet på landet **17.20** Bella och Gustav **17.30** Hjärnkontoret **17.55** Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer **18.00** Olivia i mitten **18.15** Planet Sketch **18.25** Owl **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Tv-stjärnan **20.30** Morgonsoffan **21.00** The Tudors **21.55** Om kärlek **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.25** Häxdansen **23.10** Konståkning: VM **0.10** Babel





*„Ég ætla að fara vestur á Ísafjörð og syngja með karlakórnum Erni á hátíðinni Aldrei fór ég suður. Ég efast um að ég komi mikið meiru í verk um páskana, enda er þetta fullt verk.“*

Óttarr Proppé tónlistarmaður.

# Farsímar og hringar í páskaeggjunum

Þótt flestir fái málshætti þegar súkkulaðipáskaeggin verða opnuð á sunnudagsmorgun á eflaust einhverjum eftir að bregða í brún. Nokkrir tugir Íslendinga hafa að sögn páskaeggjaframleiðenda komið ýmsu fyrir í eggjunum; trúlofunarhringjum, sérvöldum málsháttum og jafnvel farsímum. „Hjá okkur er alltaf eitthvað um svoleiðis og það eru aðallega skartgripir og símar sem rata í eggin,“ segir Hannes Helgason hjá Góu í Hafnarfirði. Hann bætir því við að starfsfólk Góu taki alltaf vel í slíkar bónir og rukki ekkert aukalega fyrir slíka þjónustu.

Kristján Geir Gunnarsson, markaðsstjóri hjá Nóa-Síríusi, segir að það sé alltaf um einhverjar tækifærisgjafir að ræða hjá fólki. Kristján hafði tölurnar ekki alveg á reiðum höndum en taldi þetta vera á milli tíu og tuttugu bónir á ári hverju. Líkt og hjá Góu væru það farsímar og hringar sem nytu hvað mestra vinsælda og svo heimagerðir málshættir.

Ævar Guðmundsson hjá Freyju sagði að algengast væri að fólk sæi um þetta sjálft. En þó kæmu alltaf einn og einn og bæðu starfsfólkið um að lauma óvæntum gjöfum inn í eggin. „Fyrirtæki hafa líka verið dugleg að koma með málshætti og setja þau inn í eggin handa starfsfólki sínu,“ segir Ævar og bætti því við að páskaeggjasalan væri með mesta móti þetta árið.

- fgg



**ÓVÆNTUR GLAÐNINGUR** Ævar Guðmundsson hjá Freyju sagði að páskaeggjasalan væri með besta móti þetta árið. Alltaf er nokkuð um að fólk laumi óvæntum gjöfum í eggin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** elds **6.** rykkorn **8.** hryggur **9.** ferningur **11.** ung **12.** bragsmiður **14.** hégómi **16.** ólæti **17.** þrí **18.** niður **20.** stefna **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal **3.** í röð **4.** jarðbrú **5.** móða **7.** starfræksla **10.** þjófnaður **13.** hlé **15.** naga **16.** flana **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** báls, **6.** ar, **8.** bak, **9.** fer, **11.** ný, **12.** skáld, **14.** snobb, **16.** at, **17.** trí, **18.** suð, **20.** út, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** áb, **4.** landbrú, **5.** ský, **7.** rekstur, **10.** rán, **13.** lot, **15.** bíta, **16.** asa, **19.** ðð.

Fjalakötturinn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík

Aðalstræti 16, sími 514 6060

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

EGGERT KRISTINSSON: FYRSTI TROMMARI HLJÓMA SNÝR AFTUR

# Ég er ekki Pete Best Íslands

Félag tónskálda og textahöfunda býður nú félagsmönnum sínum og öðrum upp á spennandi ferð til Liverpool. Farið verður á slóðir Bítlanna og á tónleika Pauls McCartney á Anfield. Fyrir marga verður hápunktur ferðarinnar þó eflaust að sjá „íslensku Bítlana“ í Hljómum taka lagið í hinum fræga Cavern klúbbi, eða vandlega endurreistri útgáfu hans. Þar spiluðu Hljómar síðast árið 1964.

„Á sínum tíma fórum við þangað í pílagrímsferð og það var mikið ævintýri,“ segir Eggert Kristinsson, frumtrommari Hljóma. Hann snýr nú aftur og spilar með Gunnari, Rúnari og Erlingi í Liverpool. „Við mættum nú bara óundirbúið í klúbbinn og töluðum við framkvæmdastjórann. Hann leyfði okkur að spila í hálftíma. Strákarnir voru í glænýjum bítlajökkum sem þeir voru nýbúnir að kaupa sér. Ég hafði ekki keypt mér bítlajakka því ég var búinn að ákveða að hætta í hljómsveitinni og fara í viðskiptanám í London. Þetta voru síðustu tónleikarnir mínir með Hljómum.“

Eggert segist aldrei hafa séð eftir því að hætta í Hljómum. „Nei nei, ég er alls ekki einhver Pete Best Íslands,“ segir hann og hlær. „Ég valdi mér bara aðra stefnu í lífinu. Ég var búinn að spila síðan ég var 14 ára, í einhver sex til átta ár þegar hér var komið við sögu, og var bara orðinn mettur. Ég fylgdist náttúrlega með strákunum en var alltaf mjög sáttur með ákvörðun mína þrátt fyrir uppgang sveitarinnar.“

Eggert skiptir mun meira máli í sögu Hljóma en að hafa bara verið fyrsti trommarinn. Hann fann upp á nafninu og kom strákunum á bragðið með Bítlana. „Ég hafði verið í enskunámi í Bournemouth á Englandi árið 1963 og þangað komu Bítlarnir og spiluðu í litlum klúbbi. Þetta var nú bara venjuleg hljómsveit þá, en manni fannst þetta samt vera kraftmiklir strákar. Síðar sá ég fyrstu Bítlaplötuna heima hjá Rúnari og stakk upp á því við strákana að við æfðum lögin þeirra. Þegar bítlaæðið skall á vorum við búnir að forskot á aðra og urðum ósjálfrátt aðal bandið. Seinna sá ég Bítlana aftur í London, fyrir jólin 1964. Þá voru þeir orðnir heimsfrægir. Yardbirds hituðu upp og það var mikið öskrað, en þegar Bítlarnir komu á svið hækkaði verulega í píunum og maður heyrði eiginlega ekki neitt.“

Viðskiptanámið nýttist Eggerti og hann starfaði við fagið þar til fyrir þrem árum þegar hann svissaði yfir í handverkið og fór að vinna við smíðar. „Ég hélt alltaf áfram að tromma. Er til dæmis núna í Tíglunum sem spila tvisvar á ári hjá dansklúbbnum Laufið. Það er hjónaklúbbur sem skemmtir sér án áfengis. Þar áður var ég í Nátthröfnum.“

Og Eggert er ekki í neinum vafa um að það verður stór stund að snúa aftur í kjallaraholuna í Liverpool. Hina sögulega mikilvægu kjallaraholu. „Það verður eflaust gaman. Ég spurði Gunna Þórðar hvort við ættum ekki að taka nokkrar æfingar og hann svaraði að fyrst ég hefði spilað þetta einu sinni þá hlyti ég kunna þetta ennþá.“

gunnarh@frettabladid.is



**SÁ ALDREI EFTIR AÐ HÆTTA** Eggert Kristinsson, frumtrommari Hljóma. Hann spilar með sveitinni í Cavern-klúbbnum í vor, 44 árum eftir að sveitin lék þar fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HLJÓMAR Í CAVERN-KLÚBBNUM 1964** Allir í Bítlajökkum nema Eggert sem er kominn í viðskiptanámið í huganum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hin mjög svo skelegga **Þórunn Sigurðardóttir** lætur af störfum eftir nokkra mánuði sem stjórnandi Listahátíðar. Víst er að enginn skortur er á verkefnum þegar Þórunn er annars vegar og nýlega var hún mynstruð um borð í Fálkaorðunefndina – umdeilda nefnd en víst er að Þórunn kveinkar sér ekki undan því að standa í ólgusjó en listamenn horfa til þess bjartari augum en áður að fá eins og eina orðu fyrir fórnfúst starf.



Heldur hefur sljákkað í hráslagalegum húmoristum á Netinu sem fyrir nokkru slógu sér á brjóst og vitnuðu í orð sín fyrir ári eða tveimur þess efnis að krónan og markaðurinn væru að fara til fjandans. Þeir sjá fram á að ástandið kunni að bíta í rassinn á þeim sjálfum og svo mjög að enginn er til að benda á þá neyðarlegu staðreynd að nýverið fóru **Geir H. Haarde** forsætisráðherra og **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** utanríkisráðherra um heimsins koppagrundir, ræddu við erlenda sérfræðinga og bentu á að íslenskt efnahagslíf stæði traustum fótum. Þau tvö vona líklega að skammtímaminni viðmælenda sinna sé með versta móti.

**Unnur Ösp Stefánsdóttir** og **Björn Thors** tóku við hlutverkum **Gísla Arnar Garðarssonar** og **Nínu Daggar Filippusdóttur** í Hamskiptunum í London fyrir jól. Þau hafa fengið frábærar viðtökur bæði hjá gagnrýnendum og áhorfendum og hefur samningur þeirra við Lyric Hammersmith verið framlengdur. - jbg



Frábær Fermingargjöf
Þessi sér um að vekja þarft að fara framúr til að slökkva á henni!
MAGNAÐASTA VEKJARAKLUKKA
ALLRA TÍMA
Fæst Hjá
iRobot ehf.
Hólshraun 7, 220 Hfj. S. 555 2585
Irobot.is
Max
Og hjá
Byggt og Búið
í Smáralind og Kringlu.

# Bubbi styður AA-útvarpið

„Ég er sjálfur alltaf með stillt á útvarpsstöðina í bílnum og mér er það því sársaukalaust að leggja mitt af mörkum,“ segir Bubbi Morthens, en hann mun spila ásamt fleiri valinkunnum einstaklingum á styrktartónleikum útvarpstöðvarinnar XA Radíó. Útvarpsstöðin er einstök að því leyti að þar er engin tónlist spiluð og engar auglýsingar lesnar. Dagskráin samanstendur af samtölum við erlenda félaga margvíslegra AA-samtaka. Íslenska dagskráin er hins vegar að öllu leyti byggð upp á lestri úr AA-bókinni. Markmið tónleikanna er að safna fyrir nýjum sendi fyrir Suðurland en hingað til hefur verið hægt að ná dagskrá stöðvarinnar á öllu Faxaflóasvæðinu á tíðninni Fm 88,5 og í Eyjafirði og Akureyri á FM 87,9.

Bubbi segir að útvarpsstöðin hafi verið í loftinu í dágóðan tíma og að útsendingar hennar eigi svo sannarlega rétt á sér. „AA-bókin hefur bjargað lífi þúsunda manna og mér finnst það algjörlega þess virði að leggja þessu málefni lið,“ segir Bubbi en meðal annarra sem koma fram eru Páll Óskar Hjálmtýsson, KK, Ellen Kristjánsdóttir, Einar Ágúst og Ragnheiður Gröndal. Tónleikarnir verða í Háskólabíói á föstudaginn langa og hefjast strax að lokinni afmælisstund samtakanna í Laugardalshöll eða klukkan 22.

- fgg



**EINAR ÁGÚST** Tekur lagið í Háskólabíói.



**ÞARFUR SENDIR** Bubbi Morthens syngur á styrktartónleikum útvarpsstöðvarinnar XA Radíó. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Komdu og upplifðu veröld hvíldar



Fermingartilboð
**Chiro Standard**
120 x 200 cm
82.900 kr.
*Dýna, leðurklæddur botn og lappir*



Rúmumgjörð
**Super Z TM-Line**
180 x 200 cm
152.800 kr.
*Gafl og rammi í svörtum ask*



Stillanlegt rúm
**Gravity Zero PT**
2 x 90 x 200 cm
693.910 kr.
*Aukahlutir á mynd: náttborð og heilsukoddar*



Svefnsófatilboð
**Senseo - svefnsófi**
Dýna: 140 x 200 cm
179.900 kr.
*Mikið úrval*

**Betra BAK**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18  Laugardaga frá kl. 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
**Þórhildar Elínar Elínardóttur**

## *Efniviður framtíðar*

Veröldin er gerð úr frumeindum, óteljandi mörgum lífseigum snifsum sem mynda allt efni sem er; jörð og loft, himin og haf, plöntur, dýr og okkur. Efnið er orka sem ekki eyðist heldur umbreytist í annað þegar hún sundrast. Ferlið tekur töluverðan tíma, en að lokum hafa frumeindirnar í einhverri mynd dreifst um alheiminn og orðið að öðru. Þannig eru allir menn að hluta til meðal annars gerðir úr frumeindum fólks sem safnaðist til mæðra sinna fyrir lifandis löngu. Sjálf kýs ég til dæmis að vera að dálitlu leyti búin til úr Hallgerði langbrók, Leonardo da Vinci og Kleópötru því það er svo hollt fyrir sjálfstraustið.

**ÞETTA** með frumeindirnar gildir sama hverrar trúar fólk kann að vera, hvort sem menn vita sig eftir dauðann fara til himnaríkis eða ekki lengra en undir græna torfu. Í öllu falli umbreytist hinn efnislegi hluti okkar að lokum og myndar til dæmis það fólk sem á eftir kemur. Það er að segja ef það kemur. Því með sama áframhaldi leggjum við daglega grunninn að því að kynslóðir framtíðarinnar verði færri en annars hefði orðið, þó að sumir þráist við að viðurkenna eigin ábyrgðarskyldu. Vitaskuld er full ástæða til að hafa áhyggjur af efnahagsástandinu og íslensku krónunni, en trúlega er veröldinni mun meiri hætta búin af mengun og loftslagsbreytingum.

**UMHVERFISVITUNDIN** er ennþá mun fallegri í auglýsingum en raunverulega lífinu þar sem svo óendanlega mörg önnur verkefni æpa og veina á tafarlausa athygli. Heimurinn hefur líka komist svo prýðilega af hingað til án allra tískuorða eins og kolefnisjöfnunar sem enginn man hvort eð er hvað þýðir. Þetta hlýtur að reddast áfram, er það ekki? Var ekki líka einhver að segja að bráðnun jöklanna stafaði bara af náttúrulegum hitasveiflum?

**ÞAÐ** er óþægilegt að hugsa mikið um stóru vandamálin. Þau eiga það nefnilega sameiginlegt að vera flókin úrlausnar og krefjast þátttöku fjöldans. Fyrsta skrefið er samt alveg hægt að taka upp á eigin spýtur og felst einfaldlega í því að taka afstöðu. Hver og einn getur alveg örugglega lagt sína litlu teskeiðarfylli af mörkum án þess að umbylta tilverunni. Því meðan klukkan tifar halda höfin annars áfram að fyllast af rusli og jöklarnir að bráðna.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 19. mars, 79. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.31 | 13.25 | 19.41 |
| Akureyri | 7.15 | 13.20 | 19.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |